There shall be established a foundation to be known as the United States Educational Foundation in Iceland (hereinafter designated „the Foundation“), which shall be recognized by the Government of the United States of America and the Government of Iceland as an organization created and established to facilitate the administration of an educational program to be financed by funds made available to the Foundation by the Government of the United States from funds obtained from the Government of Iceland and held or available for expenditure by the United States for such purpose.

Except as provided in Article 3 hereof the Foundation shall be exempt from the domestic and local laws of the United States of America as they relate to the use and expenditure of currencies and credits for currencies for the purposes set forth in the present agreement. The funds shall be regarded in Iceland as property of a foreign government.

**12** Fé, sem lagt verður fram samkvæmt 27. febr. samningi þessum skal stofnunin eða hver sá aðili, sem ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna kunna að koma sér saman um, nota, með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem greinir hér á eftir, samkvæmt því, sem fram er tekið í lið 32 (b) í „U.S. Surplus Property Act“ frá 1944, með breytingum, til þess að:

1. greiða kostnað við nám, rannsóknir, kennslu og aðra fræðslustarfsemi, sem borgarar Bandaríkjanna rækja eða stunda í æðri skólum og menntastofnunum á Íslandi, eða íslenskir ríkisborgarar rækja eða stunda í bandarískum æðri skólum og menntastofnunum utan Bandaríkjanna, Hawaiiþeyja, Alaska (þar með taldar Aleutianeyjar), Puerto Rico og Virgineyja, þar með talinn ferðakostnað, kennslugjöld, dvalarkostnað og annan kostnað, sem fræðslustarfsemi fylgir; eða
2. að greiða ferðakostnað fyrir íslenska ríkisborgara, sem óska að sækja æðri skóla og menntastofnanir á meginlandi Bandaríkjanna, Hawaiiþeyjum, Alaska (þar með taldar Aleutianeyjar), Puerto Rico og Virgineyjum, þó þannig, að námsdövl þeirra þar svipti ekki ríkisborgara Bandaríkjanna tækifæri til að sækja þessa sömu skóla og menntastofnanir.

## 2. gr.

Til að vinna að þessum tilgangi, er stofnuninni heimilt, innan takmarka þessa samnings, að gera allar þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til þess að tilgangi samningsins verði náð, þar með talið eftirfarandi:

1. að undirbúa, skipuleggja, samþykkja og framkvæma áætlanir í samræmi við tilgang 32 (b) liðar í „U.S. Surplus Property Act“ frá 1944, með breytingum, og tilgang þessa samnings.

The funds made available under the present agreement, within the conditions and limitations hereinafter set forth, shall be used by the Foundation or such other instrumentality as may be agreed upon by the Government of the United States of America and the Government of Iceland, for the purposes, as set forth in Section 32(b) of the United States Surplus Property Act of 1944, as amended, of

- (1) financing studies, research, instruction, and other educational activities of or for citizens of the United States of America in schools and institutions of higher learning located in Iceland, or of the citizens of Iceland in United States schools and institutions of higher learning located outside the continental United States, Hawaii, Alaska (including the Aleutian Islands), Puerto Rico, and the Virgin Islands, including payment for transportation, tuition, maintenance, and other expenses incident to scholastic activities; or
- (2) furnishing transportation for citizens of Iceland who desire to attend United States schools and institutions of higher learning in the continental United States, Hawaii, Alaska (including the Aleutian Islands), Puerto Rico, and the Virgin Islands and whose attendance will not deprive citizens of the United States of an opportunity to attend such schools and institutions.

## Article 2

In furtherance of the aforementioned purposes, the Foundation may, subject to the provisions of the present agreement, exercise all powers necessary to the carrying out of the purposes of the present agreement, including the following:

- (1) Plan, adopt and carry out programs in accordance with the purposes of Section 32 (b) of the United States Surplus Property Act of 1944, as amended, and the purposes of the present agreement.

2. að mæla með námsmönnum, háskóla-kennurum, vísinda- og fræðimönnum, kennurum, búsettum á Íslandi, og íslenskum stofnunum, er teljast hæfar til þess að taka þátt í starfs-áætlun samkvæmt ákvæðum ofanefndra laga, við námsstyrkjanefnd, sem skipuð var skv. „U.S. Surplus Property Act“ frá 1944, með breytingum.
  3. Gera tillögur til áðurnefndrar námsstyrkjanefndar um, hverjar kröfur skulu gerðar til þátttakenda í áætluninni, eftir því sem hún telur nauðsynlegt til þess, að tilgangi þessa sammings verði náð.
  4. Veita gjaldkera stofnunarinnar eða hverjum þeim, sem stofnunin tilnefnir, heimild til þess að taka við fé til varðveislu í banka, í nafni gjaldkera stofnunarinnar eða hvers þess sem tilnefndur er til þessa starfa. Skipun gjaldkera eða tilnefning skv. framansögðu skal vera háð samþykki utanríkisráðherra Bandaríkja Ameríku. Gjaldkerinn skal leggja fé, sem hann tekur við, á reikning í þeirri peningastofnun eða peningastofnunum, sem utanríkisráðherra Bandaríkja Ameríku ákveður.
  5. Heimila fjárveitingar, styrkveitingar og greiðslur í þeim tilgangi, sem samningur þessi ákveður.
  6. Sjá um að reikningar gjaldkera stofnunarinnar verði endurskoðaðir reglulega á ákveðnum tímum, eftir því sem endurskoðendur, er utanríkisráðherra Bandaríkja Ameríku velur, segja til um.
  7. Ráða til sín starfsmenn og ákveða kaupgreiðslur til þeirra af fé því, sem verður til ráðstöfunar samkvæmt samningi þessum.
- (2) Recommend to the Board of Foreign Scholarships, provided for in the United States Surplus Property Act of 1944, as amended, students, professors, research scholars, teachers, resident in Iceland, and institutions of Iceland qualified to participate in the program in accordance with the aforesaid Act.
  - (3) Recommend to the aforesaid Board of Foreign Scholarships such qualifications for the selection of participants in the programs as it may deem necessary for achieving the purpose and objectives of the present agreement.
  - (4) Authorize the Treasurer of the Foundation or such other person as the Foundation may designate to receive funds to be deposited in bank accounts in the name of the Treasurer of the Foundation or such other person as may be designated. The appointment of the Treasurer or such designee shall be approved by the Secretary of State of the United States of America. The Treasurer shall deposit funds received in a depository or depositories designated by the Secretary of State of the United States of America.
  - (5) Authorize the disbursement of funds and the making of grants and advances of funds for the authorized purposes of the present agreement.
  - (6) Provide for periodic audits of the accounts of the Treasurer of the Foundation as directed by auditors selected by the Secretary of State of the United States of America.
  - (7) Engage administrative and clerical staff and fix and authorize the payment of the salaries and wages thereof out of funds made available under the present agreement.

### 3. gr.

Allar fjárhagslegar skuldbindingar og greiðslur, sem stofnunin heimilar, skulu

### Article 3

All commitments, obligations, and expenditures authorized by the Foundation

12 gerðar samkvæmt árlegri fjárhagsáætlun, 27. febr. er skal háð samþykki utanríkisráðherra Bandaríkja Ameríku og þeim reglum, er hann kann að setja.

#### 4. gr.

Stjórn stofnunarinnar og framkvæmdir allar á vegum hennar skulu vera í höndum sérstakrar stjórnar (hér á eftir nefnd „stjórnin“). Skipa hana sex menn, og skulu þrír þeirra vera ríkisborgarar Bandaríkja Ameríku og þrír íslenskir ríkisborgarar. Auk þess skal sendiherra Bandaríkja Ameríku á Íslandi, eða staðgengill hans (hér á eftir nefndur sendiherra), vera heiðursformaður stjórnarinnar, án atkvæðisréttar, nema atkvæði innan stjórnarinnar reynist jöfn, en þá skal atkvæði hans ráða úrslitum. Sendiherra tilnefnir formann stjórnarinnar, sem fastur meðlimur stjórnarinnar, hefur atkvæðisrétt. Sendiherrann skipar hina bandarísku meðlimi stjórnarinnar og leysir þá frá störfum, en að minnsta kosti tveir þeirra skulu vera starfandi fulltrúar bandarísku utanríkisþjónustunnar á Íslandi. Ríkisstjórn Íslands skipar hina íslensku stjórnarmeðlimi og leysir þá frá störfum.

Meðlimir stjórnarinnar skulu gegna störfum frá þeim tíma, sem þeir eru skipaðir, og til 31. desember sama árs. Skal þá heimilt að skipa þá til starfa að nýju. Ef meðlimur í stjórn hefur sagt starfi sínu lausu, flutzt brott af Íslandi, starfstími hans er útrunninn eða sæti hans losnar af einhverjum öðrum ástæðum, skal skipa mann í hans stað samkvæmt þeim reglum, sem þessi grein sammingsins mælir fyrir um.

Meðlimir stjórnarinnar skulu inna störf sín á höndum án launa. Stjórninni er heimilt að greiða nauðsynlegan kostnað, sem meðlimir hennar hafa af því að sækja fundi stjórnarinnar og vinna önnur skyldustörf, er stjórnin kann að fela þeim.

shall be made in accordance with an annual budget, to be approved by the Secretary of State of the United States of America pursuant to such regulations as he may prescribe.

#### Article 4

The management and direction of the affairs of the Foundation shall be vested in a Board of Directors consisting of six members (hereinafter designated „the Board“), three of whom shall be citizens of the United States of America and three of whom shall be citizens of Iceland. In addition, the principal officer in charge of the Diplomatic Mission of the United States of America to Iceland (hereinafter designated „Chief of Mission“) shall be Honorary Chairman of the Board, without the right to vote, except that he shall cast the deciding vote in the event of a tie vote by the Board. He shall appoint the Chairman of the Board. The Chairman as a regular member of the Board shall have the right to vote. The Chief of Mission shall have the power to appoint and remove the citizens of the United States of America on the Board, at least two of whom shall be officers of the United States Foreign Service establishment in Iceland. The Government of Iceland shall have the power to appoint and remove the citizens of Iceland on the Board.

The members shall serve from the time of their appointment until the following December 31 and shall be eligible for reappointment. Vacancies by reason of resignation, transfer of residence outside Iceland, expiration of service, or otherwise, shall be filled in accordance with the appointment procedure set forth in this article.

The members shall serve without compensation but the Board may authorize the payment of the necessary expenses of the members in attending the meetings of the Board and in performing other official duties assigned by the Board.

## 5. gr.

Stjórnin setur reglur og skipar þær nefndir, er hún telur nauðsyn til bera vegna starfa stofnunarinnar.

## 6. gr.

Árlega skal utanríkisráðherra Bandaríkja Ameríku og ríkisstjórn Íslands send fullnægjandi skýrsla um starfsemi stofnunarinnar.

## 7. gr.

Aðalskrifstofa stofnunarinnar skal vera í höfuðborg Íslands. Stjórnin og nefndir þær, er hún kann að skipa, geta haldið fundi sína á þeim stöðum, sem stjórnin kann að ákveða hverju sinni. Einnig mega stjórnendur og starfsmenn stofnunarinnar vinna störf sín á hverjum þeim stað, sem stjórnin ákveður.

## 8. gr.

Ríkisstjórn Íslands skal, þegar ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku beiðist þess vegna framkvæmdar á þessum samningi, leggja fram fé í íslenskum gjaldeyri til varðveislu í íslenskum banka í nafni ríkisféhirðis Bandaríkjanna, í samræmi við ákvæði „U.S. Surplus Property Act“ og samkvæmt orðsendingu nr. 20 frá sendiráði Bandaríkja Ameríku í Reykjavík, dags. 15. ágúst 1950, og orðsendingu nr. 5 frá utanríkisráðuneyti Íslands, dags. 26. janúar 1953, að upphæð allt að \$ 100 000 (bandarískur gjaldeyrir), þó að því tilskildu, að sú upphæð, sem þannig er lögð í banka, nemi aldrei meiru en 25 000 bandarískum dollurum á hverju almanaksári. Gengi það, sem reikna skal með, til þess að ákveða, hve há sú fjárupphæð á að vera, sem íslenska ríkisstjórnin leggur fram í íslenskum gjaldeyri, skal vera hið sama og tekið er fram í ofanefndum orðsendingum, sem í sér fela samning um eftirskildar eignir.

## Article 5

The Board shall adopt such by-laws and appoint such committees as it shall deem necessary for the conduct of the affairs of the Foundation.

## Article 6

Reports acceptable in form and content to the Secretary of State of the United States of America shall be made annually on the activities of the Foundation to the Secretary of State of the United States of America and the Government of Iceland.

## Article 7

The principal office of the Foundation shall be in the capital city of Iceland but meetings of the Board and any of its committees may be held in such other places as the Board may from time to time determine, and the activities of any of the Foundation's officers or staff may be carried on at such places as may be approved by the Board.

## Article 8

The Government of Iceland shall, as and when requested by the Government of the United States of America for purposes of the present agreement, make available for deposit into an account in Iceland in the name of the Treasurer of the United States of America amounts of currency of Iceland, in accordance with the terms of the Surplus Property Agreement embodied in exchange of notes no. 20 of the American Legation, Reykjavik, dated August 15, 1950, and no. 5 of the Ministry for Foreign Affairs of the Government of Iceland, dated January 26, 1953, up to a total amount equivalent to \$ 100 000 (United States currency), provided, however, that in no event shall a total of the currency of Iceland in excess of the equivalent of \$ 25 000 (United States currency) be deposited during any single calendar year. The rate of exchange between the currency of Iceland and the currency of the United States to be used

## 12

27. febr.

Nú hefur ríkisféhirðir Bandaríkjanna í vörzlu sinni fé í íslenskum gjaldeyri annað en það, sem greitt hefur verið samkvæmt samningnum um eftirskildar eignir og heimilt er að nota til framkvæmdar þessum samningi, og getur ríkisstjórn Bandaríkjanna þá ákveðið, hvort fé þetta skuli notað í þessum tilgangi, þó að því tilskildu, að upphæð þessa fjár takmarkist af þeim 100 000 og 25 000 bandarískum dollurum, sem getið er hér að framan. Hvenær sem slíkt fé er tekið til afnota og nota þarf ákveðið gengi milli gjaldmiðils Bandaríkjanna og Íslands, skal lagt til grundvallar gengi það, sem gildir við yfirfærslur Bandaríkjanna á bandarískum dollurum til greiðslu á opinberum útgjöldum þeirra á Íslandi þann dag, sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna heimilar notkun slíks fjár í íslenskum gjaldeyri, samkvæmt ráðstöfunum stofnunarinnar.

Framkvæmd þessa samnings skal vera háð fjárveitingum til utanríkisráðherra Bandaríkjanna Ameríku, þegar slíkra fjárveitinga er krafizt samkvæmt bandarískum lögum.

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna mun veita fé í íslenskum gjaldeyri til ráðstöfunar samkvæmt því, sem stofnunin heimilar, og í þeim upphæðum, sem talizt geta nauðsynlegar til framkvæmdar þessum samningi. Þó skulu þessar fjárupphæðir aldrei fara fram úr þeim **takmörkum**, sem felast í ákvæðum 3. greinar þessa samnings.

## 9. gr.

Ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna Ameríku skulu gera það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að auðvelda framkvæmd þeirra ááætlana, sem samningur þessi heimilar, og til þess að leysa þau vandamál, sem framkvæmd samningsins kann að hafa í för með sér.

to determine the amount of currency of Iceland to be thus made available shall be the rate specified in the above notes constituting the Surplus Property Agreement.

In the event that the Treasurer of the United States holds currency of Iceland, other than that obtained through the Surplus Property Agreement, which is available for purposes of this Agreement, such currency may be used for such purposes at the option of the United States, provided, however, that the amounts of such currency so employed shall be included within the \$ 100 000 and \$ 25 000 limitations specified above. Whenever in using such currency a rate of exchange between the currency of Iceland and the currency of the United States is needed, it shall be the rate available to the United States in Iceland for the conversion of dollar exchange for its official disbursements on the day on which currency of Iceland is made available by the Secretary of State for expenditures as authorized by the Foundation.

The performance of this agreement shall be subject to the availability of appropriations to the Secretary of State of the United States of America, when such appropriations are required by the laws of the United States.

The Secretary of State of the United States of America will make available for expenditure as authorized by the Foundation currency of Iceland in such amounts as may be required for the purposes of this agreement, but in no event in excess of the budgetary limitation established pursuant to Article 3 of the present agreement.

## Article 9

The Government of the United States of America and the Government of Iceland shall make every effort to facilitate the exchange of persons programs authorized in this agreement and to resolve problems which may arise in the operations thereof.

## 10. gr.

Þar, sem talað er um „utanríkisráðherra Bandaríkja Ameríku“ í samningi þessum, er átt við utanríkisráðherra Bandaríkja Ameríku eða sérhvern fulltrúa eða starfsmann ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, sem hann kann að tilnefna til þess að fara með málefni þau, sem samningur þessi fjallar um.

## 11. gr.

Ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkja Ameríku geta breytt samningi þessum með erindaskiptum.

## 12. gr.

Samningur þessi gengur í gildi þann dag, sem hann er undirritaður.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem til þess hafa umboð ríkisstjórna sinna, ritað nöfn sín á þennan samning.

*Gert í Reykjavík í tvíriti, á íslenzku og ensku hinn 23. dag febrúar mánaðar árið 1957.*

F. h. ríkisstjórnar Íslands

Guðm. Í. Guðmundsson.

F. h. ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku

John J. Muccio.

## Article 10

Wherever, in the present agreement, the term „Secretary of State of the United States of America“ is used, it shall be understood to mean the Secretary of State of the United States of America or any officer or employee of the Government of the United States of America designated by him to act in his behalf.

## 12

27. febr.

## Article 11

The present agreement may be amended by the exchange of diplomatic notes between the Government of the United States of America and the Government of Iceland.

## Article 12

The present agreement shall come into force upon the date of signature.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present agreement.

*Done at Reykjavik in duplicate, in the English and Icelandic languages this 23 day of February 1957.*

For the Government of the United States  
of America

John J. Muccio.

For the Government of Iceland

Guðm. Í. Guðmundsson.



13

4. marz

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi og skipta landi hennar milli ríkisjarðanna Eystri- og Vestari-Grundar í sama hreppi.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. marz 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

14

20. marz

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1., 2. og 3. málslíður 1. málsg. 16. gr. laganna orðist þannig:

Starfsmenn skulu árlega fá orlof í 18 virka daga og einskis í missa af föstum launum. Ef sérstaklega stendur á, má orlof þó vera allt að 21 virkum degi. Starfsmönnum, er verið hafa í þjónustu ríkisins lengur en 15 ár, má veita orlof allt að 27 virkum dögum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. marz 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

15

20. marz

## um lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1957, af tekjum ársins 1956, skal veita þeim, er taldir eru í 2. grein þessara laga, sérstaka lækkun á tekjuskatti. Skattlækkunin ákveðst þannig, að tekjuskattur hjóna með 47 500.00 króna hreinar árstekjur og eitt barn á framfæri skal lækkaður um  $33\frac{1}{3}$  af hundraði. Tekjuskattur allra annarra gjaldenda, sem lög þessi ná til, skal lækkaður um sömu hundraðstölu, ef tekjuskattur þeirra er jafnhár eða lægri en tekjuskattur áðurgreindra hjóna, ef þau nytu eigi skattlækkunarinnar.

## 2. gr.

Skattlækkunarinnar njóta aðeins þeir, er greiða tekjuskatt skv. skattstigum a og b í I. lið 6. gr. laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, þ. e. innlendir og erlendir einstaklingar og hjón, og skal skattlækkun þessi einnig gilda við ákvörðun gjaldársskatta á þessa gjaldendur árið 1957.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. marz 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## A U G L Ý S I N G

16

19. marz

## um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Spánar.

Með erindaskiptum í Madrid hinn 13. febrúar 1957 var viðskiptasamningur Íslands og Spánar frá 17. desember 1949 (Stj.tíð. A. 5/1950) framlengdur óbreyttur til ársloka 1957.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 19. marz 1957.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

17

29. marz

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

## 2. gr.

Bætur fyrir eignarnám jarðanna skulu metnar af gerðardómi 3 manna. Skulu 2 gerðardómsmanna skipaðir af sýslumanni Ísafjarðarsýslu, en hinn þriðji skal vera landnámsstjóri ríkisins. Að öðru leyti skal fara eftir l. nr. 61/1917, eftir því sem við á.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. marz 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

18

6. apríl

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda og mun verða fjarverandi nokkrar vikur.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytiá, 6. apríl 1957.*

Hermann Jónasson.

*Birgir Thorlacius.*

## L Ö G

19

5. apríl

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara sunnudaginn 24. júní 1956, skal eigi hefjast fyrir en þriðjudaginn 29. maí 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

20

13. apríl

um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsmál, skipar þriggja manna nefnd, sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða. Jafnframt skal skipa varamenn.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Með samþykki ráðherra getur útflutningsnefnd sjávarafurða ráðið sér fulltrúa til þess að annast dagleg störf svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Útflutningsnefnd sjávarafurða skal hafa með höndum eftirgreind störf:

1. Vera ráðherra til ráðuneytis um sölu og útflutning sjávarafurða.
2. Veita útflutningsleyfi fyrir sjávarafurðum.

Engar sjávarafurðir má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda nema að fengnu leyfi nefndarinnar. Útflutningsleyfi getur nefndin bundið skilyrðum, er nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis milli sömu vörutegunda sömu gæða og að hver fiskeigandi skuli bera fjárhagsábyrgð á vöru sinni vegna galla.

A 15

- 20 3. Hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja sjávarafurðir á nýja  
13. apríl markaði og auka sölu þeirra á eldri mörkuðum og annað það, er lýtur að út-  
flutningi sjávarafurða.

## 3. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa útflutningsnefnd sjávarafurða allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem varðar sölu og útflutning sjávarafurða, og hefur nefndin frjálstan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi.

Nefndarmenn og starfsmenn eru bundnir þagnarheiti um viðskiptamál útflytjanda, er þeir verða áskynja um á þennan hátt.

## 4. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að aðrar vörur en sjávarafurðir megi ekki bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

## 5. gr.

Með reglugerð er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, sem við kemur framkvæmd laga þessara, svo sem um löggildingu útflytjanda og um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

## 6. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200000 krónum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

## 7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 11 12. febrúar 1940.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1957.*

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.  
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Lúðvík Jósepsson.

## L Ö G

### um dýravernd.

21

13. apríl

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

#### Um meðferð dýra.

##### 1. gr.

Skylt er að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu.

##### 2. gr.

Öllum þeim, sem eiga dýr eða ráða yfir þeim að öðru leyti eða hafa umsjá með dýrum fyrir eiganda þeirra eða annan réttihafa, er skylt að sjá svo um, að dýrin fái nægilegt vatn og fóður við þeirra hæfi og viðhlitandi umhirðu. Eiganda eða öðrum réttihafa er skylt að sjá dýrum fyrir hæfilegum vistarverum (geymslu-stað, vörzlustað), skjólgóðum og rúmgóðum, enda er skylt að ræsta slíka staði með viðunandi hætti.

##### 3. gr.

Óheimilt er:

1. Að beita bareflum á dýr, ef hætt er við, að slíkt spilli heilsu dýra eða valdi þeim miklum sársauka.
2. Að tjóðra dýr eða hefta frelsi þeirra með öðrum hætti, svo að það valdi dýrum kvölum.
3. Að ofbjóða þoli dýra við vinnu eða rekstur eða með öðrum hætti.
4. Að sviða hár eða húð dýra í stað þess að klippa þau eða í því skyni að eyða lús eða öðrum óhreinindum.

##### 4. gr.

Óheimilt er að temja dýr eða aga í því skyni að sýna þau almenningi eða til þess að taka af þeim kvikmyndir, ef tanning dýra í þessu skyni veldur þeim miklum sársauka.

Óheimilt er að hafa dýr til sýnis hér á landi, nema leyfi lögreglustjóra þar á vettvangi, sem sýning á að fara fram, komi til. Menntamálaráðuneyti er rétt að setja sérstakar reglur um eftirlit með starfsemi þeirra manna, sem hafa dýr til sýnis, svo sem um búr, geymslu dýra og heilbrigðisráðstafanir. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til búfjársýninga.

Óheimilt er að setja á stofn dýragarða eða koma upp annars konar söfnum lifandi dýra, nema samþykki lögreglustjóra komi til. Menntamálaráðuneyti er heimilt að setja reglugerð um eftirlit með slíkum stofnunum og um aðbúnað að dýrum.

##### 5. gr.

Nú eru dýr eignarmörkuð, og er þá skylt að gæta þess, að mörkunin sé dýrinu jafnqualalítil og kostur er. Óheimilt er að eyrnamarka fé svo, að meira en helm-ingur eyrans sé numinn brott.

21

13. apríl

Nú sýkist dýr eða lemstrast, og er þá eiganda (umráðamanni) skylt að sjá dýr-  
inu fyrir hæfilegri umönnun, en deyða það, ef dýr er helsjúkt eða lemstur banvæn.

6. gr.

7. gr.

Við flutning á dýrum skal þess sérstaklega gætt, að notað sé viðhlitandi farar-  
tæki í þessu skyni og dýr njóti hæfilegs aðbúnaðar, meðan á flutningi stendur.

## II. KAFLI

### Um deyðingu dýra og aðgerðir á dýrum.

8. gr.

Þegar dýr eru deydd, ber að gæta þess, að deyðing fari fram með jafnhróðum  
og sársaukalitlum hætti og frekast er völ á.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

9. gr.

Óheimilt er að stertstýfa hross, nema það sé gert af heilbrigðisástæðum og að  
ráði dýralæknis. Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma þá aðgerð, og skal  
deyfa dýrið við aðgerðina. Ákvæði þessi eiga einnig við um skurð á hala á kúm  
eða á eyrum og rófum á hundum. Þó er heimilt að stýfa rófu á hvolpum, viku-  
gömlum eða yngri.

10. gr.

Löggiltum dýralæknum einum er heimilt að framkvæma lækniáðgerðir á dýr-  
um í öðrum tilvikum en þeim, sem getur í 9. gr., ef ætla verður, að aðgerð muni  
baka dýri verulega þjáningu. Nú er miklum örðugleikum bundið að ná til dýra-  
læknis eða mjög kostnaðarsamt að kveðja dýralækni á vettvang, og skal þá reyna  
eftir föngum að leita læknisráða hjá dýralækni um framkvæmd aðgerðar. Hinu  
sama gegnir, ef vinda þarf svo bráðan bug að aðgerð, að ekki er gerlegt að kveðja  
dýralækni á vettvang.

## III. KAFLI

### Um notkun dýra í vísindalegum tilgangi.

11. gr.

Óheimilt er án leyfis yfirdýralæknis að nota dýr við vísindalegar rannsóknir  
eða tilraunir eða í sambandi við kennslu, ef samfara þessu eru sérstakar aðgerðir á  
dýrinu, blóðtaka eða dæling efna í dýrið eða yfirleitt, ef meðferð á dýri í þessu skyni  
vekur dýrinu sérstakan ótta eða þjáningu. Sama gegnir, ef dýr eru notuð við fram-  
leiðslu lyfja eða til svipaðra þarfa.

Menntamálaráðuneyti er rétt að setja nánari reglur um efni þau, sem greinir  
í 1. málsgrein.

Úrlausn yfirdýralæknis samkvæmt 1. málsgrein má skjóta til menntamála-  
ráðuneytis, er úrskurðar mál til þrautar.

12. gr.

Við tilraunir eða aðgerðir á dýrum samkv. 11. gr. ber að gæta þess að baka  
dýrum ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er og nota deyfingu, þar sem við  
verður komið. Nú verður að ætla, að dýr kveljist, vegna tilrauna eða aðgerðar, til  
langframa, og skal þá deyða það, er tilraun eða aðgerð er um garð gengin.

## IV. KAFLI

21

## Um eftirlit með framkvæmd laganna o. fl.

13. apríl

## 13. gr.

Löggæzlumenn skulu hafa vakandi auga með því, að lögum þessum sé hlýtt.

Nú kemst löggæzlumaður að því, að aðbúnaði að dýri er ábótavant, eða verður áskynja um annars konar brot á lögum þessum, og skal hann þá gera lögreglustjóra viðvart, ef ekki verður ráðin bót á þessu þegar í stað. Skal lögreglustjóri leggja fyrir aðilja að bæta úr fyrirvaralaust eða innan tiltekins tíma, eftir atvikum. Heimilt er lögreglustjóra að leggja við dagsektir allt að 200 krónum, er renni í rikissjóð, ef aðili skeytir ekki fyrirætlunum. Lögreglustjóri getur meðal annars mælt svo fyrir, að umráðamaður dýrs skuli flytja dýr á hæfilegan geymslustað, ræsta geymslurúm dýrs, annast um sæmilegan hita í geymslurúmi dýrs, afla nægilegs fódurs og drykkjar eða jafnvel fækka gripum, ef ekki er annars úrkosta. Lögreglustjóri skal hafa samráð við embættisdýralækni eða löggiltan dýralækni um þessi fyrirætlun, ef föng eru á því.

Nú skipast aðili ekki eftir fyrirætlunum lögreglustjóra, og hlutast lögreglustjóri þá til um framkvæmd á fyrirætlunum á kostnað eiganda dýra eða annars réttshafa. Ekki er þó heimilt að farga skepnum eða taka þær frá aðilja eða neyta annarra þeirra úrræða, sem valdið geta aðilja miklum fjárútlátum eða miklu fjártjóni, nema héraðsdýralæknir — eða yfirdýralæknir, þar sem ekki er völ á héraðsdýralæknum — hafi lýst sig samþykkan slíkum aðgerðum. Veita skal aðilja færi á að tjá sig um slíkar aðgerðir, áður en til þeirra er gripið. Ef annar er umráðamaður dýrs en eigandi, skal einnig veita eiganda tækifæri á að lýsa afstöðu sinni til máls.

Endurgreiðslukröfur lögreglustjórnar á hendur aðilja samkv. þessari grein eru lögtakskræfar.

## 14. gr.

Nú er embættisdýralæknir eða löggiltur dýralæknir kvaddur til dýrs, sem er sjúkt eða lemstrað, og rannsókn hans leiðir í ljós, að dýrið sé ekki lífvænlegt, og er honum þá skylt að hlutast til um, að það sé deytt, enda sé dýrið haldið miklum kvöllum. Deyðing fer fram á kostnað eiganda (umráðamanns) dýrs. Löggæzlumönnum er skylt að aðstoða við deyðingu dýrs samkvæmt lögmætri ákvörðun dýralæknis, eftir því sem hann mælir fyrir um.

Dýralæknir á kröfu á rikissjóð samkvæmt 1. málsg. en rikissjóður á bakkröfu á hendur eiganda dýrs eða umráðamanni, og er sú krafa lögtakskræf.

## 15. gr.

Nú verður maður var við dýr, sem er sjúkt, lemstrað eða bjargarvana að öðru leyti, og er honum þá skylt að veita því umönnun eftir föngum og gera eiganda (umráðamanni), löggæzlumönnum eða dýralækni viðvart án ástæðulausrar tafar. Ef högum dýrs er þannig farið, að telja verður sjúkdóm dýrs eða lemstur tvímælaust banvæn, er þeim, sem sér dýrið, heimilt eða jafnvel skylt að deyða það, ef dýrið er mjög kvalið og ekki er unnt að ná til eiganda (umráðamanns), löggæzlumanns eða dýralæknis með hröðum hætti. Þeim, sem deyðir dýr samkvæmt þessu ákvæði, er skylt að skýra löggæzlumanni frá því jafnskjótt og föng eru á.



## V. KAFLI

### Stjórn dýraverndarmála.

#### 16. gr.

Menntamálaráðuneyti hefur yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd. Ráðuneytið nýtur aðstoðar dýraverndarnefndar um stjórn þeirra málefna. Menntamálaráðuneyti skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tillögu Dýraverndunarfélags Íslands, einn eftir tillögu Hins íslenska náttúrufræðifélags, einn eftir tillögu Dýralæknafélags Íslands. Menntamálaráðuneyti skipar einn nefndarmann án tilnefningar, en nefndin kys sér formann úr sínum hópi.

Tillagna dýraverndarnefndar skal leitað við setningu reglugerða eða annarra stjórnvaldsreglna um dýravernd. Nefndinni er og skylt að gera tillögur til menntamálaráðuneytis um allt það, sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu. Dýraverndarnefnd skal láta löggæzlumönnum, ákærvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni, er varða dýravernd, eftir tilmælum þeirra. Nefndin skal enn fremur beita sér fyrir því að auka þekkingu manna og skilning á dýraverndarmálum.

Dýraverndarnefnd starfar kauplaust, en framlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er menntamálaráðherra samþykkir.

## VI. KAFLI

### Um refsingu og önnur viðurlög.

#### 17. gr.

Brot á lögum þessum eða á reglum eða reglugerð, sem sett er með stoð í þeim, varðar sektum allt að 10 þús. kr. eða varðhaldi allt að 1 ári. Ef brot er stórfellt eða ítrekað, má beita fangelsisrefsingu allt að 2 árum.

Brot dýralæknis á ákvæðum 14. gr. 1. málsg. varðar sektum.

Hlutdeild í brotum á lögum þessum og tilraun til brota er refsiverð, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

#### 18. gr.

Nú hefur maður gerzt sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða eldri refsíákvæðum, er varða dýravernd, og er þá unnt að svipta hann heimild til að eiga dýr, nota þau eða hafa í umráðum sínum, verzla með þau, slátra þeim eða sýsla um þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting þessi getur lotið að dýrum almennt eða einstökum dýrategundum, og má ýmist svipta menn þessum heimildum um tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákærvald getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í refsímáli eða sérstöku máli á hendur sakborningi.

Aðili, sem sviptur er heimild samkv. 1. málsg. og skeytir ekki þessu ákvæði dóms, skal sæta sektum. Sá maður, sem veit af slíku dómsákvæði og fær allt að einu dómfellda dýr til umráða andstætt dómsákvæði, skal sæta sektum.

#### 19. gr.

Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna yngri en 15 ára er skylt að stuðla að því, að þau hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Nú fremur barn á ofangreindum aldri brot á lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna, og skal þeim þá refsað fyrir brotið, ef sannað er, að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir brotið.

## VII. KAFLI

## Almenn ákvæði, gildistaka laga og brottfallin lög.

21

13. apríl

## 20. gr.

Menntamálaráðuneyti setur reglugerð um slátrun búpenings og um rekstur búfjár til slátrunar og annan flutning búfjár innanlands og um flutning á húsdýrum öðrum en hrossum til útflutnings. Einnig er ráðuneytinu heimilt að setja fyllri reglur í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum, auk þeirra atriða, sem greinir í 4., 8. og 11. gr.

Stjórnvaldsreglur um dýravernd, sem settar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu, unz nýjar reglur eru settar.

## 21. gr.

Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer að hætti laga nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

Kostnaður við framkvæmd laganna telst til almenns löggæzlukostnaðar, nema annars sé getið.

## 22. gr.

Lög þessi öðlast gildi þremur almanaksmánuðum eftir að þau hafa verið birt. Frá sama tíma eru numin úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. 179. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
2. Lög um dýraverndun, nr. 34 3. nóv. 1915, 2. og 3. gr., ásamt breytingarlögum nr. 31 19. júní 1922.

Lög þessi raska hvorki gildi VII. kafla laga nr. 18 22. marz 1948, um forðagæzlu og fódurbirgðafélög, né laga nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1957.*

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.*

## AUGLÝSING

22

23. apríl

## um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur.

Hinn 2. apríl var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Danmerkur, er gildir fyrir tímabilið 15. marz 1957 til 14. marz 1958.

Samkvæmt samkomulagi þessu munu dönsk stjórnarvöld veita innflutningsleyfi fyrir íslenskum vörum á svipaðan hátt og áður hefur tíðkapt og íslensk stjórnarvöld munu einnig heimila innflutning frá Danmörku eins og að undanfögnu að svo miklu leyti, sem gjaldeyrisástand landsins leyfir.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 23. apríl 1957.*

Guðm. Í. Guðmundsson.

*Henrik Sv. Björnsson.*

23

23. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

## HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra ákveður laun matsstjóra og matsmanna. Skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Síldarsaltandi skal greiða til síldarmats ríkisins tíma-kaup matsmanna fyrir þann tíma, sem þeir vinna við mat, eftirlit og annað í þágu síldarsaltanda. Til að standast kostnað við matið að öðru leyti, svo sem ferða-kostnað matsmanna o. fl., skal heimilt að taka af hverri útflutningsmetinni tunnu matsgjald, er nemi kr. 0.50. Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi.

Síldarmatsmenn skulu starfa undir stjórn síldarmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Um kaup síldarmatsmanna, ferðakostnað, dagpeninga, vinnutíma o. fl. skal nánar ákveðið í erindisbréfi þeirra.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Um kostnað við frjálst mat á síld fer samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 64 9. nóv. 1953, um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1957.*

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

24

23. apríl

um breyting á lögum nr. 25 1955, um breyting á lögum nr. 23 1953,  
um leigubifreiðar í kaupstöðum.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

1. másl. 1. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutað-eigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 3. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 25 1955 inn í lög nr. 23 1953 og gefa þau út svo breytt, með fyrirögninni: Lög um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

*Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1957.*

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

## L Ö G

25

24. apríl

um vísitölu byggingarkostnaðar.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu byggingarkostnaðar, er sýni breytingar hans frá 1. október 1955. Vísitala þessi skal reiknuð út þrisvar sinnum á ári, miðað við verðlag í Reykjavík í febrúarmánuði, júnímánuði og októbermánuði, og gildir hver vísitala í 4 mánuði frá 1. marz, 1. júlí og 1. nóvember að telja.

Nú er svo fyrir mælt í lögum, að váttryggjandi húsa skuli breyta váttryggingarverði þeirra eftir vísitölu byggingarkostnaðar, og skal þá sú vísitala, sem er í gildi við byrjun viðkomandi váttryggingartímabils, ráða brunabótaverðinu allt tímabilið.

25

24. apríl

2. gr.

Vísitölur byggingarkostnaðar eftir 1. október 1955 skulu tengdar við eldri vísitölur, reiknaðar út samkvæmt lögum nr. 87/1943, með því að margfalda hinar fyrr nefndu með tölunni 9.69. Hagstofan getur að öðru leyti úrskurðað um vafaatriði, er kunna að koma í ljós í sambandi við tengingu nýju vísitölnunnar við hina eldri, þar á meðal um það, hvernig váttryggingarverð húsa utan Reykjavíkur skuli ákveðið á grundvelli nýju vísitölnunnar haustið 1957.

3. gr.

Við ákvörðun á söluverði íbúða til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar samkvæmt 8. tölulið 6. gr. og 1. málsg. 20. gr. í lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, skal fara þannig að:

- a. Hafi seljandi íbúðar eignazt hana fyrir 1. marz 1957, þá finnst hækkun sú, sem um ræðir í nefndum lagagreinum, með því að bera vísitöluna, sem í gildi er á þeim tíma, er sala fer fram, saman við byggingarkostnað samkvæmt eldri vísitölnunni á þeim tíma, er hlutaðeigandi fékk íbúðina. Hafi hann fengið hana á tímabilinu 1. október 1954 til 28. febrúar 1957, skal hér miða við vísitölu 904 (1939 = 100).
- b. Hafi seljandi íbúðar eignazt hana eftir febrúarlok 1957, þá finnst hækkun sú, sem hér um ræðir, með því að bera vísitöluna, sem í gildi er á sölutíma, saman við vísitölu þess tímabils, er hlutaðeigandi fékk íbúðina.

4. gr.

Hagstofan skal, í samráði við húsameistara ríkisins, láta fara fram athugun á því á 10 ára fresti, hvort byggingarhættir hafi breytt svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal vísitala samkvæmt hinum nýja grundvelli fyrst reiknuð út miðað við verðlag í febrúar 1957, sbr. 1. málsg. 1. gr. þessara laga. Jafnframt falla úr gildi eða breytast ákvæði eldri laga, sem eru í ósamræmi við lög þessi, sbr. 2.—4. málsg. 9. gr. laga nr. 9 23. marz 1955, um Brunabótafélag Íslands.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1957.*

**Hermann Jónasson.**

**Emil Jónsson.**

**Jón Ásbjörnsson.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

## L Ö G

26

24. apríl

um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44  
19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

## HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna breytist svo, að í stað töluorðsins 40000 komi: 55000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1957.*

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

27

29. maí

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Á eftir nr. 58 í 28. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi: 58a Netjatjara og netjalitur .....	1 kg		2
2. Á eftir orðunum „koma í veg fyrir ketilstein“ í nr. 59 í 28. kafla kemur: og ryð.			
3. Aftan við nr. 2 í 39A. kafla kemur svo hljóðandi athuga- semd: Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af plast- umbúðum af sérstakri gerð utan um íslenskar afurðir til út- flutnings.			
4. Á eftir nr. 6 í sama kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi: 6a — plastflot til netjagerðar .....	—	2	2
5. Í stað nr. 4 í 39B. kafla koma þrjú númer, svo hljóðandi: — plötur, þræðir, stengur ót. a.:			
4 — — úr svampgúmmí til skógerðar .....	—	7	8
4a — — úr svampgúmmí til annars .....	—	7	20
4b — — úr öðru .....	—	7	8

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
27	6. Nr. 33 í 44. kafla (Vaxbornar umbúðir).			
29. maí	Liðurinn fellur niður.			
	7. Aftan við nr. 34 í 44. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af pappumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.			
	8. Nr. 1 og 2 í 45. kafla orðast svo:			
	— með íslenzkum texta			
	— — bundið .....	1 kg	2	25
	— — annað .....	—	2	15
	9. Við athugasemðina við nr. 2 í 45. kafla bætist:			
	Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar láta prenta vestan hafs á íslenzku, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslenzku.			
	10. Í stað nr. 15 í 45. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
	Auglýsingaspjöld og auglýsingaskilti, áletruð, einnig úr öðrum efnum:			
	15 — með íslenzkum texta .....	—	2	25
	15a — önnur .....			
	11. Á eftir nr. 27 í 63. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	27a Vélavírdúkur .....	—	2	8
	12. Í stað nr. 85—86a í 63. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
	Blikkdósir og kassar:			
	85 — málað, áletrað, lakkað eða skreytt .....	—	7	30
	86 — annað .....	—	7	20
	13. Nr. 5 í 67. kafla orðast svo:			
	5 Blýlód (sökku) svo og nótablý .....	—		2
	14. Nr. 36 í 72. kafla orðast svo:			
	36 — allt að 100 hestafla .....	—	2	8
	15. Aftan við nr. 3 í 75. kafla koma tvö ný númer, svo hljóðandi:			
	3a — kranabifreiðar .....	—	2	10
	3b — steypuhræribifreiðar .....	—	2	10
	16. Nr. 1—5 í 79. kafla orðast svo:			
	1 Flygel og píanó .....	—	7	30
	2 Hlutar til flygela og píanóa .....	—	7	15
	3 Orgel og harmoníum .....	—	7	30
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna og hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.			
	4 Hlutar til orgela og harmonía .....	—	7	15
	5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a. ....	—	7	30
	17. Nr. 7—8a í 79. kafla orðast svo:			
	Blásturshljóðfæri:			
	7 — önnur og hlutar til þeirra .....	—	7	30
	8 Harmoníkur .....	—	7	30
	8a Hlutar til harmoníka .....	—	7	15
	18. Aftan við nr. 7 í 85. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	8 Ferðaskrín og önnur þess háttar skrín með speglum, burstum og öðrum snyrtiáhöldum, búsáhöldum o. þ. h., ót. a. ....	—	7	50

## 2. gr.

27

29. maí

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

Í stað p- og r-liða kemur nýr liður, svo hljóðandi:

- p. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði alþjóðasamnings frá 25. sept. 1956, um sameiginlega greiðslu kostnaðar af tiltekinni flugþjónustu á Íslandi. v-liður orðast svo:
- v. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Enn fremur að fella niður aðflutningsgjöld af hjólastólum og gervilimum, enda sé þörf fyrir þessar vörur sönnuð með nákvæmu læknisvottorði. Eftirgefin aðflutningsgjöld af hverri einstakri bifreið mega ekki nema hærri fjárhæð en kr. 40 000.00.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenzkra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf. Frá 1. júní og til ársloka 1957 er þó aðeins heimilt að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af 25 bifreiðum.

Á eftir bb-lið koma fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

- cc. Meðan tilbúinn áburður er tollfrjál, að endurgreiða Áburðarverksmiðjunni aðflutningsgjöld af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar.
Húsnæðismálastofnun ríkisins skal ár hvert gefa út opinbera skýrslu um íbúðabyggingar í landinu, er m. a. sýni, hver árangur hafi náðst með ráðstöfunum hennar til að lækka byggingarkostnað og greiða fyrir byggingu hagkvæmra íbúða.

## II. KAFLI

### Um byggingarsjóð ríkisins og veðlán til íbúðabygginga.

#### 3. gr.

Stofna skal byggingarsjóð ríkisins, er lýtur stjórn húsnæðismálastjórnar.

Hlutverk sjóðsins skal vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga og standa straum af framkvæmdum, er húsnæðismálastjórn kann að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.

Stofnfé sjóðsins skal vera:

1. Varasjóður hins almenna veðlánakerfis.
  2. Lán ríkisins til Lánadeildar smáíbúða.
  3. A-flokka bréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang rikissjóðs 1955.
  4. Tveir þriðjungar skatts af stóreignum, álagðs 1957.
- Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera:
- a. 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá með gildandi viðaukum.

- 42 b. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.
1. júní c. 1% lántökugjald af lánnum, er húsnæðismálastjórn veitir, svo og vaxtatekjur byggingarsjóðs.
- d. Höfuðstóll vaxtabréfa samkvæmt 4. gr. og vaxtafé af þeim, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga nr. 55/1945.

Byggingarsjóður þessi skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands, en lán úr sjóðnum, hvort sem um er að ræða A- eða B-lán, skulu veitt á sama hátt og önnur lán samkvæmt lögum þessum.

#### 4. gr.

Veðlánakerfi til íbúðabygginga skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar.

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem nema allt að 100 milljónum króna árlega næstu 10 ár. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkur, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkur, allt að 50 millj. króna á ári, verði með vísitöluþróun, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út vísitöluþundin verðbréf, nema sérstök lagaheimild komi til.

Ákvæði III. kafla laga nr. 46/1954 og 1. gr. laga nr. 48 1954 gilda um bankavaxtabréf þessi og vexti af þeim.

Byggingarsjóður ríkisins og veðdeild Landsbankans, eftir tillögu húsnæðismálastjórnar, hafa heimild til að taka erlend lán til íbúðabygginga, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á bankavaxtabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gilda ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlausn bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga nr. 55/1945.

#### 5. gr.

Til útlána eða framkvæmda á vegum húsnæðismálastjórnar kemur:

- A. Fé byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 3. gr. og sparnaðarfé samkvæmt 9. og 10. gr.
- B. Fé það, sem aflast með sölu bankavaxtabréfa samkvæmt 4. gr.
- C. Lán, sem bankar, sparissjóðir, tryggingafélög, opinberir tryggingasjóðir og lífeyrissjóðir veita beint til lántakenda samkvæmt útlánareglum húsnæðismálastjórnar og staðfest eru af henni.
- D. Erlend lán, sem byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga.

#### 6. gr.

Útlánareglur húsnæðismálastjórnar skulu vera þessar:

- A. Lánin veitast aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd lántakendum í peningum. Lánin koma til útborgunar í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt á hlutaðeigandi íbúðir að byggingu lokinni eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar. Sé um að ræða byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, getur húsnæðismálastjórn veitt því bráðabirgðalán gegn ríkisábyrgð

af fé byggingarsjóðs, enda verði láninu skipt að byggingu lokinni á eigendur hlutaðeigandi íbúða gegn 1. veðrétti og fellur ríkisábyrgð þá niður.

- B. Lánaupphæðin má nema allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans, þó ekki meira en 100 þúsund krónur út á hverja íbúð. Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.
- C. Lán til hvernar íbúðar skal vera í tvennu lagi, A- og B-lán. Skulu þeir, sem fengið hafa A-lán hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum, sem taldir eru í C-lið 5. gr. þessara laga, eiga rétt á B-láni, sem má vera allt að því jafnhátt, enda séu A-lánin að öllu leyti veitt í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar, og það staðfest af henni.
- D. A-lánin skulu tryggð með 1. veðrétti, en B-lánin með 1. samhliða veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.
- E. A-lánin skulu vera jafngreiðslulán með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára, B-lánin skulu vera með  $5\frac{1}{2}\%$  ársvöxtum og jöfnum afborgunum til allt að 15 ára, en að öðru leyti með hliðstæðum kjörum og vísitölubundnu verðbréfin. Enn fremur skulu lántakendur greiða  $\frac{1}{4}\%$  ársvexti af þeim A-lánnum, sem veitt eru af andvirði seldra bankavaxtabréfa, lánnum byggingarsjóðs ríkisins og B-lánnum, eins og þessi bréf eru á hverjum tíma, til greiðslu kostnaðar við starfrækslu veðdeildarinnar í þágu byggingarsjóðs.
- F. Heimilt er húsnæðismálastjórn að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánnum, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.
- G. Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efna-  
hag, lántökumöguleikum o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.

Við skiptingu lánsfjárins milli byggðarlaga skal tekið tillit til nauðsynlegs jafnvægis í byggð landsins.

Á meðan ekki er unnt að fullnægja lánsfjárbörf til íbúðarhúsabygginga skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu sitja fyrir, er byggja minni íbúðir, enda fullnægi íbúðarstærðin þörfum viðkomandi fjölskyldu að dómi húsnæðismálastjórnar. Þá er og húsnæðismálastjórn heimilt að veita á hverjum tíma hlutfallslega hærri lán til þeirra íbúða, er hún telur af hóflegri stærð, miðað við fjölskyldustærð umsækjanda.

Ákveðið skal í reglugerð, hver skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

Heimilt er að setja það skilyrði fyrir láni, að bygging skuli hafin á tilsettum tíma árs, að bygging sé ekki hafin áður en skriflegt lánsloforð er gefið, nema leyfi húsnæðismálastjórnar komi til, og að bygging sé undirbúin með þeim hætti, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegan.

#### 7. gr.

Heimilt er með samþykki ríkisstjórnarinnar að lána byggingarsjóði Búnaðarbankans og byggingarsjóði verkamanna af fé því, sem húsnæðismálastjórn hefur til útlána samkvæmt 3. og 4. gr. Slik lán skulu veitt sem A-lán og B-lán.

#### 8. gr.

Húsnæðismálastjórn ákveður, hverjum skuli veitt lán samkvæmt lögum þessum af fé byggingarsjóðs samkvæmt 3. gr. og fé því, sem aflað er með sölu bankavaxtabréfa samkvæmt 4. gr., en veðdeild Landsbankans skal sjá um afgreiðslu lánanna og innheimtu afborgana og vaxta. Skal veðdeildin sjá um, að afgreiðslan og innheimtan geti farið fram í peningastofnunum sem víðast á landinu.



## III. KAFLI

## Um sparnað til íbúðabygginga.

## 9. gr.

Sérstök innlánsdeild skal starfa á vegum byggingarsjóðs ríkisins.

Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 5 árum liðnum, frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað, að viðbættum venjulegum innlánsvöxtum. Nemi hin innlagða upphæð minnst 5 þús. krónum á ári, er skylt að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, að öðru jöfnu, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó aldrei yfir  $\frac{2}{3}$  hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar innlánsdeildar og um réttindi og skyldur samkvæmt þessari grein skulu sett í reglugerð.

Tilsvarandi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kauptúna, sem leggja á þennan hátt fé í veðdeild Búnaðarbankans.

## 10. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða til bústofnunar í sveit. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í veðdeild Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Pegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkvæmt 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir, að öðru jöfnu, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir  $\frac{2}{3}$  hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjáröfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti kr. 25 000.00.

Sérhverjum skal heimilt að leggja til hliðar í þessu skyni hærri hluta launa sinna en 6%, byrja sparnaðinn fyrr en tilskilið er og halda honum áfram lengur. Þeir, sem lagt hafa fé í veðdeild Búnaðarbankans og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr deildum Búnaðarbankans. Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og húsnæðismálastjórn að semja um, að réttindi þessi verði gagnkvæm.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. gr., skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

## 11. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

- a. gift fólk, sem hefur stofnað heimili,
- b. skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám,
- c. þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 30 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.

Heimilt er undirskattanefndum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar

fjárhagsbyrðar. Skýrslur um slíkar undanþágur skal senda húsnæðismálastjórn. **42**  
 Ákvörðun undirskattanefndar má áfrýja til félagsmálaráðherra. **1. júní**

Þó að maður kunni að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt til endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið.

#### 12. gr.

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki, og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar. Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

### IV. KAFLI

#### Um útrýmingu heilsupillandi húsnæðis.

#### 13. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsupillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

#### 14. gr.

Bæjar- og hreppsfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsupillandi íbúðum, skulu senda húsnæðismálastjórn áætlanir sínar og rökstuddar greinargerðir fyrir þeim.

#### 15. gr.

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsupillandi íbúðum, skulu geta notið lána samkvæmt lögum þessum.

#### 16. gr.

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsupillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti, allt að 4 millj. króna ár hvert næstu 10 ár. Lánveiting ríkissjóðs er þó ávallt bundin því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði hafi verið tekið úr notkun um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánnum ríkissjóðs í þessu skyni.

Ef ágreiningur verður um ráðstöfun íbúða, sem reistar eru á þessum grundvelli, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.

### V. KAFLI

#### Um breyting á I. kafla laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupúnum.

#### 17. gr.

a. Fyrsti töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

Frá og með árinu 1958 greiði sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., í sjóðinn árlega upphæð, sem nemi eigi minna en 24 krónum og eigi meira en 36 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.

b. 3. málsg. sömu lagagreinar falli niður.

42

1. júní

18. gr.

Á eftir orðunum „fyrirkomulag bygginganna“ í 3. tölulið 6. gr. laganna bætist inn í greinina orðin: þar á meðal stærð íbúðanna.

19. gr.

Fjórði töluliður 6. gr. laganna orðist svo:

Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kaupsins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína s. l. tvö ár og hafi eigi haft yfir 50 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 5 þúsund krónum fyrir hvern ómaga á framfæri, né yfir 75 þúsund króna skuldlaus eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.

20. gr.

Aftan við 5. tölulið sömu greinar bætist: enda skal bygging íbúðanna jafnan boðin út.

21. gr.

Í stað orðanna „4 ára“ í 1. mgr. 8. gr. laganna komi: 3 ára.

22. gr.

Í stað orðanna „fjögurra ára“ í síðari málsg. 9. gr. laganna kemur: þriggja ára.

23. gr.

Kosning sjóðsstjórnar og endurskoðenda, samkvæmt 21. og 22. gr., skal fara fram þegar eftir gildistöku laga þessara, enda falli umboð fyrri sjóðsstjórnar og endurskoðenda niður um leið.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

24. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og lög nr. 3 1957, um breyting á þeim lögum.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Bráðabirgðaákvæði:

Starfstímabil þeirra manna í húsnæðismálastjórn, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, og þess manns, er ráðherra skipar, svo og varamanna, skal vera til ársloka 1960.

*Gjört að Bessastöðum, 1. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

## L Ö G

43

3. júní

## um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar skal halda í Reykjavík annað hvert ár, að jafnaði í októbermánuði. Það skal ekki eiga lengri setu en tvær vikur.

## 2. gr.

Kjörnir eru 15 kirkjuþingsmenn, 14 í 7 kjördæmum og 1 af guðfræðideild Háskóla Íslands. Enn fremur eiga sæti á kirkjuþingi biskup og kirkjumálaráðherra.

Kjördæmin eru þessi:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi.
2. Kjalarness-, Mýra-, Borgarfjarðar- og Snæfellsnessprófastsdæmi.
3. Dala-, Barðastrandar-, Vestur-Ísafjarðar- og Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.
4. Stranda-, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
5. Eyjafjarðar-, Suður-Þingeyjar- og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.
6. Norður-Múla-, Suður-Múla- og Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.
7. Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessprófastsdæmi.

## 3. gr.

Í hverju þessara kjördæma eru kosnir tveir kirkjuþingsmenn, prestur og leikmaður.

## 4. gr.

Prófastur og prestar, sem ábyrgð hafa á prestakalli, innan hvers kjördæmis, kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo varamenn. Kennarar guðfræðideildar háskólans kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann og einn til vara.

## 5. gr.

Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar hvers kjördæmis kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo varamenn.

## 6. gr.

Kjörstjórn skipa: biskup, og er hann formaður hennar, einn maður tilnefndur af kirkjuráði, og lögfræðingur tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

## 7. gr.

Kjörstjórn sendir í 1. viku aprílmánaðar þeim, er kosningarrétt hafa, nauðsynleg kjörgögn: auðan kjörseðil, útanáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósenda um það, að hann hafi kosið, og umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Kjósandi ritar nafn þess, sem hann vill kjósa, svo og nöfn 1. og 2. varamanns, á seðilinn, setur hann í útanáritaða umslagið og lokar því, útfyllir eyðublaðið og undirritar og sendir síðan allt í áprentaða umslaginu til kjörstjórnar í ábyrgðarpósti.

Kjörgögn til presta og leikmanna skulu vera sín með hvorum lit. Leiðbeining fylgi um það, hvornig kosningin skuli framkvæmd. Kjörgögnum til leikmanna fylgi kjörskrá.

Talning atkvæða fer fram í 1. viku ágústmánaðar.

Kjörstjórn úrskurðar, hverjir eiga kosningarrétt.

8. gr.

9. gr.

Kjörstjórn telur atkvæði og úrskurðar kosningarnar. Réttkjörnir við báðar kosningarnar eru þeir, sem flest fá atkvæði. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, sker hlutkesti úr. Fáí sami maður flest atkvæði, bæði sem aðalmaður og varamaður, tekur hann sæti aðalmanns.

Kjörstjórn sendir kirkjuþingsmönnum kjörbréf og varamönnum skirteini um það, að þeir séu 1. og 2. varamaður í því kjördæmi.

10. gr.

Kjörtímabil er 6 ár. Ef kirkjuþingsmaður andast á tímabilinu eða getur ekki sótt kirkjuþing, taka varamenn þess kjördæmis við eftir röð.

11. gr.

Kærunn út af kosningu til kirkjuþings skulu sendar kjörstjórn eigi síðar en svo, að komnar séu í hendur henni áður en kirkjuþing kemur næst saman. Leggur hún þær fyrir kirkjuþing á fyrsta fundi þess. Kirkjuþing úrskurðar með atkvæðagreiðslu, hvort kosning skuli tekin gild, og skal úrskurði lokið eigi síðar en á 3. fundi þess.

12. gr.

Biskup er forseti kirkjuþings. Auk þess kýs þingið sér þegar í upphafi fyrsta fundar 1. og 2. varaforseta og tvo skrifara.

13. gr.

Kirkjuþingsmenn fá greidda úr ríkissjóði dagpeninga og ferðakostnað. Kýs kirkjuþingið þriggja manna þingfararkaupsnefnd, sem endurskoðar reikninga kirkjuþingsmanna, en kirkjumálaráðherra úrskurðar þá og ákveður upphæð dagpeninga.

14. gr.

Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði. Það hefur og rétt til þess að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisíði, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík. Þær samþykktir eru þó eigi bindandi, fyrr en þær hafa hlotið samþykki kirkjuráðs, prestastefnu og biskups.

15. gr.

Kirkjuráð skipa 5 menn, biskup landsins og 4 menn kjörnir af kirkjuþingi, og skulu tveir þeirra a. m. k. vera guðfræðingar. Það kýs og jafnmarga varamenn. Kjörtímabil kirkjuráðsmanna er hið sama og kirkjuþingsmanna. Kosning í kirkjuráð fer jafnan fram, er hið fyrsta kirkjuþing að afstöðnum kosningum kemur saman.

16. gr.

Verkefni kirkjuráðs er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar. Það skal vera biskupi til aðstoðar og fulltingis um að koma fram þeim málum, er kirkjuþing hefur samþykkt.

Kirkjuráð annast undirbúning þeirra mála, er það kýs að leggja fyrir kirkjuþing hverju sinni. Hafa og kirkjuráðsmenn rétt til að sækja fundi kirkjuþings og taka þar til máls, en hafa eigi atkvæðisrétt, nema þeir séu jafnframt þingfulltrúar.

Kirkjuráð hefur ráðstöfunarvald yfir prestakallasjóði, svo og því fé öðru, **43**  
sem veitt er til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi, samkvæmt þeim ákvæðum, sem **3. júní**  
fjárveitingarvaldið setur hvert sinn, enn fremur því fé, er kirkjuráði kann að vera  
falin ráðstöfun á af kirkjuþingi eða öðrum aðilum.

## 17. gr.

Biskup er sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs. Hann kallar kirkjuráð saman til  
funda, þegar þurfa þykir eða þegar tveir kirkjuráðsmenn óska þess, og eigi sjaldnar  
en einu sinni á ári.

Kirkjuráðsmenn fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð eftir reikningi, er  
kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

## 18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt numin úr gildi lög um kirkju-  
ráð frá 6. júlí 1931.

*Gjört að Bessastöðum 3. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

um skatt á stóreignir.

44

3. júní

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

Á árinu 1957 skal leggja sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skatt-  
skyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 46/1954, og skal skattálagningin miðuð  
við eignir þeirra hinn 31. des. 1956.

## 2. gr.

Mat á verðmæti eigna skal fara fram eftir ákvæðum laga nr. 46/1954, um tekju-  
skatt og eignarskatt, og hrein eign skal ákveðin eins og þar segir með eftirtöldum  
breytingum:

1. Fasteignir skulu metnar með því verði, sem ákveðið er í nýja fasteignamatinu  
samkvæmt lögum nr. 33/1955, er gekk í gildi 1. maí 1957. Þó skal landsnefndin, sem  
starfaði samkvæmt lögum nr. 33/1955, endurskoða mat á lóðum og hækka matsverð  
á þeim lóðum, sem hún telur nauðsynlegt að hækka í mati, til þess að það sé í  
samræmi við matsverð á öðrum fasteignum, miðað við áætlað söluverð. Er nefndin  
þá ekki bundin af hámarksákvæði 6. gr. laga nr. 33/1955, og heimilt er að ákveða  
misjafnlega mikla hækkun á matsverðinu, eftir því sem rétt þykir. Nú er eigandi lóðar  
óánægður með mat landsnefndarinnar, og getur hann þá kært yfir því til nefndar-  
innar, en úrskurði hennar um kæruatriði má skjóta til yfirnefndar, er skipuð sé  
fimm mönnum. Fjórir þeirra séu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, en  
sá fimmti skipaður af hæstarétti og sé hann formaður nefndarinnar. Um kærufresti  
og kæruúrskurðun skal setja ákvæði í reglugerð.

- 44 Frá matsverði frystihúsa, sláturhúsa og annarra húseigna, sem notaðar eru fyrir  
3. júní vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða, skal draga 20% — tuttugu af hundraði.

Við matsverð fasteignanna, eins og það er ákveðið samkv. framansögðu, skal bæta 200% álagi.

Nú hvílir sú kvöð á fasteign, að eigi megi selja hana nema fyrir verð, sem er innan ákveðinna takmarka, og skal þá eignin talin með því hámarksverði, ef það er lægra en matsverð samkv. lögum þessum.

2. Fiskiskip skulu reiknuð með váttryggingarverði að frádregnum 40% — fjöru- tíu af hundraði. Önnur skip skulu talin með váttryggingarverði að frádregnum 25% — tuttugu og fimm af hundraði. Nú telur skipseigandi eða fjármálaráðuneytið, að matsverð skips sé í ósamræmi við mat á öðrum skipum, miðað við áætlað söluverð, og getur þá hvor framangreindra aðila krafizt endurmats til samræmingar. Mat þetta sé framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sé þannig skipuð, að fjármálaráð- herra tilnefni einn nefndarmann, Fiskifélag Íslands annan og hæstiréttur hinn þriðja.

Flugvélar teljast með váttryggingarverði að frádregnum 40% — fjörutíu af hundraði.

Um matsverð á vélum, áhöldum og öðru lausafé, sbr. c-lið 19. gr. laga nr. 46/1954, skulu settar sérstakar reglur. Er heimilt að ákveða þar álag á bókfært verð þeirra eigna (þ. e. kostnaðarverð að frádregnum lögleyfðum afskriftum), þó þannig, að mats- verðið verði ekki herra en það verð, sem ætla má að eignirnar séu seljanlegar fyrir.

3. Ógreiddur söluskattur vegna viðskipta 1956 og ógreidd slysatrygginga- og atvinnurekendaíðgjöld vegna ársins 1956, samkv. lögum um almannatryggingar, teljast með skuldum til frádráttar eignum. Sömu leiðis ógreidd gjöld til atvinnuleysis- tryggingasjóðs.

Yfirfærslugjald samkv. lögum nr. 86/1956, um útflutningssjóð o. fl., sem leggst á erlendar skuldir, er stofnað var til fyrir árslok 1956, telst með skuldum.

Fyrirframgreiðsla upp í arf á árinu 1956, að frádregnum greiddum erfðafjár- skatti, leggst við eign þess, er greiðsluna innti af hendi, en dregst frá eign viðtak- anda. Skal sá skattur, sem á þá eign kemur, innheimtur hjá arfleifanda, en viðtak- andi eignar ber einnig ábyrgð á greiðslu hans. Ef eignarhluti í félagi hefur verið afhentur sem fyrirframgreiðsla upp í arf, skal þó sá skattur, sem á þá eign kemur, inn- heimtur hjá félaginu, sbr. 7. gr.

### 3. gr.

Ákvæði 3. kafla laga nr. 46/1954 um skattfrelsi sparifjár gilda við álagningu skatts samkvæmt lögum þessum, og ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð eru undanþegin skattinum eftir sömu reglum.

### 4. gr.

Hreinum eignum félaga, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutfjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skatt- álagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkv. sérstökum lögum.

Með eignum félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, telst ekki innstæðufé í sameignarsjóðum, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félags- manna við félagsslit, en á þá að afhendast því opinbera til varðveislu, sbr. lög nr. 46/1937.

Eignum dánarbúa skal skipt niður á erfingja, samkvæmt reglum erfðalaga, við 44  
 útreikning á skattskyldri eign. Nú skortir fullnægjandi greinargerð um, hvernig búi 3. júní  
 skuli skipt, og skal það þá skattlagt sem einstaklingur.

#### 5. gr.

Skattur samkv. lögum þessum reiknast þannig: Af 1 milljón kr. hreinni eign hjá hverjum einstaklingi greiðist enginn skattur. Af 1—1½ millj. kr. eign greiðist 15% af því, sem er umfram 1 milljón kr. Af 1½—3 millj. kr. eign greiðist 75 þús. kr. af 1½ millj. og 20% af afgangi. Af 3 millj. kr. eign og þar yfir greiðist 375 þús. kr. af 3 millj. og 25% af afgangi.

#### 6. gr.

Skatturinn skal greiðast í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda. Nú er skattur hærri en kr. 10 000.00, og er gjaldanda þá heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, er hann gefur út, en ríkisstjórnin ákveður form og texta skuldabréfanna. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 10 árum og séu ársvextir af þeim 6%.

Til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skal ríkissjóður fá veð í eign gjaldanda, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, sem samsvarar matsverði hennar til þessa skatts. Hlutabréf eru ekki veðhæf. Skipa skal nefnd eftir tilnefningu hæstaréttar, er hefur rétt til að ákveða, að niður falli kvöð á gjaldanda um veðsetningu, ef nefndin telur, að veðsetningin muni hindra eðlilegan atvinnurekstur gjaldanda.

#### 7. gr.

Félög skulu annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á félagsmenn þeirra eða hluthafa vegna eigna í félögunum, þar með taldar hlutafjár- og stofnfjár-eignir. Skal sá hluti skattsins innheimtur hjá félögunum. Slík útborgun frá félögum vegna félagsmanna eða hluthafa telst ekki skattskyld, hvorki sem arður til hluthafa né ráðstöfun á varasjóði. Félögin hafa rétt til þess að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa að greiða vegna eigna þeirra í félögunum, en eigi sæti þeir lakari greiðslukjörum en ákveðin eru samkv. 6. gr. Samvinnufélögum er þó aðeins heimilt að endurkrefja félagsmenn um þann hluta af skatti, sem lagður hefur verið á séreignir þeirra í félögunum, þ. e. stofnsjóðsinnstæður þeirra. Ákvörðun félags um það, hvort nota skuli endurkröfuheimild samkvæmt þessari grein, skal tekin á aðalfundi þess. Nú krefur hlutafélag hluthafa um endurgreiðslu á þeim skatti, sem það varð að greiða hans vegna, og er honum þá heimilt að greiða félaginu með hlutafjäreign sinni í því, á verði, sem svarar til mats á eignum félagsins til þessa skatts. Nú eignast hlutafélag af þessum ástæðum meira en 10% af greiddu hlutafé, og er því það þá heimilt án þess að hafa áður fengið leyfi atvinnumálaráðherra samkvæmt ákvæðum 2. málgr. 28. gr. laga nr. 77/1921.

Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað einstaklingi ber að greiða af nettó-eign sinni, annarri ber en eign í félagi. Það, sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi. Ef um fleiri en eitt félag er að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í þeim. Nú á félag eignarhlut í öðru félagi, og skal þá það félag greiða þann hluta skattsins, sem svarar til slíkrar eignarhlutdeildar, eftir hlutfallinu milli þess eignarhluta og heildar-eignar félagsins, að hlutafé eða stofnfé meðtöldu.

Dánarbú skal annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á eign arftaka í búinu samkv. síðustu málgr. 4. gr., nema að því leyti sem um er að ræða skatt af eignarhluta í félagi, sem innheimtur er hjá því. Skattur, sem dánarbú borgar vegna arftaka, dregst frá arfahluta hans.



44

3. júní

Skattur samkvæmt lögum þessum er ekki frádráttarbær frá tekjum við ákvörðun tekjuskatts skv. l. nr. 46/1954.

8. gr.

9. gr.

Skatti þeim, sem innheimtur verður samkvæmt lögum þessum, skal skipt þannig:  $\frac{1}{3}$  hluti renni til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og  $\frac{2}{3}$  hlutar til byggingarsjóðs ríkisins.

10. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins. Úrskurði skattstjóra má þó áfrýja til ríkisskattanefndar. Skattgreiðandi og fjármálaráðherra geta — hvor um sig — skotið úrskurði ríkisskattanefndar til dómstólanna, enda sé mál höfðað innan þess tíma, sem ákveðinn verður með reglugerð.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um álagningu skattsins, kærur út af honum, fresti, úrskurði og gjald-daga. Um framtöl og aðra skyldu til skýrslugjafar, innheimtu, lögtaksrétt, vangold-inn skatt, viðurlög og önnur þau atriði, sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, fer eftir ákvæðum laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Þessastöðum 3. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

45

4. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1941, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal útflutningsgjald af öllum íslenskum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, er nemi  $2\frac{1}{4}\%$  af verði afurðanna.

Til íslenskra afurða telst afli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

2. og 3. gr. laganna falli niður.

## 3. gr.

45

4. gr. laganna, sem verður framvegis 2. gr., orðist svo:

4. júní

Ríkissjóður sér um innheimtu gjaldanna, en tekjur af þeim — samkvæmt 1. gr. — skiptast þannig milli eftirtalinna aðila:

- a. Til Fiskveiðasjóðs skal verja 74% teknanna.
- b. Til að standa straum af stofnkostnaði vegna Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins skal verja 4%.
- c. Til Landssambands ísl. útvegsmanna renni 4%.
- d. Til Fiskimálasjóðs renni 18%.

## 4. gr.

Upphaf 5. gr. laganna, sem verður 3. gr., orðist svo:

Gjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal o. s. frv.

## 5. gr.

7. gr. laganna falli niður.

## 6. gr.

13. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist svo:

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

## 7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 38 5. apríl 1948 og lög nr. 92 29. desember 1953, hvor tveggja um breytingu á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um innheimtu og skiptingu útflutningsgjalda af sjávarafurðum, útfluttum árið 1957, skv. ákvæðum þessara laga.

## 9. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 81 5. júní 1947 og gefa lög in út svo breytt sem lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

*Gjört í Reykjavík, 4. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

46

29. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 94 27. des. 1956, um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað „sex“ komi: tólf.

b. Í stað „kr. 15000000.00 — fimmtán“ komi: kr. 38000000.00 — þrjátíu og átta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

47

5. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

2. gr.

Á eftir fyrri málsg. 2. gr. laganna komi ein málsg., svo hljóðandi:

Menntamálaráðherra getur sett sem skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum til félagsheimilis, að fleiri en eitt félag standi að byggingu þess, til þess að afnotaþörf verði sem bezt fullnægt og rekstur geti orðið sem hagkvæmastur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

## L Ö G

48

28. maí

## um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## 1. gr.

Tilgangur þessara laga er að efla og auka byggð í sveitum landsins með því að stuðla að fjölgun nýbýla, ræktun og byggingum í sveitum og þá m. a. að stækkun túna á þeim jörðum, þar sem ræktun er skemmst á vegg komin.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

## 2. gr.

Nýbýlastjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðarráðherra skipar formann nýbýlastjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru.

Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Laun hans skulu vera söm og búnaðarmálastjóra.

## 3. gr.

Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum eftir ákvörðun nýbýlastjórnar. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um frumræktun lands til stofnunar einstakra nýbýla, byggðahverfa í sveitum og til nytja fyrir kaupþún og kaupstaði. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem nýbýlastjórn hefur ákveðið að fengnu samþykki þeirra aðila, sem hlut eiga að máli.

Búnaðarfélag Íslands og Atvinnudeild Háskólans skulu veita nýbýlastjórn og landnámsstjóra þá sérfræðilega aðstoð, sem þeim er unnt.

## II. KAFLI

## Um landnám ríkisins.

## 4. gr.

Stofnun sú og starfsemi, er nýbýlastjórn og landnámsstjóri veita forstöðu, nefnist Landnám ríkisins.

## 5. gr.

Landnámsstjóri lætur eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kaupþún og kaupstaði.

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 5 milljónir króna á ári næstu 25 ár, í fyrsta sinn 1957.

## 6. gr.

Landnámsstjóri skal, eftir því sem við verður komið, láta gera heildaruppdrætti af byggð landsins og á grundvelli þeirra, í samráði við hreppsnefndir og héraðsstjórnir, gera tillögur um skipulag byggðarinnar, hvernig hagkvæmast sé að þetta

A 21

48 byggðina með skiptingu jarða og hvaða lönd séu hentug til afnota fyrir byggða-  
28. maí hverfi. Skulu hreppsnefndir og héraðsstjórnir, að fengnum slíkum tillögum, vinna að því, að þeim sé framfylgt við uppbyggingu og skiptingu jarða.

#### 7. gr.

Undirbúningur lands til ræktunar, sem landnámsstjóri framkvæmir til stofnunar byggðahverfa, skal vera í því fölginn að ná á eina hönd samfelldu landi til ræktunar og nytja, ræsa fram það land, sem rækta skal, svo og að undirbúa land til beitiræktar með framræslu og á annan hátt, leggja nýbýlavegi samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga nr. 36 14. maí 1955, eftir því sem fé er veitt til þeirra á fjárlögum, svo og að leggja frá þeim nauðsynlega heimreiðarvegi að býlunum, enn fremur að leggja aðalæðar til vatnsleiðslu og skólleiðslu.

#### 8. gr.

Landnám til stofnunar byggðahverfa skal fara fram á landi, sem er eign ríkisins eða bæjar- eða sveitarfélaga. Þó skal kaupa land í þessu skyni, ef þess gerist þörf. Heimilt er að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð, eignarnámi til þessara nota og einnig landsspildur af einstökum jörðum, sem eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð og þær geta án verið. Eignarnám má þó því aðeins fara fram, að öll nýbýlastjórn sé því samþykkt og fullreynt sé að dómi landbúnaðarráðherra, að samkomulag náist ekki um kaup á landinu.

#### 9. gr.

Áður en landnámsframkvæmdir eru hafnar á hverjum stað, skal landnámsstjóri, eftir tillögum nýbýlastjórnar, láta fara fram rannsókn á skilyrðum til ræktunar, rafvirkjunar, afnota af jarðhita, samgangna, markaðsskilyrðum og öðru, sem mestu máli skiptir í sambandi við stofnun byggðar á staðnum. Jafnframt skal hann láta gera skipulagsuppdrátt og kostnaðaráætlun um landnámið og þá byggð, sem þar á að rísa, ef um byggðahverfi er að ræða, og gera áætlanir og tillögur um það, hvers konar búskapur þar skuli rekinn.

Áætlanir og rannsóknir landnámsstjóra skulu lagðar fyrir nýbýlastjórn til samþykktar, áður en framkvæmdir hefjast.

#### 10. gr.

Áður en landnám er hafið, skal sveitarstjórn, þar sem það á að fara fram, gefinn kostur á því að gera grein fyrir, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, kauptúninu eða kaupstaðnum, og sveitar- eða bæjarfélagsins í heild.

Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, sker landbúnaðarráðherra úr.

#### 11. gr.

Þegar lokið er undirbúningi samkv. 7. gr. og ræktun, sem landnámi ríkisins ber að framkvæma samkvæmt þessum lögum, vegna fyrirhugaðrar stofnunar byggðahverfis, skal landið leigt einstaklingum á erfðaleigu með skilmálum, sem nánar skulu teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við fasteignamat lands og mannvirkja, sem kostuð eru af landnámsfé, og skal leigan vera 5% af fasteignamatsverðinu.

#### 12. gr.

Nýbýlastjórn er heimilt að semja við búnaðarsambönd eða ræktunarsamtök, sem hafa sett sér jarðræktarsamþykktir samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um að þau taki að sér að ræsa fram og undirbúa til ræktunar land þar, sem reisa á einstök

býli. Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar, sem hagkvæmt er að framkvæma verkið með fullkomnustu véllum.

### 13. gr.

Í hverri sýslu skal vera þriggja manna nýbýlanefnd. Skulu tveir þeirra kosnir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, að viðhafðri hlutfallskosningu, ef óskað er, en einn skipaður af nýbýlastjórn, og er hann formaður. Skipa skal héraðsráðunaut, þar sem því verður við komið. Kosning og skipun nefndarmanna gildir til 4 ára. Hlutverk nefndarinnar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúnings þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru samkvæmt lögum þessum, svo og að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum laga þessara sé fylgt.

## III. KAFLI

### Um almenn skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Landnáms ríkisins.

#### 14. gr.

Landnám ríkisins veitir fjárhagslega aðstoð samkv. lögum þessum sem hér segir:

1. Til stofnunar nýbýla, sem hafa landumráð og búrekstrarskilyrði, sem að lögum gilda um stærð lögbýla, að fengnu leyfi nýbýlastjórnar til nýbýlastofnunar, þó þannig:
  - a. Að ræktanlegt land til túnræktar, garðræktar eða akuryrkju sé minnst 25 ha á hverju býli eða þar séu aðrar jafngildar landsnytjar að dómi nýbýlastjórnar.
  - b. Að nýbýli fylgi beitiland, sem að dómi nýbýlastjórnar er fullnægjandi með tilliti til þeirra búgreina, sem telja má, að hagkvæmt verði að hafa á því, og með hliðsjón af möguleikum til beitiræktar þar.
2. Ef tveir eða fleiri bændur stofna til búskapar á sömu jörð með því að reka á henni félagshú, í stað þess að stofna á henni nýbýli, er heimilt að veita þeim aðstoð til ræktunar og bygginga þannig, að um sömu aðstoð til bændafjölgunar sé að ræða og veita bæri, ef nýbýlamenn ættu í hlut. Um skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið skal nánar ákveðið í reglugerð.
3. Til þess að endurreisa byggð á eyðijörðum og koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði, enda hafi jarðirnar eigi lakari skilyrði til búrekstrar en krafizt er fyrir nýbýli samkv. lögum þessum, m. a. að því er varðar landsstærð og ræktunarhæfi lands.
4. Enn fremur er heimilt að veita fjárhagslega aðstoð til garðyrkjubýla, er hafa umráð jarðhita til gróðurhúsaræktunar, er ætla má að dómi nýbýlastjórnar ríkisins að gefi meðalfjölskyldu nægilegar tekjur. Hitaréttindi þurfa þó að fullnægja hitaþörf 1000 fermetra flatar, miðað við nothæft hitagildi á viðkomandi stað.

Slíkum býlum má því aðeins veita framlags- og lánaréttindi, að þau séu utan skipulagðra svæða kaupstaða, og því aðeins skulu þau veitt í skipulagsskyldum þorpum, að veðhæfi ræktunarlands og lóða samrýmist lánareglum Ræktunar-sjóðs.

Innan kauptúna og skipulagsskyldra þorpa gilda þó ekki ákvæði 26. gr. né ákvæði b-liðar 44. greinar.

5. Til smábýla í sveitum fyrir þá, er aðalatvinnu hafa af iðnaði, handverki eða garðyrkju eða gegna föstum störfum í almenningsþágu, enda eigi þeir umráð a. m. k. 6 ha ræktunarhæfs lands og tilsvarandi beitarréttindi miðað við þær búgreinar, sem arðvænlegastar teljast á staðnum.

#### IV. KAFLI Um byggðahverfi.

##### 15. gr.

Þegar reisa skal byggðahverfi á landi, sem ríkið hefur numið samkvæmt II. kafla, skal landnámsstjóri í samráði við nýbýlastjórn gera áætlanir um stofnun byggðahverfanna, og sér hann síðan um framkvæmdir samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

##### 16. gr.

Byggðahverfi nefnist í lögum þessum minnst 3 býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir ákveðnu skipulagi, enda sé fullnægt skilræðum 14. gr.

##### 17. gr.

Þegar ákveðið hefur verið, að byggðahverfi skuli stofnað, skal Landnám ríkisins rækta 10 ha túns fyrir hvert býli. Landnámsstjóri sér um, að reist séu íbúðarhús, nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur við hæfi þess búrekstrar, sem fyrirhugaður er á býlunum. Til bygginganna útvegar hann lán úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði Íslands. Um fjárhæð þeirra lána fer samkvæmt lögum og reglum, er um útlán þessara sjóða gilda á hverjum tíma. Um framlag til íbúðarhúsa fer eftir ákvæðum 26. greinar.

##### 18. gr.

Býli, sem reist eru í byggðahverfi, skulu leigð, þegar byggingar hefjast á hverju býli, í erfðaábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, sbr. þó 11. gr. Forgangsrétt að erfðaábúð skulu hafa bændur og börn bænda á þeim jörðum, sem hverfislandið er fengið úr, og þar næst ábúendur í viðkomandi sýslu, sem ekki geta fengið lán úr Byggingarsjóði vegna þess, að jarðir þeirra dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

##### 19. gr.

Ef erfðaábúðarhafi býlis í byggðahverfi vill selja býli sitt, hefur Byggingarsjóður forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði að frádreginni fyrningu. Þetta gildir þó ekki, ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé söluverðið eigi hærra en kostnaðarverð að frádreginni fyrningu og kaupandi gerist þar sjálfur ábúandi.

##### 20. gr.

Hver bóndi í byggðahverfi skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum frá því er hann tók við býlinu og þeirri ræktun, sem Landnám ríkisins framkvæmir, enda ber honum skylda til að rækta að minnsta kosti á ári hverju  $\frac{1}{10}$  hluta þess lands, sem hann tók við óræktuðu, nema hann hafi næstu ár á undan lokið meiri ræktun en honum ber skylda til samkvæmt þessum ákvæðum. Vanræki hann þetta, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leigu og ábúðar á býlinu. Skal nýbýlastjórn skylt að hafa eftirlit með því, að jarðirnar séu vel setnar og svo sem lög þessi og reglugerðir, sem settar verða eftir þeim, mæla fyrir, og er heimilt að vikja af býlunum bændum þeim, sem uppfylla ekki þau fyrir-mæli, sem sett eru um ábúð þeirra.

##### 21. gr.

Ef erfðaábúðarhafi jarðar í byggðahverfi missir rétt sinn til leigu og ábúðar á býlinu samkvæmt 19. og 20. gr., eða vegna vanefnda þeirra atriða erfðaábúðarlaga,

nr. 116 30. des. 1943, sem útbýggingu varða, skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfaranda það, sem hann hefur í býlið lagt, samkvæmt mati dómkvaddra manna. 48  
28. maí

#### 22. gr.

Eigendum og ábúendum jarða í byggðahverfi veitist, eftir að stofnframkvæmdum er lokið, fjárhagsleg aðstoð samkvæmt sömu reglum og veitt er bændum á öðrum lögbýlisjörðum.

### V. KAFLI

#### Um nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa.

#### 23. gr.

Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Nýbýlastjórn lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hún sé nægilega góð til þess, að stutt skuli að því, að býlið verði reist.

Landnámsstjóra ber að veita aðstoð við útvegum lands til nýbýla samkvæmt þessum kafla, eftir því sem unnt er, sé þess óskað af hlutaðeigendum.

#### 24. gr.

Nú telur sá, er reisa vill nýbýli og hefur fengið til þess samþykki nýbýlastjórnar, sér henta að ljúka meiri eða minni undirbúningsframkvæmdum, svo sem framræslu og ræktun á hinu fyrirhugaða nýbýlalandi, áður en byggingar eru reistar, og skal hann þá njóta sama framlags frá Landnámi ríkisins til þeirra framkvæmda og þeir, sem byggja fyrst og rækta svo. Slíkt framlag er þó bundið eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að hlutaðeigandi hafi full eignarumráð eða erfðaábúðarréttindi á landi því, sem nýbýlið verður stofnað á.
- b. Að framkvæmdirnar séu gerðar í samráði við nýbýlastjórn eða trúnaðarmenn hennar.
- c. Að hlutaðeigandi skuldbindi sig til að hafa reist nauðsynlegar byggingar á landinu ekki síðar en 5 árum eftir að ræktunarframlag var fyrst greitt. Að öðrum kosti endurgreiði hann Landnámi ríkisins framlagið með 5% vöxtum frá greiðsludegi.
- d. Stofnandi nýbýlisins setji land nýbýlisins að veði með 1. veðrétti sem tryggingu fyrir því, að staðið verði við framangreindar skuldbindingar.

Veðbinding þessi fellur niður, þegar íbúðarhús hefur verið reist á landinu.

#### 25. gr.

Til nýbýla utan byggðahverfa skal veita fjárhagslegan stuðning samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru reist á ræktuðu landi, sbr. þó 28. gr., eða á landi, sem er vel fallið til ræktunar og búskapar, en eigi áður ræktað, enda sé fullnægt skilyrðum 14. gr. Nýbýlið skal fá úrskipt land með ákveðnum landamerkjum, hvarvetna þar, sem því verður við komið. Nýbýlastjórn skal verja ákveðinni fjárhæð til undirbúnings hvers býlis og greiða hana þeim, er býlið stofnar, eftir því sem ræktun miðar áfram á býlinu. Skal slík greiðsla, ef um nýbýli á óræktuðu landi er að ræða, við það miðast, að framlag sé veitt á 10 ha ræktun og að það að viðbættu jarðabótaframlagi svari til meðalkostnaðar við ræktun í byggðahverfum, og ákveðin á hverjum stað áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.

Heimilt er við ákvörðun nýbýlaframlags að taka tillit til þess kostnaðar, sem leiðir af heimreið að býlinu.



48

28. maí

Til íbúðarhúsabygginga á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 25 þúsund krónum á hverju býli, sem greiðist að hálfu, þegar hús er fokhelt, og að fullu, þegar byggingu þess er lokið, sbr. 17. gr.

Til þessara ráðstafana leggur ríkissjóður fram minnst 1½ milljón króna árlega, í fyrsta sinn 1957.

27. gr.

Nýbýli, sem stofnuð eru úr landi einstaklinga, njóta því aðeins þeirra réttinda, er um getur í 25. gr., að stofnandi býlisins hafi eignarumráð á því landi, sem býlinu fylgir, og að landið sé laust við öll veðbönd, þegar stofnunarheimild er útgefin.

28. gr.

Þegar nýbýli er stofnað í landi jarðar, skal þess gætt, að jörðin hafi eftir minnst 10 ha tún, ef verið hefur svo stórt, og svo mikið landrými, að nægilegt teljist til búskapar að dómi nýbýlastjórnar.

29. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli samkvæmt þessum kafla, eitt eða fleiri, á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Einnig er henni heimilt að kaupa lönd í sama skyni. Skal þá undirbúningur undir stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðahverfum og forkaupsréttur að býlunum með sama hætti.

30. gr.

Nú vill eigandi nýbýlis selja það eða verður að láta það af hendi, og skal þá, ef fram er tekið í samningi með samþykki landnámsstjóra, sá, er landið lét af hendi af eign sinni, og börn hans eiga forkaupsrétt að því fyrir kostnaðarverð að frádreginni fyrningu, enda sjái kaupandi um, að nýbýlið sé í sérstakri ábúð. Þetta gildir þó því aðeins, að nýbýlið sé stofnað á landi einnar jarðar. Að öðru leyti gilda um sölu og afhendingu nýbýlis. samkv. þessari grein, sömu reglur og í byggðahverfum, sbr. 19. gr.

## VI. KAFLI

Um endurbyggingu eyðjarða, eftirlit með ábúð á jörðum og sérframlög til jarða, þar sem ræktun er skemmst á veg komið.

31. gr.

Skylt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir (sérmetnar) fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar. Skal hún hafa um það samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að notaðar séu heimildir ábúðarlaganna til að koma í veg fyrir jarðníðslu og að byggilegar jarðir séu lagðar í eyði. Nýbýlastjórn ber enn fremur að vinna að því í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að jarðir, sem komnar eru í eyði, en veita þau skilyrði til búrekstrar, er að framan greinir, byggist aftur þar til hæfum mönnum. Skylt er hreppstjóra hverjum að senda nýbýlastjórn skýrslu um hver áramót um allar jarðir í hreppnum, byggðar og óbyggðar, þar með taldar þær jarðir, er 3. gr. ábúðarlaganna ræðir um. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirsögn nýbýlastjórnar, og ber henni að ganga eftir því, að þær séu gerðar. Henni ber og að láta gera jarðaskýrslu fyrir allt landið ár hvert.

## 32. gr.

Nýbýlastjórn skal, svo fljótt sem tök eru á, láta rannsaka skilyrði til ræktunar og búrekstrar á eyðijörðum og jörðum, sem ekki eru nytjaðar nema að einhverju leyti, sbr. 3. gr. ábúðarlaganna. Við rannsókn þessa skal safna upplýsingum um öll þau atriði, er máli skipta vegna búrekstrar á hverri einstakri jörð, og hvað varð þess valdandi, að hún fór að einhverju eða öllu leyti í eyði. Skal þetta þannig gert, að þeir, sem falast eftir jarðnæði, geti fengið rétta og greinilega hugmynd um jörðina og þá aðstöðu til búrekstrar, er hún veitir.

Nýbýlastjórn skal árlega gera sérstaka skrá yfir þær af þessum jörðum, sem hún telur rétt að byggja og eru lausar til ábúðar. Skrá þessi skal birt almenningi.

## 33. gr.

Skylt er nýbýlastjórn að veita þeim, er þess óska og hafa hug á að reisa bú í sveit, upplýsingar um þær jarðir, sem eru lausar til ábúðar og um ræðir í 32. gr. Umsækjendur um jarðnæði, sem uppfylla þær kröfur, er gera verður til húandi manna í sveit, skulu njóta þeirrar aðstoðar nýbýlastjórnar við útvegum jarðnæðis, er hún getur í té látið.

## 34. gr.

Nú leiðir rannsókn í ljós, að einhver ákveðinn annmarki veldur því, að jörð, sem nýbýlastjórn hefur full umráð yfir, byggist ekki, en jörðin er að öðru leyti vel fallin til ræktunar og búrekstrar, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráða bót á þessu, ef þess er kostur. Kostnaður af þessum framkvæmdum má þó aldrei fara fram úr áætluðum meðalkostnaði býlis í byggðahverfi.

## 35. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að kaupa einstakar jarðir, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja örugga ábúð á jörðunum. Kaupverð slíkra jarða skal eigi fara fram úr því verði, er nýbýlastjórn greiðir á sama tíma fyrir lönd undir byggðahverfi.

## 36. gr.

Verði jarðeigandi brotlegur við ákvæði 3. gr. ábúðarlaganna, og hlutaðeigandi sveitarstjórn notar ekki þá heimild, sem henni er veitt samkvæmt 3. og 4. gr. sömu laga til að ráðstafa jörð, sem komin er í eyði eða niðurniðslu og nýbýlastjórn telur vel fallna til búrekstrar, er nýbýlastjórn heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, er ábúðarlögin heimila hreppsnefndum, til þess að jörðin verði endurbyggð af þar til hæfum manni. Nýbýlastjórn er enn fremur heimilt að ganga í þau kaup, er um ræðir í 2. málsg. 4. gr. ábúðarlaganna, að hlutaðeigandi hreppsnefnd frágenginni, ef nýbýlastjórn telur það henta.

## 37. gr.

Jarðir, sem nýbýlastjórn fær eignarumráð yfir samkv. heimild 35. og 36. gr., skulu auglýstar til sölu og ábúðar. Skylt er kaupanda að gera jörðina að ættaróðali samkvæmt ákvæðum laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Söluverð jarðar sé kostnaðarverð nýbýlastjórnar, þar með talinn kostnaður við þær umbætur, sem gerðar kunna að verða á jörðinni samkv. 34. gr. Heimilt er þó nýbýlastjórn að veita styrk vegna ræktunarumbóta tilsvarendi ákvæðum 25. gr., þegar jörðin hefur verið tekin til ábúðar. Jarðir þessar njóta réttar til lána úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði Íslands, að ábúð tryggðri, eftir sömu reglum og byggðar jarðir.

48

28. maí

38. gr.

Sé hætt á að jarðir fari í eyði vegna vöntunar á viðunandi lífsafkomu fyrir meðalfjölskyldu sökum skorts á ræktun eða vegna brunatjóns, skal landnámsstjóri athuga búrekstraraskilyrði á þeim og leita um þær umsagnar hlutaðeigandi nýbýlanefnda. Telji hann tryggt, að jörð sé hægt að bæta svo með ræktun, að þar megi hafa minnst 10 ha tún, og önnur búskaparskilyrði eru allgóð, þá er nýbýlastjórn ríkisins heimilt að veita til hennar óafturkræft framlag samkv. þessum lögum, sbr. 14. gr., 3. tölul., og 41. gr. Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði. Framræslukostnaður og framlög til hans samkv. jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkv. þessari grein.

39. gr.

Landnámsstjóri getur í samráði við stjórnir og framkvæmdastjóra ræktunarsambanda á grundvelli rannsóknar, er Landnám ríkisins framkvæmir, gert áætlun um ræktunarframkvæmdir samkv. 38. gr. á hverju ræktunarsambandsvæði, enda sé þar fram tekið, hvaða jarðir falli undir ákvæði greinarinnar. Jafnan skal þess gætt, að slík aðstoð sé veitt fyrst á þeim svæðum, þar sem það getur komið í veg fyrir, að heill hreppur eða verulegur hluti hrepps fari í eyði.

40. gr.

Þar, sem Landnám ríkisins eða ræktunarsambönd taka að sér ræktunarframkvæmdir, svo sem framræslu, jarðvinnslu og frágang ræktunar, eiga þessar stofnanir forgangsrétt til þeirra framlaga, er greidd verða út á umbæturnar samkvæmt jarðræktarlögum og ákvæðum 38. gr.

41. gr.

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 38. gr., greiðir ríkissjóður 4 milljónir króna á árinu 1957, og síðan 5 millj. kr. á ári næstu 4 árin.

## VII. KAFLI

### Um Byggingarsjóð sveitabæja.

42. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður sveitabæja og er deild í Búnaðarbanka Íslands, í lögum þessum nefndur Byggingarsjóður. Stofnfé sjóðsins er: Byggingarsjóður, Nýbýlasjóður og Smábýladeild Búnaðarbanka Íslands, eins og þeir eru nú.

43. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemur minnst 2½ milljón króna, næstu 25 ár, í fyrsta skipti árið 1957.

44. gr.

Sjóðurinn veitir lán gegn veði í jörðum ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, er þeim fylgja:

- a. Til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum samkv. VIII. kafla þessara laga.
- b. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa á nýbýlum samkv. IV. og V. kafla, VI. og VII. kafla þessara laga.
- c. Til byggingar peningshúsa samkv. 55. gr.

Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs, að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita hærri lán en 75% kostnaðarverðs til einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans. **48**  
28. maí

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda séu þær í erfðaábúð, ella komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

#### 45. gr.

Þegar stjórn Byggingarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu samkvæmt 44. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni, allt að 80% af hinu áætlaða endanlega láni, en slík bráðabirgðalán skulu greidd að fullu um leið og hin föstu lán eru afgreidd. Skal bráðabirgðalán veitt jafnóðum og verkinu miðar áfram. Vextir af bráðabirgðalánum skulu vera 5%.

#### 46. gr.

Byggingarsjóði er heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim lánum, sem álitin eru æskileg, að taka lán eða gefa út handhafavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lántakenda, stofnfé sjóðsins og ábyrgð rikissjóðs.

#### 47. gr.

Lán þau, er sjóðurinn veitir, skulu endurgreidd með jöfnum árlegum greiðslum, og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 3½%. Skal stjórn sjóðsins ákveða um hvert lán, til hve langs tíma það er veitt, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsféð eru reistar. Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára.

#### 48. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
3. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

#### 49. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til þess að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja sjóðnum það út til eignar, ef þörf er á.

Byggingarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

#### 50. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Byggingarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

#### 51. gr.

Byggingarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

48

28. maí

Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins, og skal bankastjórinn ákveða allar lánveitingar hans. Um lánveitingar til nýbýla jafnt í byggðahverfum sem til einstakra býla skal hann fara eftir tillögum nýbýlastjórnar. Um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á öðrum sveitabýlum skal bankastjóri hafa samráð við nýbýlastjórn eða framkvæmdastjóra hennar.

52. gr.

## VIII. KAFLI

## Um endurbyggingu íbúðarhúsa á jörðum.

53. gr.

Lán úr Byggingarsjóði til endurbyggingar íbúðarhúsa á jörðum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum, og sé gerð hússins utan og innan samþykkt af stjórn sjóðsins.
2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda, frá hlutaðeigandi byggingarnefndum, og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf á íbúð hans.
3. Að nýbýlastjórn hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um, að býlið sé til fram-búðar, og að íbúðarhús það, sem reisa á, sé við hæfi þess og að það verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíðargildi þess.

54. gr.

Lán úr Byggingarsjóði skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, að hús eða viðbygging við hús sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að telja megi það jafngilt nýju húsi til íbúðar.

55. gr.

Ef nýbýlastjórn telur nauðsynlegt, að bæjarhús séu færð, getur Byggingarsjóður sett að skilyrði fyrir láni til endurbyggingar, að það sé gert. Hins vegar á þá býlið rétt til láns úr Byggingarsjóði til endurbyggingar peningshúsa, ef staðfærsla íbúðarhúss hefur í för með sér, að peningshús séu líka færð úr stað.

## IX. KAFLI.

## Um viðhaldsskyldu o. fl.

56. gr.

Nýbýlastjórn skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eru eða endurbyggð samkvæmt lögum þessum. Skal nákvæmlega frá því skýrt, hvenær hvert býli er reist eða endurbyggt, hver hefur orðið kostnaður við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins, við ræktun þess og byggingu, hver lánskjörin hafa verið, hvernig lánin hafa greiðzt, hve mikið eigendur þess og ábúendur hafa lagt fram til þess að koma því upp, auk annars, sem nauðsynlegt þykir að skýra frá. Þá skal nýbýlastjórn afla sér skýrslna um rekstrarafkomu hvers býlis svo sem við verður komið. Getur hún lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er lán fær úr Byggingarsjóði, að halda búreikninga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og Búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Yfirlitsskýrslur um býli þau, sem reist eru með lánnum úr sjóðnum, svo og afkomu búreikstrarins á býlunum skal nýbýlastjórn birta svo oft sem ástæða þykir til og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

## 57. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Byggingarsjóði, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Nýbýlanefndir í héruðum skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins þegar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn sjóðsins veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er úbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina.

## 58. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, skal sjóðurinn, nema um erfðaskipti sé að ræða eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. málsl. 19. gr., hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Byggingarsjóð, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða. Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Byggingarsjóðs, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943. Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 55 5. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum, skulu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem nauðsyn krefur. Ef Byggingarsjóður eða sveitarstjórn kaupa jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn veði eða leigukjörum, er samsvarar kaupverðinu.

## X. KAFLI

## Um Ræktunarsjóð Íslands.

## 59. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður Íslands og er í lögum þessum kallaður Ræktunarsjóður. Hlutverk hans er að styðja landbúnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

## 60. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands, eins og hann er nú.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands.
3. Sá hluti höfuðstóls Viðlagasjóðs, sem er eign Ræktunarsjóðs Íslands.
4. Varasjóður Loðdýralánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

## 61. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Tekjur af þjóðjörðum og andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar kunna að verða.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 1.6 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1956.

## 62. gr.

Ræktunarsjóður veitir stofnlán til jarðræktar, peningshúsa og geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin jarðyrkja, vermírækt og loðdýrækt, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva landbúnaðarverkfæra, verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

**48** Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að  
 28. maí meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Um lánveitingar, er stjórn sjóðsins telur vafa leika á, hvort veita skuli, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands eða nýbýlastjórnar ríkisins, eftir því sem við á.

Við ákvörðun lánanna skal stjórn sjóðsins taka tillit til þess, hvað mikil önnur veðlán hvíla á eigninni.

Lán þessi skulu ekki veitt fyrir en að fullloknum framkvæmdum eða kaupum þeim, sem þau eru veitt til.

### 63. gr.

Þegar stjórn Ræktunarsjóðs hefur ákveðið að veita lán samkvæmt 62. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan á framkvæmdum stendur, gegn veði í framkvæmdinni og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir, svo sem handveði, persónulegum ábyrgðum eða öðru, er hún tekur gilt sem tryggingu fyrir bráðabirgðaláninu.

Þessi lán mega nema allt að 80% af hinu áætlaða láni, og skulu þau greidd að fullu um leið og stofnlánið er tekið.

### 64. gr.

Vextir af öllum stofnlánnum Ræktunarsjóðs skulu vera 4%, en af bráðabirgðalánnum 5%.

### 65. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi á veðskuldir til annarra en Byggingarsjóðs eða annarra opinberra sjóða undan veðrétti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánið er veitt til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum og verkfærum, sem keypt eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir tölulið 1, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkvæmt tölulið 2—4, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð sýslufélags. Ábyrgð sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verksmiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánnum úr Ræktunarsjóði, að váttryggd séu í váttryggingastofnun, er sjóðurinn tekur gilda.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eigu á sama hátt og aðrar jarðir, séu þær í erfðaábúð, en ella komi veðleyfi landbúnaðarráðherra til hverju sinni.

**66. gr.**

48

28. maí

Ríkissjóður aflar Ræktunarsjóði lánsfjár að upphæð tíu millj. kr., með  $1\frac{1}{2}\%$  vöxtum. Sjóðurinn endurgreiðir lánið með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Seðladeild Landsbanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána Ræktunarsjóði nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hans, þó eigi yfir 10 millj. kr., gegn  $1\frac{1}{2}\%$  vöxtum. Ræktunarsjóðurinn skal endurgreiða seðladeild Landsbankans lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Ræktunarsjóðs gagnvart seðladeildinni.

**67. gr.**

Ræktunarsjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf allt að fjórföldum stofnsjóði sínum. Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

**68. gr.**

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftari, ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða öðrum þeim, er stjórn sjóðsins tekur gildan, fyrir því, að veði því, sem lánað hefur verið út á, hafi vel verið við haldið og að það hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

**69. gr.**

Lánstíminn skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er. Ef lánið er til túnræktar eða nýrra bygginga, má lánstíminn vera allt að 25 árum, svo og til þeirra framkvæmda við vermirækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsaukningar og annars þess, sem ekki á tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar greint í reglugerð, hve langur lánstíminn má vera til hvers konar lána.

Lán til túnræktar mega vera afborgunarlaus þrjú fyrstu árin, en annars skulu öll lán sjóðsins greidd jöfnum afborgunum, nema lántakandi vilji greiða þau fyrr og fljótar en venja er.

**70. gr.**

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Ræktunarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Ræktunarsjóði hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskipti.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, er veðsettar eru Ræktunarsjóði.

**71. gr.**

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Ræktunarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt, eins og venja er um veð fyrir lánnum, sem í gjalddaga eru komin.

**72. gr.**

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Ræktunarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.



48

28. maí

Ræktunarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

73. gr.

74. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

75. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögnum.

## XI. KAFLI

### Um Teiknistofu landbúnaðarins.

76. gr.

Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

77. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna nefnd, er hafi það verkefni í samvinnu við Teiknistofu landbúnaðarins að gefa sem ákveðnastar leiðbeiningar um hagkvæmstu gerð bygginga á sveitabýlum, og þá sérstaklega peningshúsa. Nefndin lætur rannsaka gerð og gæði húsa, sem nú eru til eða reist verða, með tilliti til þess, að með því fáiist grundvöllur undir öruggari leiðbeiningastarfsemi í byggingarmálum sveitanna.

78. gr.

Í nefndinni skulu vera: Forstöðumaður Teiknistofu landbúnaðarins, yfirdýralæknir, nautgriparræktarráðunautur og sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands og einn maður, er landbúnaðarráðherra skipar í nefndina án tilnefningar. Landbúnaðarráðherra ákveður, hver skuli vera formaður nefndarinnar.

79. gr.

Heimilt er nefndinni með samþykki landbúnaðarráðherra að ráða sérfræðing til þess að framkvæma þær rannsóknir, sem nefndin telur nauðsynlegt að gera. Hann skal hafa eftirlit með athugunum og rannsóknum, er gerðar verða í þágu byggingarstarfseminnar hjá einstökum bændum eða á opinberum búum, og vinna úr gögnum þeim, sem aflað er, í samráði við nefndina.

Kostnaður við byggingarrannsóknir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

80. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eru veitt til úr Byggingarsjóði, Ræktunarsjóði Íslands eða öðrum opinberum sjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins og veita lán til bygginga í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánnum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsum.

81. gr.

Teiknistofan lætur gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum. Enn fremur leitar hún aðstoðar húsgagnaarkitekta, islenzkra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til þess

að þau verði sem smekklegst og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóð- **48**  
um þeim, er um ræðir í 80. gr., svo og stjórnir byggingarféлага verkamanna og bygg- **28. maí**  
ingarsamvinnuféлага skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því  
sem teiknistofan getur í té látið.

### 82. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðs-  
skóla eða annars staðar til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagnagerð  
lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan  
veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem  
almennustum notum við húsgagnagerð.

### 83. gr.

Teiknistofan veitir bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og  
annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbein-  
ingum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum af húsum og húsgögnum. Teikni-  
stofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka  
þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa,  
eftir því sem við verður komið.

### 84. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun  
hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teikni-  
stofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðu-  
maður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka  
Íslands.

### 85. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán veita til  
húsbygginga í sveitum. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í  
sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðirnir veita til bygginganna.

## XII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

### 86. gr.

Um framlög ríkisins til ræktunar og útihúsa fer eftir jarðræktarlögum.

### 87. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja,  
um framkvæmd þessara laga.

### 88. gr.

Um endurskoðun Byggingarsjóðs og Ræktunarsjóðs Íslands, starfsskýrslur o. fl.,  
fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

### 89. gr.

Reikningar Landnáms ríkisins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðar-  
banka Íslands og birtir með reikningum bankans. Reikningarnir skulu sendir land-  
búnaðarráðherra og lagðir fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis ár hvert.

48

28. maí

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi felld lög nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, lög nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

90. gr.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta greiðslu framlaga fara fram eftir lögum þessum á þeim nýbýlum, er eigi hafa notið fullnaðaraðstoðar samkvæmt lögum nr. 20 31. jan. 1952.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

49

29. maí

## L Ö G

### um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin starfrækir tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Akureyri, hina á Siglufirði. Nafn fyrirtækisins er Tunnuverksmiðjur ríkisins.

2. gr.

Verkefni Tunnuverksmiðja ríkisins er að annast smíði á tunnum fyrir salt-síldarframleiðslu, saltkjötsframleiðslu og aðrar framleiðsluvörur, eftir því sem henta þykir.

3. gr.

Stefnt skal að því, að allar tunnur, sem síldarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar í Tunnuverksmiðjum ríkisins, að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við milliríkjasamninga. Leitast skal við að vanda framleiðslu verksmiðjanna og gera hana samkeppnisfæra við erlenda framleiðslu um verð og gæði.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að endurbæta verksmiðjurnar og búa þær húsa- og vélakosti, svo að fullnægt verði ákvæðum 3. gr. Nær heimild þessi til þess að byggja tunnugeymsluskýli við verksmiðjuna á Akureyri, er rúmi allt að 50 þús. tunnum, og einnig til þess að gera nauðsynlegar endurbætur á verksmiðjuhúsinu.

5. gr.

Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr., og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja þriðju verksmiðjuna á Austur- eða Norðausturlandi.

6. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af ákvæðum 4. og 5. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán, allt að 5 milljónum króna.

## 7. gr.

49

Síldarútvegsnefnd, sbr. lög nr. 74 29. des. 1934, annast allar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum og hefur á hendi stjórn verksmiðjanna.

## 8. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu, ef þurfa þykir, sett með reglugerð.

## 9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmiði, og lög nr. 41 9. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

50

um menningarsjóð og menntamálaráð.

5. júní

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## Um menningarsjóð.

## 1. gr.

Hlutverk menningarsjóðs er að styðja íslenska menningu með því að efla listir og vísindi.

## 2. gr.

Menntamálaráð hefur á hendi yfirstjórn menningarsjóðs. Menntamálaráð gerir árlega áætlun um tekjur og gjöld menningarsjóðs. Skal hún borin undir menntamálaráðherra til samþykktar. Þegar sett hafa verið lög um vísindasjóð og Listasafn ríkisins, skal leita umsagnar stjórnna þessara stofnana um fjárframlög til þeirra, áður en fjárhagsáætlun menningarsjóðs er samin. Tekjum menningarsjóðs og þeirra stofnana, sem reknar verða á vegum hans, má eingöngu verja í þágu sjóðsins (sbr. 4. gr.).

## 3. gr.

Til menningarsjóðs falla árlega þessar tekjur:

- a. Gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.
- b. Allar tekjur af seldu áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af réttvisinni, allar tekjur af seldum skipum, sem af sams konar ástæðu hafa verið gerð upptæk, svo og allar sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, bæði samkvæmt landslögum og lögreglusamþykktum.

50

5. júní

4. gr.

Tekjum menningarsjóðs skal varið til eftirfarandi menningarmála:

- a. Til vísindasjóðs (árlegt framlag).
- b. Til bókaútgáfu.
- c. Til kaupa á listaverkum í Listasafn ríkisins.
- d. Til stuðnings gerð islenzkra menningar- og fræðslukvikmynda.
- e. Til eflingar þjóðlegum fræðum og athugana á náttúru landsins.
- f. Til styrktar islenzkri tónlist og myndlist.
- g. Til kynningar á islenzkri menningu, innan lands og utan.
- h. Til greiðslu fargjalda, sbr. 7. gr.
- i. Til annarrar menningarstarfsemi, að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

5. gr.

Að minnsta kosti 5% af árlegum heildartekjum menningarsjóðs samkvæmt 3. gr. a. og b. skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild menningarsjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en þó er menntamálaráði heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að verja fé stofndeildar til kaupa á fasteignum, sem notaðar yrðu í þágu menningarmála, svo sem húsnæðis fyrir starfsemi menningarsjóðs og stofnana hans. Heimilt er menntamálaráði að verja vöxtum af fé stofndeildar og tekjum af fasteignum hennar til almennrar starfsemi menningarsjóðs.

## II. KAFLI

### Um menntamálaráð.

6. gr.

Menntamálaráð skipa fimm menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. Hlutgengur í menntamálaráð er hver islenzkur borgari, sem hefur kosningarrétt til Alþingis og er búsettur í Reykjavík eða svo nærri bænum, að hann eigi auðvelt með að sækja þangað daglega fundi. Menntamálaráð skiptir sjálft með sér verkum í byrjun hvers kjörtímabils. Skal þóknun fyrir störf þess ákveðin af menntamálaráðherra.

7. gr.

Hlutverk menntamálaráðs Íslands er:

- a. Að hafa með höndum yfirstjórn menningarsjóðs og ákvarða um árlega heildarskiptingu á tekjum sjóðsins milli þeirra flokka menningarmála, er sjóðnum ber að styðja (sbr. 4. gr.).
- b. Að annast yfirstjórn Bókaútgáfu menningarsjóðs og velja bækur þær, sem út eru gefnar.
- c. Að hafa yfirumsjón með Listasafni ríkisins, þar til lög verða sett um safnið, og standa fyrir sýningum innan lands og utan á islenzkri list, listiðnaði, bókum og handritum.
- d. Að hafa yfirumsjón með listaverkaskreytingum opinberra bygginga.
- e. Að láta gera islenzkar menningar- og fræðslukvikmyndir eða að stuðla að gerð þeirra og styðja á annan hátt innlenda kvikmyndagerð.
- f. Að veita styrki til rannsókna á þjóðlegum fræðum, til athugana á náttúru landsins og til eflingar islenzkri tónlist og myndlist.
- g. Að úthluta námsstyrkjum þeim og námslánum, sem og þeim styrkjum öðrum, sem fé er veitt til í fjárlögum og menntamálaráði er þar falið að úthluta.
- h. Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annarra landa til manna, sem fara til útlanda til námsdvalar o. fl.

- i. Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða til eflingar listum 50 og vísindum á Íslandi, enda sé menntamálaráði falið þetta vald í stofnskrám 5. júní sjóðanna.
- j. Að efla á annan hátt íslenska menningarviðleitni, eftir því sem tók eru á og hagar menningarsjóðs á hverjum tíma leyfir.

## 8. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstjóra menningarsjóðs að fengnum tillögum menntamálaráðs. Skal honum falið að annast daglega stjórn og fjárreiður sjóðsins og sjá um framkvæmdir á ákvörðunum menntamálaráðs.

Laun forstjóra menningarsjóðs skulu ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert, skal menntamálaráðherra ákveða þau.

Forstjóri menningarsjóðs á sæti á fundum menntamálaráðs og hefur þar mál-frelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

## 9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 7 frá 12. apríl 1928, um menntamálaráð Íslands, og lög nr. 54 frá 7. maí 1928, um menningarsjóð.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 5. júní 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

## L Ö G

um vísindasjóð.

51

5. júní

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

Stofnun og verksvið vísindasjóðs.

## 1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður. Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag úr menningarsjóði, a. m. k. 800 þús. kr. A. m. k. 5% af árlegum peningatekjum vísindasjóðs skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins.

## 2. gr.

Það er hlutverk vísindasjóðs að efla íslenskar vísindarannsóknir.

Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn:

- a. Einstaklinga eða vísindastofnanir vegna tiltekinna rannsóknaverkefna.
- b. Kandidata til vísindalegs sérnáms og þjálfunar.
- c. Rannsóknastofnanir til kaupa á tækjum, ritum eða rannsóknæfnum.

## II. KAFLI

## Skipulag og stjórn vísindasjóðs.

## 3. gr.

Vísindasjóður greinist í tvær deildir, raunvísindadeild og hugvísindadeild. Raunvísindadeild annast styrkveitingar til rannsókna á sviði náttúruvísinda, þar með taldar eðlisfræði og kjarnorkuvísindi, efnafræði, stærðfræði, læknisfræði, líffræði, lífeðlisfræði, jarðfræði, dýrafræði, grasfræði, búvísindi, fiskifræði, verkfræði og tæknifræði.

Hugvísindadeild annast styrkveitingar á sviði sagnfræði, bókmennta, málvísinda, félagsfræði, lögfræði, hagfræði, heimspeki, guðfræði, sálfræði og uppeldisfræði.

## 4. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 þeirra ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar, en formaður og varaformaður skulu skipaðir af menntamálaráðherra.

Stjórn vísindasjóðs er í fyrirsvari fyrir sjóðinn gagnvart stjórnarvöldum og óðrum aðilum og sér um fjárvörzlu sjóðsins. Hún ákveður einnig, hvernig skipta skuli fjárframlagi til vísindasjóðs á milli deilda hans, og setur, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, reglur um verkefnaval og styrkveitingar úr sjóðnum, en deildarstjórnirnar úthluta síðan fénu til einstakra verkefna og framkvæmda, sbr. 6. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal vera ólaunuð.

## 5. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

- a. Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af rannsóknaráði ríkisins, einn af læknadeild Háskóla Íslands, einn af verkfræðideild Háskóla Íslands og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.
- b. Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af heimspékideild Háskóla Íslands, einn af laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands, einn af Félagi íslenzkra fræða og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum og félögum, sem fást við rannsóknir á sviði hugvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.
- c. Menntamálaráðherra skipar formenn deildarstjórna án tilnefningar.
- d. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

## 6. gr.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum hvor úr sínum hluta vísindasjóðs og hafa eftirlit með því, að þeim sé varið í samræmi við það, sem áskilið var, er þeir voru veittir. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó boðið vísindamanni eða forráðamanni rannsóknastofnunar fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrkur er veittur til eins árs í senn, en heimilt er að endurveita hann.

Stjórn deildar getur átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum efnum og skipulagt þær.

## 7. gr.

51

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd 5. júní laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar vísindasjóðs.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 5. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.*

## L Ö G

52

um eyðingu refa og minka.

5. júní

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefur undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra stjórn allra aðgerða til útrýmingar refum og minkum. Skipar ráðherrann veiðistjóra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Skal hann starfa undir stjórn þess og hafa haldgóða þekkingu á lifnaðarháttum refa og minka og góða reynslu af veiðiaðferðum og öðru, sem unnt er að beita til útrýmingar vargdýrum þessum.

Ef menntamálaráðherra telur henta, að fengnu álitum Búnaðarfélags Íslands, getur hann falið veiðistjóra yfirumsjón með eyðingu svartbaks og annarra skaðlegra dýra, er herja kunna í náttúruríki landsins. Þá getur hann einnig falið veiðistjóra vernd og yfirumsjón hreindýrastofnsins.

## 2. gr.

Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um refa- og minkastofninn og útbreiðslu hans í landinu, leiðbeina veiðimönnum, er fást við eyðingu refa og minka, halda námskeið fyrir veiðimenn og skipuleggja aðgerðir á stærri svæðum, þegar nauðsyn þykir, og gera tilraunir með ný tæki og vinnsluaðferðir, er líklegar þykja til þess að eyða dýrum þessum. Hann skal árlega gera yfirlit um veiðiaðgerðir í landinu og árangur þeirra, enda er sýslumönnum skylt að senda honum allar veiðiskýrslur og upplýsingar, er veiðistjóri þarf vegna starfs síns. Yfirlit þetta skal birta ár hvert opinberlega.

Skylt er veiðistjóra að gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um allt það, er hann telur að stuðla megi að útrýmingu refa og minka.

## 3. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu ásamt veiðistjóra sjá um, að stjórnir bæja og sveita annist eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði. Eigi fleiri sveitir eða bæir sameiginlegt upprekstrarland, skal fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags eyðingu nefndra vargdýra, og skal kostnaði við eyðingu jafnað á þá aðila, er upprekstrarrétt eiga, án tillits til þess, hvort upprekstrarréttur er notaður eða ekki.



52 Nú hefur hreppur farið í eyði, og skal þá sýslumaður sjá um framkvæmd laga 5. júní þessara á því svæði á kostnað ríkissjóðs, sem svarar hluta hreppsins.

4. gr.

Sérhver sveitar- og bæjarstjórn eða stjórn upprekstrarfélags, sbr. 3. gr., skal á hverju vori sjá um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins (bæjarfélagsins), hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins (bæjarfélagsins), og sjá um vinnslu grenja og minkabæla.

5. gr.

Stjórnir sveita, bæja eða upprekstrarfélaga skulu ráða veiðimenn, einn eða fleiri, til þess að leita að og vinna greni og minkabæli á þeim svæðum, sem þeim ber skylda til.

Ráða skal sérstakan mann eða menn (skotmenn) til þess að vinna greni. Heimilt er einnig að ráða vökumann, sem skotmaður tekur gildan, til þess að vera með skotmanni á greni.

Þar sem betur þykir henta, skal að fengnu samþykki skotmanns ráða sérstakan mann eða menn til þess að vinna mink og minkabæli. Skal sýslumaður, í samráði við veiðistjóra, hafa eftirlit með því, að veiðimenn þessir geri tvisvar á ári að minnsta kosti skipulagða leit á þeim slóðum í lögsagnarumdæminu, sem minka er helzt von, í því skyni að eyða mink.

Veiðimenn þeir, sem hér um ræðir, skulu reiðubúnir til starfs, þegar þörf krefur og hvenær sem greni eða minkabæli finnst.

6. gr.

Óheimilt er öðrum en skotmönnum, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 5 gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

7. gr.

Þegar greni finnst, sem lagt er í, hvort heldur í grenjaleit eða á öðrum tíma, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er, fyrir en skotmaður er kominn á vettvang. Ef einn maður finnur grenið, og geti hann ekki komið vitneskju til skotmanns nema fara sjálfur, skal hann hraða för sinni og tilkynningu um fundinn svo sem frekast er unnt. Kostnaður við slíkt telst með öðrum refaeyðingarkostnaði.

8. gr.

Skotmenn og vökumenn, sem liggja á grenjum, sbr. 5. gr., skulu taka laun fyrir störf sín samkvæmt samningi við aðila þá, er sjá um vinnslu grenja. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr og yrðlinga, þegar ráðningarkjör veiðimanna þessara eru ákveðin.

Á sama hátt skal semja um kaup þeirra manna, er taka að sér að vinna mink og minkabæli, sbr. 5. gr.

9. gr.

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, sem vinnur, kr. 350.00 í verðlaun fyrir hverja tófu.

Fyrir hvern mink, sem vinnst, skulu greiddar kr. 200.00 í verðlaun. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir vinnslu dýranna.

## 10. gr.

52

Stjórnir sveitar- og bæjarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni ásamt lýsingu á þeim. Gera má vörður eða skotbyrgi við greni, þar sem þörf er, og skulu skotmenn halda þeim við.

5. júní

Heimilt er að eyðileggja greni, sem torunnin eru, og lagfæra önnur, sem eru auðunnin. Um slíkar aðgerðir skal hafa samráð við oddvita eða veiðistjóra. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjavinnslutímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfa umgang og hark.

## 11. gr.

Skylt er oddvitum og bæjarstjórum að sjá um eitrun fyrir refi og minka samkvæmt fyriræmum stjórnar Búnaðarfélags Íslands og á þeim svæðum, er veiðistjóri telur líklegust til árangurs hverju sinni. Skal veiðistjóri hafa eftirlit með því, að eitrun sé framkvæmd eins og til er ætlað. Skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyriræmum veiðistjóra. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum í té eitru samkvæmt fyriræmum landbúnaðar- og heilbrigðismálaráðuneytisins.

## 12. gr.

Oddvitar, bæjarstjórar eða formenn upprekstrarfélaga skulu árlega gera skýrslur um eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði, og skulu skýrslurnar, í tvíriti, fylgja reikningum yfir veiðikostnað til sýslumanns. Óheimilt er að greiða reikninga þessa nema veiðiskýrslur fylgi.

## 13. gr.

Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir, sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum, skulu ár hvert gera sundurliðað reikningsyfirlit um kostnað við starfsemi þessa. Skulu reikningar lagðir fyrir sýslunefnd til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd reikninga rétta og hóflega, og ber þá að endurgreiða þeim aðilum, sem annast eyðingu minka og refa, 5% hluta upphæðarinnar, greiddast  $\frac{2}{3}$  hlutar af því úr ríkissjóði, en  $\frac{1}{3}$  hluti úr sýslusjóði.

Ríkissjóður greiðir Búnaðarfélagi Íslands laun veiðistjóra samkvæmt VI. flokki launalaga auk nauðsynlegs ferða- og skrifstofukostnaðar.

## 14. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur að fengnum tillögum veiðistjóra reglugerð um meðferð og notkun eiturs til eyðingar refa og minka, um boga, gildirur, skotvopn og notkun þeirra. Enn fremur um skýrsluhald vegna refa- og minkaveiða.

Einnig er ráðuneytinu heimilt eftir tillögum veiðistjóra að setja fyllri ákvæði í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum.

Stjórnarvaldsreglur um eyðingu refa og minka, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu, þar til nýjar reglur hafa verið settar.

## 15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir sveitar- eða bæjarstjórn að framfylgja fyriræmum þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðuneytinu heimilt að svipta það sveitar- eða bæjarfélag framlagi því úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, eitt ár í senn.

52

16. gr.

5. júní Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma eru numin úr gildi eftirgreind lög og lagaákvæði:

Lög nr. 3 15. febrúar 1895, um auðkenni á eitruðum rjúpum.

Lög nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, og lög nr. 10 23. marz 1955, um breytingu á þeim lögum.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

53

## L Ö G

5. júní

um lax- og silungsveiði.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í þessum lögum er sem hér segir:

*Alifiskur:* Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða kössum.

*Á:* Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.

*Áll:* Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni, þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra, sem eigi teljast bakkar. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.

*Bakki:* Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettur, gróið land eða eyrar, sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

*Dráttur:* Staður í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

*Félagsveiði:* Félagsskapur eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

*Fiskeldi:* Geymsla, fæðsla og gæzla alifisks.

*Fiskihverfi:* Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggir og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefur verið.

*Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 44. gr.

*Fiskur:* Lax (*Salmo salar*), silungur (*S. trutta* og *S. alpinus*) og regnbogasilungur (*S. irideus*), ef ræktaður verður.

*Fiskvegur:* Hvers konar mannvirki, er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

*Föst veiðivél:* Veiðitæki, sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króazt, svo sem lagnet, króknet, kista og girðing.

*Göngusilungur*: Silungur, er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja). 53

5. júní

*Kvisl*: Hluti af straumvatni, sem fellur sér milli bakka.

*Lögn*: Staður í vatni, þar sem fastri veiðivél verður við komið.

*Ós í á*: Sá staður, þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

*Ós í sjó*: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumslágflæði.

*Ós í stöðuvatn*: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatni.

*Ós úr stöðuvatni*: Sá staður, þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.

*Ósasvæði*: Svæði í straumvatni, er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar, þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.

*Sjór*: Salt vatn utan árósa.

*Straumlína* (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.

*Straumvatn*: Ósalt vatn, á eða ósasvæði, sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumslágflæði.

*Stöðuvatn*: Ósalt vatn, sem eigi er í greinilegur straumur, annar en sá, sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

*Vatn*: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

*Vatnasilungur*: Silungur, sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjarsilungur og murta.

*Veiðimagn*: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

*Veiðimál*: Hvers konar mál, er lúta að lax- og silungsveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

*Veiðitala*: Tala veiddra fiska.

*Veiðivatn*: Á eða stöðuvatn, sem veiði er í eða mætti í vera, ef fiskur væri ræktaður þar.

*Veiðivél*: sjá föst veiðivél.

## II. KAFLI

### Um veiðirétt.

#### 2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vatni á landi sínu, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum.

2. Nú hefur maður fengið veiðiskirteini, slíkt er getur í 22. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til fiskræktar eða vísindalegra rannsókna. Eigi má drepa fisk, sem veiddur er vegna fiskræktar. Veiðieiganda er rétt að hagnýta sér fisk, sem veiddur er til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.

3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúð, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki að fengnu álitu veiðimálastjóra.

1. Þá er veiðifélag hefur verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnar.

2. Í samþykkt félags má setja ákvæði, er banna félagsmanni og öðrum þeim, sem á félagssvæði búa, að hafa undir hendi ádráttarnet, nema sannað geti, að net eigi að nota til veiði í vatni utan félagssvæðis.

3. Ákvæði 1. mgr. tekur eigi til þess manns, sem fengið hefur veiðiskírteini samkvæmt 22. gr.

## 78. gr.

Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykkt veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga þessara um hlið á girðingum, 1. mgr. 34. gr. um lengd fastra veiðivéla út í vatn og 4. mgr. 34. gr. um fjölda veiðitækja við garð og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

## 79. gr.

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Skylt er félagi, þá er ábúandi fer frá jörð á félagssvæði, að greiða honum hluta hans í eignum félagsins.

3. Nú semur eigi um skuldbindingar eða eignarhluta samkvæmt 1. og 2. mgr., og sker þá mat úr.

## 80. gr.

Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það rétt, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

## 81. gr.

Veiðifélagi má slíta, þá er  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja á félagsfundi, sem boðaður er með sama hætti sem stofnfundur. Nú er félagsfundur eigi lögmaður eða nægur meiri hluti félagsmanna er eigi á fundi, og má boða til annars fundar á sama hátt. Er þá rétt að slíta félagi, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundarmanna félagsslit.

## X. KAFLI

## Um klak- og eldisstöðvar ríkisins og fiskeldi.

## 82. gr.

Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum.

## 83. gr.

Klak- og eldisstöðvar ríkisins afla seiða til fiskræktar og gera tilraunir um klak og eldi fisks. Þær skulu og veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

## 84. gr.

Klak- og eldisstöðvum þeim, er getur í 82. og 83. gr., skal heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, sbr. 22. gr., að afla stofnfisks til klaks í hvaða veiðivatni sem er, enda séu svo mörg seiði sett í vatn í staðinn, að því sé að dómi veiðimálastjóra að fullu bættur skaðinn.

53

5. júní

## 85. gr.

Þeir, sem rækta vilja fisk í veiðilausu vatni, skulu ganga fyrir öðrum um kaup á seiðum.

## 86. gr.

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum.

## 87. gr.

1. Nú er vatn tekið úr veiðivatni til afnota í eldisstöð, og skal búa svo um vatnsleiðslur að eldistjörn og frá, að fiskur gangi eigi úr veiðivatni í leiðslur. Um búnaður slíkra vatnsleiðslna skal háður samþykki veiðimálastjóra.

2. Nú er straumvatn stíflað vegna eldisstöðvar, og fer um gerð stíflu samkvæmt 42. gr.

## 88. gr.

Nú truflar vatnstaka til eldisstöðvar göngu fiska í veiðivatni, og skal þá haga vatnstöku svo, að hún valdi sem minnstri truflun. Tilhögun vatnsveitu skal háð samþykki veiðimálastjóra.

## 89. gr.

Ákvæði 21., 27., 28., og 38. gr. taka eigi yfir fisk í eldisstöðvum.

## 90. gr.

Forráðendur eldisstöðvar skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

## 91. gr.

Nú veldur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni, og skal bæta tjónið eftir mati, ef eigi semur.

## XI. KAFLI

## Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.

## 92. gr.

Eigi má flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni, eða lifandi hrogn slíkra fiska, nema ráðherra, sem fer með veiðimál, leyfi og veiðimálastjóri mæli með því.

## 93. gr.

1. Sóttreinsa skal fisk, hrogn, ílát og umbúðir um fisk eða hrogn, sem flutt eru til landsins samkvæmt 92. gr. Veiðimálastjóri og yfirdýralæknir gefa fyrirmæli um sóttreinsun og hafa eftirlit með henni.

2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum veiðimálastjóra og yfirdýralæknis.

## 94. gr.

Rétt er ráðherra að fengnum tillögum veiðimálastjóra og yfirdýralæknis að kveða á um sóttreinsun á fiski og hrognum í klak- og eldisstöðvum, enda þyki hætta á sýkingu, þá er fiskur er fluttur þaðan. Með sama skilorði er ráðherra rétt

**53** að fyrirskipa sóttþreinsun á fiski og hrognum, sem flutt eru lifandi frá veiðivatni, 5. júní ef grunur leikur á sýkingarhættu.

95. gr.

Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra þá rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og yfir-dýralæknis að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefða útbreiðslu sjúkdómsins.

XII. KAFLI

Um álaveiðar.

96. gr.

Ráðherra er rétt að setja reglur um álaveiðar að fengnum tillögum veiðimála-stjóra og veiðimálanefndar. Í reglum þessum má mæla fyrir um gerð veiðitækja og veiðitíma, og skal þess gætt, að lax og silungur veiðist eigi í blóra við ál.

XIII. KAFLI

Um ófriðun sels.

97. gr.

Hverjum manni er rétt að skjóta eða stýggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

98. gr.

1. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og skulu þau þá ófriðuð, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiði.

2. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósi vatns sem segir í 1. mgr., en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ófriða þau, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að mat þyki sýna, að lax-veiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

99. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er getur í 98. gr., skulu koma fullar bætur.  
2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald og ákveðnar í eitt skipti fyrir öll, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær að tiltölu við veiði sína síðasta ár. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. eða 60. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

3. Nú eykst eftir ófriðun sels lax- eða göngusilungsveiði jarðar, er bætur hlýtur samkvæmt 2. mgr., og skal sá hagsauki þá dreginn frá bótum, enda krefjist mats einhver, sem bætur skal greiða. Nú sýnir mat, að arður af lax- eða silungsveiði jarðar hefur aukizt sem nemur arði af selveiði, og skulu bætur fyrir hana niður falla.

## XIV. KAFLI

## Um stjórn veiðimála og eftirlit.

53

5. júní

## 100. gr.

1. Ráðherra hefur yfirstjórn allra veiðimála.
2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

## 101. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um vatnalíffræði og veiðimál. Ráðherra skipar veiðimálastjóra, og tekur hann laun úr ríkissjóði.
2. Veiðimálastjóri hefur með höndum þessi störf:
  - a. Hann annast rannsókn vatna og fiska og sér um skrásetningu veiðivatna.
  - b. Hann safnar skýrslum um veiði og fiskrækt.
  - c. Hann gerir eða lætur gera uppdrætti að klakstöðvum, eldisstöðvum og fiskvegum og hefur umsjón með gerð slíkra mannvirkja.
  - d. Hann gerir tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði, sem sett eru samkvæmt lögum um friðun eða veiði.
  - e. Hann veitir leiðbeiningar um veiðimál og er ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

## 102. gr.

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti þrír menn. Ráðherra skipar nefndina, einn nefndarmanna að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, en annan að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands. Nú verður stofnað landssamband fiskræktarféлага eða veiðiféлага, og skulu þá tveir nefndarmenn skipaðir að fengnum tillögum þessara sambanda í stað Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins. Í stað nefndarmanns, sem tilnefndur er af Búnaðarfélaginu, komi maður tilnefndur af landssambandi fiskræktarféлага, og í stað þess, er Fiskifélagið tilnefnt, komi nefndarmaður, er landsamband veiðiféлага tilnefnt.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál. Getur hún gert tillögur um allt, er að þeim málum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun eða veiði.

## 103. gr.

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn með veiði, þar sem þurfa þykir. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra.

2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær skýrslur um veiði og vötn, er hann kann að æskja. Þeir skulu gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur veiðimálastjóri í erindisbréfi.

3. Veiðimálastjóri gefur út skilríki handa eftirlitsmönnum.

4. Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn og meðfram því, eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

## 104. gr.

1. Ráðherra ákveður kaup eftirlitsmanna, að fengnum tillögum veiðimálastjóra. Greiðist það að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði eða sýslusjóðum. Rétt er sýslunefnd að kveða svo á, að veiðieigendur endurgreiði sýslusjóði hluta hans að



53 tiltölu við veiði hvers þeirra um sig næstliðið ár. Sýslumaður jafnar niður gjaldi, og 5. júní má taka það lögtaki.

2. Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmann með veiði, þar sem sérstaklega stendur á, enda æski þess eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirliti.

## XV. KAFLI

### Um styrkveitingar til fiskræktar.

#### 105. gr.

Styrk skal veita úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum, til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

Þessar framkvæmdir njóta styrks, er nemi allt að  $\frac{1}{3}$  af áætluðum kostnaði:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús og eldisstöðvar, enda hafi fiskur verið alinn þar eigi skemur en 3 ár. Rétt er ráðherra að ákveða, hvaða mannvirki skuli styrkja.

#### 106. gr.

Veita skal lán úr Ræktunarsjóði samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1947 til framkvæmda þeirra, sem getur í 105. gr. Lán skulu og veitt til að reisa íbúðarhús við eldisstöðvar samkvæmt lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, þegar fiskur hefur verið alinn þar í 3 ár og skilyrði til eldis hafa reynzt hagkvæm. Lán til íbúðarhúsa við eldisstöðvar skulu hlíta sömu reglum sem lán til íbúðarhúsa á nýbýlum.

## XVI. KAFLI

### Um matsgerðir og skaðabætur.

#### 107. gr.

1. Nú greinir menn á, hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósavæði, kvísl, ál, takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta af vatni, svo sem ós, ósavæði, kvísl, ál, foss, lögn eða veiðistað, legu aðalstraumlínu eða önnur slík efni, sem getur í lögum þessum, og skal þá skera úr ágreiningi með mati.

2. Mat samkvæmt 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma tveir menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, er meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, en ráðfæra skal hann sig við veiðimálastjóra, áður en hann framkvæmir dómkvaðningu. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. Mati má skjóta til yfirmats, áður en liðnar eru 8 vikur frá birtingu mats. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn meðal dómara Hæstaréttar, en annan eftir tillögu veiðimálanefndar.

4. Rétt er að skjóta ágreiningi, er getur í 1. mgr., beint til yfirmatsmanna, enda séu aðilar ásáttir um það.

5. Matsmenn ákveða kostnað af mati og skiptingu hans á aðila.

6. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

## 108. gr.

53

1. Nú hefur veiðieigandi, er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirmana honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 107. gr.

2. Matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sjóði sýslu þeirrar eða sýslna, sem í hlut eiga.

## 109. gr.

Um fjárhæð og greiðslu bóta eða endurgjald, er greinir í lögum þessum, fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, sbr. þó 35. gr.

## XVII. KAFLI

## Refsiákvæði og réttarfars.

## 110. gr.

1. Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og varðar það sektum, allt að 15000 kr. Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem væri hann sekur um ólöglega veiði, nema sann- að sé, að hann hafi haft þar lögmeitt erindi.

## 111. gr.

Það varðar mann sektum, 1000—15000 krónum, ef

- a. hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð;
- b. hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem hannað er að nota, sbr. þó 112. gr., eða fylgir eigi reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð;
- c. hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal;
- d. hann brýtur ákvæði 23. eða 38. gr.;
- e. hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmetan hátt fiskför um vatn;
- f. hann brýtur reglur, sem settar eru samkvæmt lögum þessum um þau efni, er greinir í staflíðum a—e.

## 112. gr.

Nú notar maður sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði, og skal hann þá sæta sektum, eigi lægri en 8000 krónum, eða varðhaldi.

## 113. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 5000 krónum. Sömu sektum varða brot á lögmeætum samþykktum fiskræktarfélagum og samþykktum veiðifélögum.

## 114. gr.

Brot þau, er getur í a—b-liðum 111. gr. og 112. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmeætum tilgangi.

53

5. júní

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk ger. Eins fer um ólöglegt veiðifang.

115. gr.

116. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

### XVIII. KAFLI Niðurlagsákvæði.

117. gr.

Fiskræktarfélag, veiðifélag og fiskræktar- og veiðifélag, sem löglega hafa verið stofnuð samkvæmt eldri lögum, skulu haldast, en breyta skulu þau á löglegum aðalfundi samþykktum sínum til samræmis ákvæðum þessara laga, áður en tvö ár eru liðin frá gildistöku þeirra.

118. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1957, og eru jafnframt úr gildi numin:

Lög nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Lög nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 94 16. des. 1943, um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 8 11. marz 1946, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 22 22. marz 1949, um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 98 18. des. 1950, um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 101 23. des. 1952, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 27 16. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Önnur ákvæði laga, er fara í bág við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# L Ö G

## um búfjárrækt.

54

5. júní

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Um starfsemi búfjárræktardeilda búnaðarsambanda og störf héraðsráðunauta í búfjárrækt.

##### 1. gr.

Búnaðarsambandi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að hvers konar umbótum í búfjárrækt á sambandssvæðinu. Samþykktir þessar má gera fyrir eina eða fleiri búfjartegundir. Þær skulu gerðar eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands og staðfestar af stjórn þess.

##### 2. gr.

Búnaðarsamband, sem setur sér búfjárræktarsamþykkt, sem um getur í 1. gr., skal hafa í þjónustu sinni ráðunaut, er annast leiðbeiningar í búfjárrækt. Laun hans skulu vera samkvæmt VIII. launaflokki og greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af viðkomandi búnaðarsambandi.

Sé búnaðarsambandssvæði það lítið að dómi Búnaðarfélags Íslands, að einn ráðunautur geti annast ráðunautsstörf í búfjárrækt og jarðrækt, skal ráðunauturinn ráðinn með tilliti til þess. Þá er og heimilt að ráða fleiri en einn ráðunaut í búfjárrækt, ef búnaðarsambandssvæðið er það stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands, að einn ráðunautur geti ekki innt af höndum þau störf, sem um getur í 3. gr.

##### 3. gr.

Verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt skal vera sem hér segir:

1. Vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaganna sé framfylgt, stuðla að því, að búnaðarfélögin geri búfjárræktina samhliða jarðræktinni að aðalverkefni sínu, eða að stofnuð verði sérstök búfjárræktarfélög, þar sem þau eru ekki, ef það er líklegra til árangurs, hafa eftirlit með þessum félögum og sjá um uppgjör á skýrslum þeirra.
2. Ferðast um meðal bænda, eftir því sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina þeim um kynbætur, fóðrun og hirðingu þess. Þeir skulu enn fremur leiðbeina og aðstoða við kaup og sölu kynbótagripa.
3. Hafa umsjón með sæðingarstöðvum, afkvæmarannsóknarstöðvum og uppeldisstöðvum kynbótadýra.
4. Mæta árlega á fundum hreppabúnaðarfélaga og búfjárræktarfélaga, eftir því sem við verður komið, til að flytja þar fyrirlestra um búfjárrækt og félagsstarfsemi á því sviði.
5. Vinna í samvinnu við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt að kynbótastarfsemi, framkvæmd búfjársýninga o. fl.

##### 4. gr.

Ekki mega búnaðarsambönd ráða aðra en búfræðikandidata til þessara starfa. Búnaðarfélag Íslands samþykkir ráðningu þeirra.

54

5. júní

Búnaðarfélag Íslands skal annast greiðslu á fjártillagi ríkissjóðs til búnaðar-sambanda samkvæmt kafla þessum.

5. gr.

## II. KAFLI

### Um nautgriparékt.

6. gr.

Kjósa skal þriggja manna nautgripakynbótanefnd í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgriparéktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum og ekki er heldur starfandi nautgriparéktarfélag, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands.

Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í bæjum skal kynbótanefnd kosin af bæjarstjórn. Þar, sem starfandi er nautgriparéktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér nautgriparéktarsamþykkt, eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgriparéktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags, er sett hafði samþykktina, eða þeir menn, er félagið hafði kosið til þess sérstaklega.

7. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota í hreppnum. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún, eftir því sem við verður komið, velja fyrir fardaga ár hvert og tilkynna hreppsbúum, hver þau séu.

Heimilt er kynbótanefnd að kaupa naut eða taka á leigu eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstökum mönnum, sem vegna aðstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við það. Allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir til að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, sem leiðir af nautahaldinu, að réttri tiltölu við tölu kúa í ársbyrjun.

8. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 7 mánaða ganga laus í afréttum eða heima-högum. Þó getur kynbótanefnd leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða og það er í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á, ef tjón hlýzt af, en sé um leigunaut að ræða, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

9. gr.

Öll naut, sem eru 7 mánaða eða eldri og ekki eru valin af kynbótanefnd til að vera notuð til undaneldis, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu yfir beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirmælum, sem skulu sett í reglugerð. Taka má slík naut utan heimahaga eiganda, ef þau eru ekki í öruggri vörzlu, og fara með þau sem óskila-fénað og selja án innlausnarfrests.

## 10. gr.

54

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefur auglýst, að notað skuli til undaneldis, gæzlulaust eða utan öruggrar vörzlu, og skal þá taka það í trygga geymslu og á hús og hey, ef þörf krefur.

Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún þá svo fljótt sem við verður komið taka nautið og greiða áfallinn kostnað. Hafi naut ekki verið í geymslu á ábyrgð kynbótanefndar, á nefndin rétt á endurgreiðslu frá þeim, er bar ábyrgð á geymslu þess. Hafi kynbótanefndin ekki vitjað nauðsins innan hálf mánaðar, skal sá, sem tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, sem þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

## 11. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóðri, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr í hreppnum, sem til eru í ársbyrjun, að undanskildum kúm þeirra manna, sem hafa fengið undanþágu frá að taka þátt í sameiginlegum kostnaði við nautahaldið, sbr. 7. gr. Hið niðurjafnaða gjald má taka lögtaki. Heimilt er nautgriparéktarfélagi að taka hærri nautstoll af utanfélagsmönnum.

Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsnefnd, ef um er að ræða, og telst hún með öðrum árlegum kostnaði.

Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða allra kýreigenda, að láta menn greiða nautstolla með fóðrun eða heyi að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.

## 12. gr.

Kynbótanefnd skal bóka gerðir sínar, reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir, þó að einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála.

Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 11. gr.), og skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninga.

## 13. gr.

Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum nautpenings í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi nautgriparéktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér nautgriparéktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félög þessi nefnast nautgriparéktarfélag. Samþykktir búnaðarféлага og nautgriparéktarféлага skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar búnaðarfélag eða nautgriparéktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar.

## 14. gr.

Búnaðarfélag eða nautgriparéktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af stjórn Búnaðarfélags Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar, eins og hér greinir, á hverja reiknaða ársku, en tala slíkra kúa á hverju búi fæst með því að leggja saman fóður- og mjólkurskýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365:

1. Kr. 1.00, ef ekki eru gerðar fitumælingar eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar á ári.

- 54 2. Kr. 1.80, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst þrisvar á ári.  
5. júní 3. Kr. 2.50, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst sex sinnum á ári.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánar skal kveða á um í reglugerð.

#### 15. gr.

Búnaðarfélög og nautgriparæktarfélög geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 14. gr., styrk til nautahaldsins, ef þau nota naut, sem eru að minnsta kosti tveggja ára gömul og hafa hlotið I. og II. verðlaun á nautgripasýningum eða hafa verið viðurkennd þess verðug af nautgriparráðunaut. Styrkur þessi er kr. 75.00 á naut frá tveggja til fjögurra ára, en á eldri naut kr. 150.00, hafi þau hlotið II. verðlaun, en kr. 300.00 á I. verðlauna naut. Styrkurinn greiðist árlega, á meðan nautin njóta þessara viðurkenninga. Heimilt er þó að greiða allt að 25% hærri fóðurstyrk á naut, sem óhjákvæmilegt er að ala inni yfir sumarið.

Þau félög, sem að dómi nautgriparráðunautar hafa aðstöðu til að fá flestar kýr sínar sæddar frá starfandi sæðingarstöð, fá ekki fóðurstyrk á naut sín.

#### 16. gr.

Hafi búnaðarsamband ekki sett sér búfjárræktarsamþykkt, þar á meðal í nautgriparækt, er nautgriparæktarfélagum á sambandssvæðinu heimilt að stofna með sér nautgriparæktarsamband, ef þau hafa minnst 1000 kýr innan félaganna. Nautgriparæktarsamböndum þessum er heimilt að ráða sér ráðunaut með sömu kjörum og um ræðir í 2. gr. og njóta sama framlags úr ríkissjóði til þess. Skulu þau þá setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í þessum samþykktum sé meðal annars ákveðið um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu beztu kýrstofnanna, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu vera sjaldnar en annan hvern mánuð, og spjaldbókarfærslu þeirra kúa, sem gefa yfir 13000 fitueiningar árlega. Nú setur búnaðarsamband á svæði, þar sem nautgriparæktarsamband er starfandi, sér búfjárræktarsamþykkt, og skal þá nautgriparæktarsambandið leggjast niður sem sjálfstæð stofnun og gerast aðili í búfjárræktardeild búnaðarsambandsins.

Heimilt er búnaðarsamböndum og samböndum nautgriparæktarféлага að setja á stofn nautaupveldisstöðvar eða sæðingarstöðvar, en samþykkja skal Búnaðarfélag Íslands reglur um þessa starfsemi þeirra, sbr. VI. kafla.

#### 17. gr.

Búnaðarsambönd þau, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt, svo og nautgriparæktarsambönd, sem um ræðir í 16. gr., njóta framlags úr ríkissjóði sem hér greinir:

1. Kr. 2.00 á ári á hverja reiknaða árskú, sem skýrslur eru sendar um til Búnaðarfélags Íslands, enda hafi viðkomandi samband ráðunaut, sbr. 2. gr. og 16. gr.
2. Til nautaupveldisstöðva fá samböndin framlag, sem nemur kr. 75.00 á hvern nautkálfi, er þau hafa á eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt og seldir við því verði, sem hann samþykkir.
3. Sæðingarstöðvar fá fóðurstyrk á öll naut á stöðinni, I. og II. verðlauna naut samkvæmt ákvæðum 15. gr., en ung naut, sem verið er að reyna, fá sama fóðurstyrk og II. verðlauna naut samkv. 15. gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparráðunaut.

## 18. gr.

54

5. júní

Að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu fjórða hvert ár í hverju búnaðarfélagi, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og nautgriparæktarfélagi. Landinu skal skipt í 4 sýningarsvæði, og skal halda sýningar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningum þessum leggur ríkissjóður fram kr. 0.50 fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Skal fé þessu varið til verðlauna á kýr. I. og II. verðlaun á naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og eru I. verðlaun 150.00 kr. og II. verðlaun 50.00 kr. Fyrstu verðlaun geta þau naut ein hlotið, sem eiga afkvæmi á sýningunni, sem tvímælalaust eru ágætir gripir. Kúm skal veita I., II. og III. verðlaun, og skal hæð þeirra ákveðin með reglugerð. Enn fremur er heimilt að veita einstökum kúm heiðursverðlaun, ef afkvæmi þeirra sýna, að þær hafa verulega kynbætandi áhrif á nautgripastofninn. Verðlaun þessi eru kr. 100.00 og greiðast úr ríkissjóði. Nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands er formaður dómnefnda á sýningum, sér um fyrirkomulag sýninga og úthlutar verðlaunum. Stjórnir nautgriparæktarfélaganna tilnefna meðdómendur á sýningar og greiða kostnað við framkvæmd þeirra.

Skýlt er Búnaðarfélagi Íslands að halda aukasýningu á nautum árið mitt á milli hinna reglulegu sýninga, sé þess óskað, enda verði sýndar með hverju nauti eigi færri en 12 skýrslufærðar dætur þess, sem borið hafa fyrir næstu áramót á undan.

## 19. gr.

Nú kemur búnaðarfélag, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, eða nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði allt að kr. 400.00 til hvern girðing, þó aldrei meira en nemur efniskaupum. Ekki má styrkja fleiri en þrjár girðingar í sama hreppsfélagi, nema fjöldi kúnna í hreppnum sé yfir 300, enda samþykki nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands fleiri girðingar.

## 20. gr.

Áliti nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands nauðsyn bera til, að aukaeftirlit sé haft með einstökum kúabúum vegna þess, að þar séu sérstaklega álitlegar nautamæður eða kýrnar á búinu í heild sýni svo mikil afköst, að ástæða sé til að ætla, að skýrsluhaldið verði tortryggt, þá er heimilt að koma á slíku eftirliti, sem sé í því fólgið, að eftirlitsmaður komi að minnsta kosti 6 sinnum á ári á viðkomandi bú, sé viðstaddur mjaltir kvölds og morguns, vegi mjólk úr hverri kú og taki sýnishorn af mjólk til feitirannsókna.

Ríkissjóður veitir framlag til slíks aukaeftirlits á allt að 50 búum á ári, allt að kr. 100.00 á bú, en þó eigi yfir helming kostnaðar.

## III. KAFLI

## Um sauðfjárrækt.

## 21. gr.

Búnaðarfélagi, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er uppfylla þau skilyrði, er samþykktin áskilur.

Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér sauðfjárræktarsamþykkt, og er þá 6 mönnum eða fleirum í hreppi heimilt að stofna með sér félagsskap til að vinna að sauðfjárkynbótum, og kallast slíkt félag sauðfjárræktarfélag. Heimilt er að veita mönnum úr öðrum hreppi inngöngu í félagið, ef þar er ekki starfandi sauðfjárræktarfélagsskapur.



54 Lágmarkstala kynbótafjár hjá hverjum þátttakanda skal vera 8 ær, og enginn 5. júní einn félagsmaður má eiga meira en helming kynbótafjárins.

Í samþykktum þeim, er hér um ræðir, skal tekið fram eftirfarandi:

1. Að halda skuli fóður-, afurða- og vigtarskýrslur fyrir kynbótaféð.
  2. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótaféð og merkja skuli hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
  3. Ákveðið, hvernig haga skuli skýrsluhaldi til að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
  4. Önnur atriði, er varða félagsskapinn.
- Samþykktir, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur félögumunum í té. Þegar slík samþykkt hefur verið sett, skal hún send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.

#### 22. gr.

Félög þau, sem um ræðir í 21. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur er kr. 50.00 fyrir hvern I. verðlauna hrút og allt að 50 aorum á hverja kynbótaá, sem félagsmenn eiga og skýrslur eru haldnar um og sendar til Búnaðarfélags Íslands.

Sæðingarstöðvar, sem eru stofnaðar og starfræktar samkv. VI. kafla þessara laga, fá árlega styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 50.00 fyrir hvern hrút, sem notaður er þar og sauðfjárræktarráðunautur hefur samþykkt.

#### 23. gr.

Auk þess, sem um getur í 22. gr., er heimilt að styrkja úr ríkissjóði allt að 8 sauðfjárræktarþú, tvö í hverjum landsfjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að kr. 600.00 hvert, þó ekki yfir  $\frac{2}{3}$  hluta móti hlutaðeigandi búnaðarsambandi eða framlagi annarra aðila. Auk þessa leggur ríkissjóður fram kr. 2000.00 árlega til að verðlauna þessi þú, eftir því sem nánar skal mælt fyrir um í starfsreglu, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Íslands.

Fjárræktarþú þessi skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem um ræðir í 1., 2. og 3. lið 21. gr., og öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða. Ef styrkþegi hættir að reka búíð, hefur Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og skal ákveða, hvar búíð skuli starfa áfram, í samræði við þá aðila, sem einnig hafa styrkt búíð. Greiða skal fyrir fé búins með matsverði dómkvaddra manna.

#### 24. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón með sauðfjárræktarþúum, og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrirmælum þess. Skylt er sauðfjárræktarþúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu um störf sín, en það skal birta útdrátt úr þeim.

#### 25. gr.

Bannað er að láta hrúta ganga lausa frá 5. nóvember til 20. apríl ár hvert. Heimilt er þó einstökum fjáreigendum að láta hrúta sína ganga með ám eftir 20. desember, ef tryggt er að dómi hlutaðeigandi hreppstjóra, að hrútar þessir geti ekki valdið öðrum fjáreigendum tjóni. Verði þó tjón af þessum hrútum, eru eigendur þeirra skaðabótaskyldir.

#### 26. gr.

Nú hittist gæzlulaus hrútur á tímabilinu, sem um ræðir í 25. gr., og er þá þeim, sem hrútinn sér, skylt að tilkynna það landeiganda, sem skal taka hann í vörzlu, og

ef hann á ekki hrútinn, skal hann gera eiganda hans viðvart eins fljótt og við verður komið. Eigandi skal vitja hrútsins eða ráðstafa honum innan viku frá því að hann fékk tilkynninguna, en að þeim tíma liðnum skal farið með hrútinn eins og óskilafé. 54  
5. júní

### 27. gr.

Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum fjórða hvert ár, þar sem þess er óskað. Skal landinu skipt í fjögur sýningarumdæmi, og skal halda sýningar í þeim til skiptis.

Til verðlauna á sýningum þessum veitir ríkissjóður 2 auru á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningarnar, og er ráðunautur þess í sauðfjárrækt sjálfkjörinn formaður sýningarnefndar, en hreppsnefnd kýs tvo meðdómendur og annast undirbúning sýninganna.

Þegar tvö ár eru liðin frá reglulegum hrútasýningum, geta fjárræktarfélag, sem þess óska, fengið að halda sýningu á hrútum í félaginu til þess að fá úr því skorið, hverjir þeirra séu I. verðlauna verðir. Á þessum sýningum skulu 2 dómnefndarmenn tilnefndir af stjórn félagsins, en viðkomandi búnaðarsamband tilnefnir og kostar oddamann dómnefndar, enda samþykki sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands val hans.

### 28. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að láta halda afkvæmasýningar fyrir hrúta og ær annað hvert ár, eftir því sem við verður komið. Á þessum sýningum má aðeins sýna hrúta og ær frá þeim bændum, sem halda fullkomnar ættartölubækur og afurðaskýrslur að dómi sauðfjárræktarráðunautar.

Til verðlauna á sýningum þessum greiðir ríkissjóður allt að:

a.	fyrir	fyrstu	verðlauna	hrút	.....	kr.	50.00
b.	—	annarra	—	—	.....	—	25.00
c.	—	þriðju	—	—	.....	—	12.50
d.	—	fyrstu	—	á	.....	—	10.00
e.	—	annarra	—	—	.....	—	5.00
f.	—	þriðju	—	—	.....	—	2.50

Enn fremur má veita fyrstu heiðursverðlaun, allt að kr. 100.00 á hrút.

Framlag ríkissjóðs samkv. þessari grein er bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi búnaðarsamband eða sýslusjóður leggi fram jafnt framlagi ríkissjóðs.

Um skilyrði fyrir verðlaunaveitingum og um fyrirkomulag afkvæmasýninga skal ákveða með reglugerð.

### 29. gr.

Búnaðarfélagum, er sett hafa sér samþykkt um sauðfjárrækt, og sauðfjárræktarfélagum á svæði, þar sem búnaðarsamband hefur sett sér samþykkt um búfjárrækt, er heimilt að mynda með sér sambönd, er skulu vera aðilar að búfjárræktardeild viðkomandi búnaðarsambands.

### 30. gr.

Sauðfjárræktarsamböndin skulu setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í samþykktum þessum skal ákveðið um verksvið, sem meðal annars skal fólgið í því að gera samanburð á systrahópum undan álitlegustu hrútum félaganna á sambandssvæðinu, gera yfirlitsskýrslur sauðfjárræktarfélaganna, færa ættarskrár og afurðaskýrslur beztu einstaklinganna o. fl. Búfjárræktarráðunautur viðkomandi búnaðarsambands hefur umsjón með starfsemi og vinnur úr skýrslum fjárræktarfélaganna.

54

5. júní

Sauðfjárræktarfélag þau, sem mynda sauðfjárræktarsamband, skulu árlega greiða til búfjárræktardeildar viðkomandi búnaðarsambands 20% af framlagi því, er þau fá úr ríkissjóði samkvæmt 22. gr.

31. gr.

32. gr.

Nú aflar sauðfjárræktarsamband sér í samráði við sauðfjárræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands aðstöðu á sérstöku sauðfjárbúi til þess að gera samanburð á þrifum og afurðagetu systrahópa, og skulu þá þessir samanburðarhópar allir vera undan úrvalshrútum, að dómi sauðfjárræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands, og allir fódraðir eins, og tilraunin með hvern hóp standi yfir að minnsta kosti í 3 ár. Í hverjum samanburðarhópi skulu vera að minnsta kosti 10 ær á sama aldri. Styrkur til þessara tilrauna greiðist úr ríkissjóði, á allt að 20 bú kr. 6.00 á ári fyrir hverja kind, sem er í slíkri samanburðartilraun. Annar kostnaður við rannsóknir þessar greiðist af viðkomandi fjárræktarfélagi, fjárræktarsambandi og eigendum hrútanna, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Framlag ríkissjóðs skal því aðeins greitt, að skýrslur um starfsemina hafi borizt Búnaðarfélagi Íslands og sauðfjárræktarráðunautur þess hafi viðurkennt þær fullgildar.

## IV. KAFLI

## Um hrossarækt.

33. gr.

Kjósa skal þriggja manna hrossakynbótanefnd í hverjum hreppi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum og ekki er heldur starfandi hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér hrossaræktarsamþykkt eða stofnað er sérstakt hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem jörð hafa til ábúðar í hreppnum, eftir að kosning hrossakynbótanefndar hefur farið fram, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við því tekur stjórn þess félags, er sett hefur samþykktina, eða þeir menn, er félagið felur það sérstaklega.

Hrossakynbótanefnd skal annast þau störf, sem stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags eru ætluð í lögum þessum. Farist kosning hrossakynbótanefndar fyrir, ber hreppsnefnd að annast störf hennar.

Í lögum þessum merkir orðið „stöðhestur“ ógeltan hest, 1½ árs eða eldri.

34. gr.

Stjórn búnaðarfélags, hrossaræktarfélags eða kynbótanefnd, sbr. 33. gr., skal sjá um, að árlega séu nógu margir og góðir stóðestar, sem samþykktir eru af hrossaræktarráðunaut, til afnota fyrir hrossaeigendur. Stjórnin skal enn fremur útvega girðingar fyrir þá, koma þeim í fóður og sjá um annan kostnað, er af starfseminni leiðir. Þegar um er að ræða kaup á kynbótahesti eða að reisa nýja girðingu, þarf stjórnin samþykki lögmaets hreppsfundar, og er þá hreppssjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar. Öðrum kostnaði, sem leiðir af kynbótastarfseminni innan hreppsins, skal árlega jafnað niður með hliðsjón af tölu fæddra folalda, og eru gjöld þessi lögtakskræf.

**35. gr.**

Sé enginn stóðhestur til í hreppi, geta hrossaeigendur, er þess óska, krafizt þess, að þeim séu tryggð afnot stóðhests í öðrum hreppi eða leyft að hafa stóðhest til notkunar.

54

5. júní

**36. gr.**

Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan í heimahögum eða á afréttum, nema heimild felist til þess í lögum þessum.

Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann og flytja til hreppstjóra, er skal taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun. Sömu ákvæði gilda fyrir hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.

**37. gr.**

Finnist stóðhestur utan vörzlu, sem er merktur með bókstöfunum K eða LK á hægri lend, skal eiganda hans þegar gert viðvart. Finnist eigandi ekki innan viku, skal nálægum sýslumönnum tilkynnt um hestinn og hvaða mark sé á honum. Er þeim þá skylt að tilkynna markeiganda um hestinn. Jafnframt skal hesturinn auglýstur í útvarpi með marki, merki og einkennum. Gefi eigandi sig fram innan hálf mánaðar frá auglýsingardegi, er heimilt að afhenda honum hestinn gegn greiðslu á áföllnum kostnaði, geti hann sannað heimild sína til að merkja hestinn með kynbótahestsmerki.

Finnist ómerktur stóðhestur eða merktur kynbótahestsmerki samkvæmt 38. og 39. gr. án heimildar, skal hreppstjóri selja hann á opinberu uppboði. Vitji eigandi andvirðisins innan 6 mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, annars rennur afgangur andvirðisins í sjóð búnaðarfélags þess hrepps, þar sem hesturinn var handsamaður. Sömu ákvæði gilda um merkta stóðhesta, sem ekki er vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi, sbr. fyrri málsg. þessarar greinar.

**38. gr.**

Þegar stóðhestar hafa hlotið I. eða II. verðlaun á héraðssýningum eða afkvæmasýningum, skal hrossaræktarráðunautur gefa eigendum þeirra skriflega heimild til þess að merkja þá með kynbótahestsmerki, sem er K á hægri lend. Komi í ljós, að merktur stóðhestur er ekki til kynbóta að dómi hrossaræktarráðunautar, skal hann afnema heimildina. Hrossakynbótanefndir geta veitt leyfi til að merkja aðra stóðhesta með kynbótahestsmerki, ef ástæða er til og að fengnu leyfi hrossaræktarráðunautar.

Verði einhver uppvís að því að merkja stóðhest heimildarlaust með kynbótahestsmerkjum K eða LK (sbr. 39. gr.) á hægri lend, skal hann látinn sæta sektum samkvæmt 86. gr. þessara laga.

**39. gr.**

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að veita hreppsfélögum, einu eða fleiri sameiginlega, undanþágu frá ákvæðum um einangrun stóðhesta á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, ef það telur, að beartilönd þau, sem um er að ræða, séu svo einangruð, að öruggt megi teljast. Undanþágu þessa getur Búnaðarfélagið numið úr gildi með eins árs fyrirvara.

Til þess að undanþága þessi verði veitt, skal liggja fyrir umsókn um hana frá hlutaðeigandi hreppsnefndum. Fyrst skal málið hafa verið rætt á almennum sveitarfundum og verið samþykkt þar af  $\frac{2}{3}$  hlutum greiddra atkvæða hrossaeigenda og skal síðan hafa hlotið samþykki sýslunefnda þeirra, sem hlut eiga að máli.

Enn fremur skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum, ef undanþága þessi er veitt: Stóðhestar þeir, sem sleppt er, mega ekki vera yngri en þriggja vetra, og skulu

54 eigendur þeirra fá leyfi fyrir hvern hest. Skal hesturinn þá merktur greinilega með 5. júní stöfunum LK á hægri lend og með númeri, sem ráðunauturinn ákveður, á þá vinstri.

#### 40. gr.

Valdi stóðhestar, sem ganga lausir eða sleppa úr vörzlu, tjóni á búfé eða öðrum eignum annarra, er eigandi þeirra skaðabótaskyldur eftir mati dómkvaddra manna, ef ekki næst samkomulag um skaðabætur. Er hlutaðeigandi sveitarsjóður skyldur að annast greiðslur þessara skaðabóta, ef þess er krafizt.

#### 41. gr.

Við smölun og réttun að haustinu skulu gangnaforingjar og réttarstjórar hafa strangt eftirlit með því, að stóðhestar sleppi ekki úr stóðrekstrum, og séu þeir merktir, geta þeir krafizt skriflegra heimilda fyrir merkingu þeirra.

#### 42. gr.

Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum hrossa í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi hrossaræktarfélag. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félag þessi nefnast hrossaræktarfélag. Samþykktir búnaðarfélaga og hrossaræktarfélaga skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar.

#### 43. gr.

Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er hefur fengið samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, getur fengið styrk til kaupa á tveggja eða þriggja vetra kynbótahestum undan I. verðlauna hryssum, sem hér segir:

Styrkur til kaupa á þriggja vetra stóðhesti er þessi:

200 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

150 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur I. verðlaun fyrir afkvæmi.

125 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu.

100 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur I. verðlaun á héraðssýningu.

Styrkur til kaupa á tveggja vetra hesti er 50 kr. lægri í hverjum flokki en á þriggja vetra hesti.

Styrkurinn er enn fremur bundinn því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið I. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn II. verðlaun á héraðssýningu eða viðurkenningu hrossaræktarráðunautar um að vera slíkra verðlauna verður.

Samkvæmt þessari grein skal ekki veita styrk nema einu sinni til kaupa á sama hesti.

#### 44. gr.

Búnaðarfélag og hrossaræktarfélag geta fengið auk styrks þess, sem um ræðir í 43. gr., fóðurstyrk til stóðhestahalds, ef þau nota stóðhest, sem hlotið hefur heiðursverðlaun eða I. eða II. verðlaun á afkvæmasýningu. Styrkur þessi er 150 kr. á heiðursverðlaunahest, 100 kr. á I. verðlauna hest og 50 kr. á II. verðlauna hest.

Styrkur þessi greiðist árlega, meðan hesturinn er notaður og nýtur þessarar viðurkenningar.

## 45. gr.

54

Búnaðarfélag, hrossaræktarfélag eða hreppsfélag, er láta reisa girðingu fyrir hrossakynbótastarfsemi, fá allt að 400 kr. styrk úr ríkissjóði á hverja girðingu að verkinu loknu, þó aldrei meira en nemur efniskaupum, enda sé fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

1. Að hrossaræktarráðunautur hafi viðurkennt nauðsyn girðingarinnar.
2. Að land það, sem girt er, sé eign þess aðila, er styrksins nýtur, eða honum tryggð full afnot af landinu með leigusamningi, er gildi eigi skemmri tíma en 15 ár.
3. Að landið sé vel fallið til hrossabeitar að dómi hrossaræktarráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að girðingin sé minnst 5 gaddavirsstrengir eða úr öðru jafngildu efni, t. d. rafmagnsgirðing, og ekki lægri en 135 cm.
5. Að styrkþegi hafi skuldbundið sig með skriflegri yfirlýsingu að halda girðingunni við í að minnsta kosti 15 ár.

## 46. gr.

Heimilt er hrossaræktarfélagum að mynda með sér samband til þess sameiginlega að vinna að hrossakynbótum á sambandssvæðinu, ef eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

1. Að sambandið nái yfir minnst 10 hreppa og þátttakendur eigi minnst 1000 hryssur.
2. Að sambandið hafi sett sér lög um starfsemi sína og fengið þau samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarsambönd eða hrossaræktarsambönd, sem mynduð verða samkvæmt lögum þessum, geta árlega notið aukastyrks á hvern stóðhest, sem þau eiga og nota eða hafa á leigu, að upphæð kr. 250.00 á hvern. Styrkur þessi skal lagður í sérstakan sjóð, er stjórn sambandsins ávaxtar og notar aðeins til kaupa á kynbótahestum í stað hinna eldri, sem felldir eru eða seldir, og skal andvirði þeirra einnig renna óskipt í sjóðinn.

Stjórn sambandsins ákvarðar í hvert sinn, hvort ástæða sé til að skipta um hest eða fjölga hestum, enda liggi hvort tveggja fyrir, að grundvölluð ástæða hafi verið til að fella hestinn (hestana) og sá hestur (hestar), sem kaupa skal, sé taminn og helst reyndur kynbótahestur að dómi ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt og samþykki hans fyrir skiptunum liggi fyrir.

Aldrei skal veita styrk á fleiri stóðhesta en svo, að minnst 100 hryssur, fjögurra vetra og eldri, verði um hvern.

Ársreikningar sambanda þeirra, sem hér um ræðir, skulu sendir Búnaðarfélagi Íslands til endurskoðunar og samþykktar.

## 47. gr.

Þegar minni hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi og utanfélagsmenn vilja ekki vera í samvinnu við hann um kynbótastarfið, þá er þeim, sem í félaginu eru, ekki skylt að taka þátt í kostnaði af kynbótastarfi þeirra, sem utan félagsins eru.

## 48. gr.

Stjórnir hrossaræktarféлага eða kynbótanefndir skulu halda gerðabók, þar sem ritaðar eru allar ályktanir, reikningar, bréf og aðrar gerðir.

Reikningar kynbótastarfsins skulu árlega lagðir fram á aðalfundi og skulu endurskoðaðir með hreppsreikningum.

54

5. júní

49. gr.

Hrossaræktarráðunautur skal, eftir því sem við verður komið, ferðast um meðal bænda á vorin og sumrin og leiðbeina þeim um val á stóðhestum og hryssum til undaneldis. Hann skal mæta á þeim sveitasýningum, sem hross eru sýnd á og búnaðarsamböndin efna til, komi fram ósk um það og verði því við komið. Hrossaræktarráðunautur er formaður dómnefnda á öllum sýningum, sem haldnar eru samkvæmt þessum kafla laganna. Í forföllum ráðunautar tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað. Meðdómendur á hrossasýningum geta ekki veitt hrossi verðlaun gegn atkvæði ráðunautar, hann getur ekki heldur veitt hrossi verðlaun, nema helmingur meðdómenda sé því samþykkur.

50. gr.

Skipta skal landinu í fjögur sýningarsvæði, og hrossasýningar haldnar á þeim fjórða hvert ár. Heimilt er að sameina fjórðungsmót Landssambands hestamannafélaga héraðssýningum, og annast þá hlutaðeigandi búnaðarsamband eða sambönd um þann þátt, sem varðar sýningu kynbótagripa, í samráði við stjórn landssambandsins.

51. gr.

Til verðlauna á sýningum þeim, er um ræðir í 50. gr., leggur ríkissjóður fram 10 aura á hvert framtalið hross, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða öðrum aðilum, þar sem sýningar eru haldnar. Skal verja fé þessu til að verðlauna hryssur og enn fremur stóðhesta, er hljóta III. verðlaun á héraðssýningum. Mega þau ekki vera hærri en hér greinir:

Heiðursverðlaun á hryssu kr. 80.00.

I. verðlaun á hryssu kr. 25.00.

II. verðlaun á hryssu kr. 15.00.

III. verðlaun á hryssu kr. 7.00.

III. verðlaun á stóðhest kr. 30.00.

Verðlaun á aðra stóðhesta greiðast úr ríkissjóði, og eru heiðursverðlaun kr. 200.00, I. verðlaun kr. 100.00 og II. verðlaun kr. 60.00. Heiðursverðlaun má aðeins veita hrossum, sem afkvæmi eru sýnd með. Hryssum skulu fylgja 2 afkvæmi, en stóðhestum 4, og skulu þau vera yngst tveggja vetra.

52. gr.

Heimilt er að halda afkvæmasýningu fyrir stóðhesta, ef óskir koma fram um það og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Sýna skal undan hverjum stóðhesti ekki færri en 12 afkvæmi þriggja vetra og eldri og mæður þeirra, sem fylgja þeim á sýninguna. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðast úr ríkissjóði, og eru þau þessi:

Heiðursverðlaun kr. 180.00.

I. verðlaun kr. 100.00.

II. verðlaun kr. 60.00.

III. verðlaun kr. 40.00.

Eigi má greiða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, nema helmingur þeirra sé taminn og sýni verðmæta kosti.

Heimilt er að endurtaka afkvæmasýningu einu sinni að 4 árum liðnum fyrir þá stóðhesta, er hafa hlotið II. verðlaun.

Umsóknir um afkvæmasýningar skulu komnar til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí.

Stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands kys 2 meðdómendur á afkvæmasýningu og greiðir þeim fyrir störf þeirra, en eigandi stóðhestsins leggur til sýningarstaðinn.

Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands getur metið stóðhesta til afkvæmaverðlauna, **54** ef aðstæður torvelða eða útiloka sýningahald, en þó aðeins hesta, sem eru í eigu 5. júní búnaðarsambanda eða hrossaræktarsambanda.

#### 53. gr.

Samtökum hestamannafélaga er heimilt að halda landssýningu 4. hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal fyrir sýningarstað og hvernig sýningunni skuli hagað. Verðlaun á þessum sýningum greiðast að hálfu úr ríkissjóði gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Um upphæð verðlauna og önnur skilyrði fer samkvæmt ákvæðum 51. og 52. gr., eftir því sem við getur átt.

Umsókn um sýningarleyfi ásamt fullnægjandi upplýsingum skal vera komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí næstan áður en sýningin á að fara fram.

Samtök hestamannafélaga þeirra, er hafa á hendi forgöngu og stjórn þessara sýninga, skulu tilnefna 2 meðdómendur á sýningarnar.

Skrá skal sérstaka ættbók fyrir þau reiðhross, sem hljóta verðlaun á landsýningum þessum.

#### 54. gr.

Hrossakynbótabúi ríkisins á Hólum í Hjaltadal er heimilt, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, að kaupa úrvals kynbótahross handa búinu. Hross þessi mega ekki vera yngri en 8 vetra og öruggt, að þau búi yfir verðmætum kostum, sem erfast. Heimilt er að verja úr ríkissjóði í þessu skyni kr. 4000.00 annað hvert ár.

### V. KAFLI

#### Um svínarækt og alifuglarækt.

#### 55. gr.

Pegar Búnaðarfélag Íslands hefur ráðið til sín ráðunaut í svínarækt og alifuglarækt, er landbúnaðarráðherra heimilt að láta setja á stofn kynbótabúi í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi, eftir því sem henta þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands.

#### 56. gr.

Á kynbótabúinu skal hreinrækta þau hænsnakyn og svínakyn, sem ráðunauturinn telur rétt að rækta hér á landi. Á búinu skal vera útungunarstöð til að framleiða kynbótahænsni til sölu.

#### 57. gr.

Færa skal ættarskýrslur og afurðaskýrslur yfir svín og alifugla á kynbótabúinu undir eftirliti ráðunautarins, og gera skal samanburðartilraunir með fóðurþörf og afurðagetu hinna ýmsu kynja.

#### 58. gr.

Eftir að bú þetta hefur verið stofnsett, hefur það rétt til að flytja útungunaregg til landsins til kynbóta eða tilrauna, enda sjái ráðunauturinn um, að búið fullnægi óskum alifuglaeigenda um að hafa til sölu fugla af þeim kynjum, sem óskað er eftir og reynsla hefur sýnt, að hentug séu til ræktunar hér á landi.

#### 59. gr.

Heimilt er að halda einstaklinga- og afkvæmasýningar fyrir alifugla og svín, þar sem verðlaun eru greidd úr ríkissjóði, eftir nánari fyrirmælum, sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.



## VI. KAFLI

## Um sæðingu búfjár.

## 60. gr.

Búnaðarsambönd, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, svo og nautgriparæktarsambönd í þeim héruðum, þar sem búnaðarsambönd sinna ekki þessu verkefni, fá styrk úr ríkissjóði til þessarar starfsemi sem hér segir:

1. Stofnstyrk í eitt skipti fyrir öll, sem er  $\frac{1}{3}$  byggingarkostnaðar sæðingarstöðvar, þar með talin verkfæri og allur útbúnaður, þó ekki yfir 20 þús. kr. á stöð.
2. Rekstrarstyrk,  $\frac{1}{3}$  árslauna sérfræðings í búfjársæðingu, er starfar við sæðingarstöð og tekur laun samkvæmt VIII. flokki launalaga, enda annist stöðin sæðingu nautgripa og starfi allt árið; enn fremur kr. 3.00 á hverja sædda kú, er fang fær, og 30 aura á hverja á, sem sædd er. Styrkur skal þó eigi veittur, nema notuð séu naut, sem nautgriparæktarráðunautur mælir með. Fyrir sæðingu áa skal þessi styrkur því aðeins greiddur, að notaðir séu hrútar, sem sauðfjarræktarráðunautur mælir með.

Vinni sæðingarstöð jafnframt að sæðingu fleiri búfjártægunda, er ríkissjóði heimilt að greiða styrk til þess, sem ákveðinn skal af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélag Íslands.

## 61. gr.

Stofn- og rekstrarstyrkur til sæðingarstöðva verður ekki veittur, nema Búnaðarfélag Íslands hafi fallizt á nauðsyn þess, að stöðinni sé komið á stofn, og samþykki starfstilhögun hennar.

Stofnstyrk má aðeins veita einni sæðingarstöð í sýslu, nema Búnaðarfélag Íslands mæli með því og samþykki landbúnaðarráðherra komi til hverju sinni.

## VII. KAFLI

## Um ræktun erlendra búfjarkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.

## 62. gr.

Búnaðarfélagum, búfjarræktarfélagum, tilraunabúum og einstökum bændum, sem færa sönnur á, að þau eða þeir haldi fullkomnar ættartölubækur yfir búfé sitt, er heimilt, að fengnu leyfi stjórnar Búnaðarfélag Íslands, að gera tilraunir með myndun nýrra búfjarkynja, með blöndun við innlend og erlend búfjarkyn, sem til eru í landinu eða verða flutt til landsins með sæðisflutningum eða á annan hátt.

Tilraunir þessar skulu gerðar undir eftirliti og í samráði við ráðunauta Búnaðarfélag Íslands í búfjarrækt, er heldur sérstaka skrá yfir leyfisveitingar þessar og árangur tilraunanna á hverjum stað. Búnaðarfélag Íslands getur svipt leyfishafa fengnu leyfi, ef hann fullnægir ekki að dómi viðkomandi ráðunautar þeim fyrir-mælum, er sett verða um þessa starfsemi.

## 63. gr.

Leiði ýtarlegar og margra ára endurteknar tilraunir með blöndun erlendra búfjarkynja við íslenskt búfé í ljós, að æskilegt muni vera að mynda ný kyn með framhaldsræktun kynblendinganna, skal hlutaðeigandi ráðunautur setja reglur um, hvernig haga skuli ræktuninni og sölu gripa af hinu nýja kyni.

Ekkert undaneldisdýr af nýjum kynjum má selja, nema það sé ættbókarfært og viðurkennt af hlutaðeigandi ráðunaut hjá Búnaðarfélagi Íslands eða fulltrúa hans.

## 64. gr.

54

Heimilt er bændum að framleiða einblendinga til slátrunar og til ásetnings án þess að halda ættartölubækur, en þeim er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt slíka kynblendinga til ásetnings. 5. júní

## 65. gr.

Brot gegn því að verzla með eða afhenda óleyfilega kynblendinga af erlendum kynjum varða sektum, sem aldrei nemi minni upphæð en almennu gangverði hins selda eða afhenta fénaðar. Kynblendinga, sem seldir hafa verið eða afhentir í óleyfi, skal kaupandinn afhenda sýslumanni eða hreppstjóra, sem síðan ráðstafar þeim samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands.

## VIII. KAFLI

## Um forðagæzlu og fódurbirgðafélög.

## 66. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er starfandi fódurbirgðafélag, skulu vera forðagæzlumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á fódurbirgðum hreppsþúa og meðferð þeirra á búpeningi. — Sýslunefnd ákveður tölu forðagæzlumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar. Ef þeir eru fleiri en einn, getur hreppsnefndin skipt hreppnum í jafnmörg forðagæzlumæmi, og hefur þá hver forðagæzlumaður sitt svæði til umsjónar.

## 67. gr.

Kjósa skal forðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til 4 ára í senn, þegar hreppsnefndarkosningar fara fram. Gilda um kosningu þessa sömu reglur og um hreppsnefndarkosningar.

## 68. gr.

Skylt er forðagæzlumanni eða eftirlitsmanni fódurbirgðafélaga að fara minnst tvisvar um sveitina á hverjum vetri. Fyrri ferðinni skal vera lokið fyrir 15. nóvember, en þeirri síðari fyrir 20. apríl. Í hvorri ferð skal forðagæzlumaður athuga vandlega fódurbirgðir hjá bændum, fóðrun búfjárins og hvort sæmileg hús séu til yfir fénaðinn.

Ef forðagæzlumaður telur, að einhvern búfjáreiganda skorti fódurbirgðir eða hús yfir búfénað sinn, vanfóðri hann eða vanhvirði, skal hann tilkynna það hreppsnefnd. Skylt er þá hreppsnefnd að aðvara þegar hlutaðeigandi búfjáreiganda og gefa honum hálf mánaðar frest til úrbóta. Hafi hann að þeim tíma liðnum ekki gert þær ráðstafanir, sem hreppsnefnd og forðagæzlumaður telja fullnægjandi, er hreppsnefnd heimilt að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða láta slátra búfénaði hans, ef henta þykir.

Búfjáreigandi, sem hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er viðkomandi sýslumanni að veita hreppsnefndum stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

Forðagæzlumenn skulu gera skýrslu á þar til gerð eyðublöð um það, er lýtur að fóðrásetningi búfjáreigenda, svo sem um fódurbirgðir, tölu búpenings, skepnuhöld og fyrningar. Skýrslu þessa skal forðagæzlumaður senda sýslumanni upp úr fardögum fyrir það fardagaár, sem þá er að enda, en sýslumaður leggur skýrslurnar fyrir næsta sýslufund til athugunar. Skýrslurnar skal að því búnu senda Búnaðarfélagi Íslands, sem vinnur úr þeim í samstarfi við Hagstofu Íslands.

Fyrir starf sitt skulu forðagæzlumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

54

5. júní

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög, og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum. Þegar slíkt félag er stofnað og tekið til starfa, er forðagæzlumaður leystur frá starfi sínu.

69. gr.

70. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í harðasta vetri, og að rannsaka, hvernig bændur eigi að fódra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fódurskoðanir eigi sér stað eins oft og þurfa þykir. Skal sú fyrsta ætíð fara fram fyrir 15. nóvember.

71. gr.

Þegar menn vilja koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eða kaupstað, skal sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa á fódurum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er þá uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi verið tekið fram í fundarboði, að um þetta mál yrði rétt og greidd atkvæði um það. Samþykkt sveitarfundarins skal leggja fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar.

Samþykki sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, skal sýslumaður senda það landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist sveitarfundur á breytingartilögur sýslufundar, skal uppkastið endursent sýslumanni, sem sendir það síðan áfram til ráðuneytisins. Að öðrum kosti er samþykktin fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslufund að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri.

Virðist landbúnaðarráðuneytinu samþykkt, sem því hefur verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir. Samþykkt, sem ráðuneytið hefur staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

72. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn, og eru tveir þeirra kosnir á aðalfundi félagsins til fjögurra ára í senn, en þann þriðja kýs hreppsnefnd til sama tíma, og er hann formaður félagsins. Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður þess og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

73. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem stofnað er samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrir mælum þeirra, nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði, kr. 10.00 fyrir hvern bónda, sem í félaginu er. Enn fremur skal hlutaðeigandi sveitarsjóður leggja fram kr. 50.00 fyrir hvern félagsmann, og greiðir sveitarsjóður það á ekki lengri tíma en 10 árum með jöfnum greiðslum. Enn fremur skulu búfjáreigendur greiða árlegt gjald til félagsins eftir búfjárfjölda:

a. fyrir hvern nautgrip . . . . .	40	aura
b. fyrir hvert hross . . . . .	20	—
c. fyrir hverja sauðkind . . . . .	4	—

54

5. júní

Gjöld þessi eru lögtakskræf samkv. lögum nr. 29 16. des. 1885.

## 74. gr.

Skylt er fóðurbirgðafélagi að stofna sjóð og leggja í hann tekjuafgang hvers árs. Stjórn félagsins lánar úr sjóðnum til fóðurkaupa fyrir félagsmenn.

## 75. gr.

Komi í ljós að lokinni skoðun, sbr. 70. gr., að búfjáreigendur skorti fóður, getur stjórn félagsins lánað fé úr sjóðnum til fóðurkaupa, sbr. 74. gr. Nægi sjóður félagsins ekki til fóðurkaupa, er félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, þó ekki meira en nemur hluta hreppsins í sjóðsmynduninni, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan 5 ára.

Skylt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið.

Til tryggingar láni, er stjórn félagsins eða hreppsnefnd veitir félagsmönnum eða hreppsbúum til að bjarga bústofni þeirra frá yfirvofandi felli, er bústofninn að lögveði fyrir láninu, þar til það er að fullu greitt, þó ekki lengur en 2 ár frá lántökudegi. Lánþegi má ekki selja né ráðstafa á annan hátt bústofninum úr eigu sinni frekar en svo, að jafnan sé næg trygging í eftirstöðvum hans með vöxtum og kostnaði. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum veðböndum.

## 76. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. desember. Reikningsár félagsins er almanaksár. Skýrsluárið er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

## 77. gr.

Þegar sjóður fóðurbirgðafélagsins er orðinn svo stór, að hann nemur kr. 800.00 á hvern félagsmann, er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 73. gr. að nokkru eða öllu leyti.

## 78. gr.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemi sína, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður og tekið er fram í samþykkt félagsins.

Skýrsla þessi skal send til Búnaðarfélags Íslands fyrir júlilok, eftir að skýrsluárinu lauk. Styrkur rikissjóðs til fóðurbirgðafélaga greiðist, þegar skýrslur og reikningar þeirra hafa borizt til félagsins.

## 79. gr.

Ráðherra er heimilt, hvenær sem hann telur þess þörf, að krefjast skýrslu frá forðagæzlumönnum um það, hverjar horfur séu á fóðuröflun eða fóðurbirgðum í umdæmi þeirra.

## 80. gr.

Sýni búfjáreigandi mótþróa gegn ráðstöfunum forðagæzlumanns, hreppsnefndar eða stjórnar fóðurbirgðafélags honum til hjálpar eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur úr hor sökum fódurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi þess, er hafði hann undir hendi, að álitu forðagæzlumanns eða stjórnar fóðurbirgðafélags, er þessum aðilum skylt að tilkynna það tafarlaust sýslumanni ásamt öllum mála-vöxtum, eða hreppstjóra og hann tilkynni það aftur sýslumanni.

54

81. gr.

5. júní

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum samkv. 80. gr., skal sæta sektum frá 500 til 5000 kr. eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlu- maður, hreppsnefnd eða stjórn fóðurbirgðafélags að gera sýslumanni eða hreppstjóra viðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps, varðar það sektum.

## IX. KAFLI

## Almenn ákvæði.

82. gr.

Heimilt er að halda héraðssýningar fyrir annað búfé en hross, þegar hlutaðeig- andi héraðsstjórnir óska þess, þó ekki oftár en fjórða hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélag Íslands. Fleiri sýslur en ein eða sýsluhlutar geta verið saman um sýn- ingar þessar.

Styrkja skal slíkar sýningar að  $\frac{2}{3}$  hlutum úr ríkissjóði og að  $\frac{1}{3}$  hluta frá nautgriparæktarsambandi, sauðfjarræktarsambandi, þar sem þau starfa, ella úr hlut- aðeigandi sýslusjóðum, er hvort tveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, sem sýslusjóður veitir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd að annast undirbúning sýn- inganna. Búnaðarfélag Íslands setur um tilhögun héraðssýninga reglur, er landbún- aðarráðherra staðfestir.

83. gr.

Allar greiðslur, sem um ræðir í lögum þessum, skulu greiddar að viðbætti fullri vísitöluuppbót frá 1939, og skal, þar sem því verður við komið, miða við meðalvísitölu ársins á undan.

84. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð í samráði við Búnaðarfélag Íslands, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara.

85. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráð- herra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

86. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögglumál.

87. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 19 frá 22. marz 1948, um búfjár- rækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1954.

55

5. júní

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1954, eru veittar kr. 86 113 729.97 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

## 2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1. Póstmál .....	kr. 1 276 116.65
af kr. 1 297 405.93 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
2. Síminn .....	— 5 107 719.52
af kr. 5 664 875.56 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
3. Áfengisverzlun ríkisins .....	— 2 066 426.92
en brúttótekjur urðu kr. 16 614 121.24 umfram fjárlagaáætlun.	
5. Ríkisútvarpið .....	— 1 518 682.13
af kr. 2 633 161.64 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg .....	— 234 541.31
af kr. 464 558.43 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
7. Áburðarsala ríkisins .....	— 112 372.37
af kr. 1 197 289.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
9. Landssmiðjan .....	— 1 615 741.87
en tekjur fóru kr. 1 565 116.75 fram úr fjárlagaáætlun.	
10. Tunnuverksmiðjur ríkisins .....	— 99 299.57
af kr. 99 299.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
11. Innkaupastofnun ríkisins .....	— 132 664.58
af kr. 529 425.95 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
13. Vífilsstaðabú .....	— 58 031.09
en tekjur fóru kr. 52 534.64 umfram fjárlagaáætlun.	
14. Kópavogsbú .....	— 13 297.71
af kr. 29 456.11 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
15. Kleppsbú .....	— 94 189.92
af kr. 99 285.95 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
17. Skólabúið á Hólum .....	— 31 199.29
af kr. 34 072.94 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
18. Skólabúið á Hvanneyri .....	— 82 907.58
en tekjur fóru kr. 78 107.18 umfram fjárlagaáætlun.	

---

 Kr. 12 443 190.51

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. eru veittar .....	kr. 88 946.54
— — — — - 8. — — .....	— 433 963.00
— — — — - 10. — — .....	— 3 567 846.09
— — — — - 11. — A. — — .....	— 2 708 520.00
— — — — - 11. — B. — — .....	— 648 704.45
— — — — - 11. — C. — — .....	— 1 695 740.58
— — — — - 11. — D. — — .....	— 104 263.73

<b>55</b>	Til viðbótar við gjöldin í 12. gr.	eru veittar	.....	kr.	387 994.05
5. júní	— — — — - 13. — A.	— —	.....	—	12 103 559.51
	— — — — - 13. — B.	— —	.....	—	2 871 037.23
	— — — — - 13. — C.	— —	.....	—	287 068.41
	— — — — - 13. — D.	— —	.....	—	1 235 092.71
	— — — — - 14. — A.	— —	.....	—	1 340 918.94
	— — — — - 14. — B.	— —	.....	—	2 897 975.52
	— — — — - 15. — A.	— —	.....	—	1 024 023.36
	— — — — - 15. — B.	— —	.....	—	348 013.24
	— — — — - 16. — A.	— —	.....	—	1 292 824.21
	— — — — - 16. — B.	— —	.....	—	434 995.81
	— — — — - 17. —	— —	.....	—	375 475.40
	— — — — - 18. —	— —	.....	—	813 230.65
	— — — — - 19. —	— —	.....	—	11 427 608.10

---

 Kr. 58 530 992.04

 Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar ..... — 27 582 737.93  
 Inn fóru kr. 13 115 845.64 fram úr fjárlagaáætlun.

---

 Kr. 86 113 729.97
 

---

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

**56**

5. júní

**L Ö G**

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum, sem hafa 3000 íbúa eða fleiri, allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson,**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

57

5. júní

um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

- a. Fræðandi fyrirlestrar.
- b. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn og gesti þeirra. En sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr. 2. flokki.
- c. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara, ásamt gestum þeirra, og haldnar undir umsjá skólastjórnar.
- d. Leiksyningar Þjóðleikhússins og hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
- e. Kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé tekjum af þeim varið til menningar- eða mannúðarmála.
- f. Íþróttasýningar, sem áhugamenn einir taka þátt í, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.

Aðrar undanþágur eru óheimilar. Þó er ráðherra heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerðar-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrahús með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, Tónlistarskólann í Reykjavík, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

## 2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum, skal varið þannig, sbr. þó ákvæði 7. gr.:

- a. 50% skattsins skulu renna í félagsheimilassjóð og skal varið samkv. lögum nr. 77/1947.
- b. 50% skattsins skulu renna í rekstrarsjóð Þjóðleikhússins og skal varið samkv. ákvæðum laga nr. 86/1947.

## 3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, er verður 7. gr., og orðast þannig:

Innheimta skal skemmtanaskatt samkv. 2. gr. og viðaukum við lög þessi með 10% álagi, og skulu tekjur af því renna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

## 4. gr.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum,



57 öðrum en kvikmyndasýningum fyrir börn, og dansleikjum í kaupstöðum og kaup-  
 5. júní túnunum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Nemur gjald þetta 1 kr. á hvern seldan  
 aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og 2 kr. á hvern seldan aðgöngumiða að  
 dansleik. Gjald þetta er undanþegið álagi samkvæmt lögum nr. 91/1956 og álagi  
 samkvæmt 3. gr. laga þessara, svo og söluskatti skv. lögum nr. 96/1956 og gjaldi  
 til útflutningssjóðs skv. lögum nr. 86/1956.

Gjald þetta rennur óskipt í menningarsjóð.

Um innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um innheimtu annars  
 skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.

#### 5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 115/1951, um bráðabirgðabreyting  
 á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl., og lög nr. 85/1947,  
 um breyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en ákvæði 2. gr. skulu þó eigi koma til fram-  
 kvæmda fyrir en frá og með 1. júlí 1957.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Af hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1957—1961, að báðum árum með-  
 töldum, skulu  $\frac{3}{5}$  hlutar renna í ríkissjóð til greiðslu eftirstöðva af byggingar-  
 skuldum Þjóðleikhússins, sem ríkissjóður hefur tekið að sér að greiða, en allt að  
 $\frac{2}{5}$  hlutum er ráðherra heimilt að ráðstafa til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verði  
 sú heimild eigi notuð að einhverju eða öllu leyti, skal sá hluti, sem eigi er ráð-  
 stafað til Sinfóníuhljómsveitarinnar, renna í ríkissjóð til viðbótar við áðurgreinda  
 $\frac{3}{5}$  hluta.

Frá 1. janúar til 1. júlí 1957 skulu 4% skemmtanaskatts, sem lestrarfélög nutu  
 fyrir gildistöku laga nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn, renna til kennslu-  
 kvikmyndasafns.

*Gjört að Bessastöðum, 5. júní 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gylfi P. Gislason.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

58

6. júní

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á, að eigandi að skipi, sem veðsett er stofnlánadeildinni, hefur þörf fyrir og á kost á láni til þess að standast kostnað við endurbætur á skipinu, þá er stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita leyfi til þess, að veðsetja megi skipið með fyrsta veðrétti fyrir slíku láni, er nemi allt að  $\frac{2}{3}$  virðingarverðs endurbótanna og kaupverðs aflvélar, ef um vélaskipti er að ræða. Víkur þá hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggja einnig fyrir samþykki ábyrgðarmanna og síðari veðhafa, ef einhverjir eru, fyrir því, að veðin færast þannig aftur.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 121 20. des. 1951, um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

*Gjört í Reykjavík, 6. júní 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 77 27. júní 1921. um hlutafélög.

59

6. júní

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við orðin „samanlagðra atkvæða í félaginu“ í 2. málsg. 31. gr. laganna bætist: nema eigendur hlutabréfanna séu ríkið eða ríkisstofnanir, sveitarfélög, stofnanir þeirra eða samvinnufélög.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. júní 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

60  
7. júní

## L Ö G

### um Háskóla Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Hlutverk Háskóla Íslands.

##### 1. gr.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu og til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum.

#### II. KAFLI

##### Stjórn háskólans.

##### 2. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Rektor hefur eftirlit með daglegri starfsemi háskólans og er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum utan skólans. Hann leysir úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnarvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju. Rektor hefur með sama fyrirvara umboð til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Honum er skylt að hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnarvalda, er varða háskólann.

Háskólaráð hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum.

Áður en lögum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

##### 3. gr.

Rektor er kosinn af prófessorum háskólans til þriggja ára í senn, og eru þeir einir kjörgengir.

Rektorskosning fer fram í maímánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

Kjörgengum háskólakennara er skylt að taka við rektorskjöri, nema sérstök atvik hamli. Nú skorast sá, sem kjörinn hefur verið rektor, undan því að taka við kjöri,

og metur þá háskólaráð, hvort fallizt verði á afstöðu hans. Ef háskólaráð fellst á **60** sjónarmið hins nýkjörna rektors, skal efna hið fyrsta til nýrrar rektorskosningar. 7. júní

Rektor má endurkjósa, en honum er ekki skylt að taka við endurkjöri.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor, svo fljótt sem því verður komið við, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Ef varaforseti er forfallaður, gegni sá deildarforseti rektorsstörfum, sem lengst hefur haft á hendi kennaraembætti við háskólann. Hinn nýkjörni rektor er kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast eitt ár.

#### 4. gr.

Rektor og forsetar háskóladeildanna skipa háskólaráð. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kys ráðið úr sínum hópi til eins árs í senn.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum, og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

Ávallt er háskólaráð ræðir mál, er varða stúdenta háskólans almennt, skulu stúdentar eiga einn fulltrúa, er stúdentaráð nefnir til, á fundi háskólaráðs, og skal rektor kveðja hann á fundinn. Hefur fulltrúinn þar málfrelsi og atkvæðisrétt.

#### 5. gr.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til fundar, svo og ef einn þriðji hluti prófessora háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa, einn eða fleiri, á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar háskólaráðsmanna sækji fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum.

#### 6. gr.

Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósenta og lektora fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

#### 7. gr.

Menntamálaráðherra skipar ritara við háskólann að fengnum tillögum háskólaráðs, en háskólaráð ræður annað starfslið í skrifstofu skólans.

Háskólaráð skipar umsjónarmann með byggingum háskólans og innanstokksmunum.

Um starfslið háskólabókasafns segir í 36. gr. laga þessara, en um starfslið annarra stofnana háskólans og fyrirtækja fer eftir því, sem segir í lögum eða samþykktum þeirra.

#### 8. gr.

Heimilt er að kveða nánar á um starfslið og starfshætti rektors, háskólaráðs og háskólaritara í reglugerð.

## III. KAFLI

## Háskólakennarar og háskóladeildir.

## 9. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og viðskiptadeild, heimspekideild og verkfræðideild. Þá skal og starfa við Háskóla Íslands rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, er nefnist atvinnudeild háskólans. Viðskiptadeild skal verða sjálfstæð deild, þegar þrjú föst kennaraembætti hafa verið stofnuð í viðskiptafræðum.

## 10. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aukakennarar, aðstoðarkennarar og erlendir sendikennarar. Dósentar eru skipaðir til ótiltekins tíma, en lektorar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Aukakennarar og aðstoðarkennarar eru ráðnir til skemmri tíma og eru stundakennarar. Þegar nýr kennari, sem ekki er prófessor, ræðst til háskólans, skal taka fram, hvort hann sé dósent, lektor, aukakennari eða aðstoðarkennari. Menntamálaráðherra ákveður í samráði við háskólaráð, hverjir af kennurum háskólans, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, séu dósentar, lektorar, aukakennarar og aðstoðarkennarar.

## 11. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, menntamálaráðherra skipar dósentar að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskólaráð ræður lektora, aukakennara og aðstoðarkennara samkvæmt tillögum háskóladeilda, eftir því sem fé er veitt til.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni ítarlega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum umsækjenda, prentuðum og óprentuðum.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem kennarinn á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem eru kunnáttumenn í þeirri grein, sem umsækjendum er ætlað að kenna.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði um veitingu prófessorsembættis skuli gilda um skipun dósentar og sérfræðinga við háskólastofnanir.

## 12. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

## 13. gr.

60

Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 4. gr.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Þó skal kjörtímabil þriggja þeirra deildarforseta, sem fyrst verða kosnir eftir gildistöku laga þessara, aðeins verða eitt ár, og skal hluta um það, eftir að deildarforsetar hafa verið kjörnir, hverjir þeirra skuli gegna störfum eitt ár og hverjir tvö. Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforseta starfa og til starfa vara-deildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorast undan kjöri til deildarforseta starfa næsta kjörtímabil, eftir að hann lét af rektorsstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

## 14. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar megi sitja deildarfundi og hafa þar atkvæðisrétt.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar dósentar, lektora, aukakennara, aðstoðarkennara eða erlendra sendikennara, og skal forseti þá boða kennara á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki, sbr. þó 1. málsgrein, að því er varðar dósentar og lektora.

Nú er mál til umræðu á deildarfundi, sem varðar nemendur deildarinnar almennt, og skal deildarforseti þá kveðja á fundinn fulltrúa nemenda, einn eða fleiri, er stjórn deildarfélags nefnir til. Hafa fulltrúarnir þar málfrelsi, en eiga ekki atkvæðisrétt.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

## 15. gr.

Deildarforseta er skylt að boða til deildarfundar, ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja fundar.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur prófessora deildarinnar. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta eða þess, er gegnir forsetastörfum.

## 16. gr.

Hver deild semur lestrar- og kennsluáætlun fyrir sig, og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum og prófkröfum.

## IV. KAFLI

## Kennsla og nemendur.

## 17. gr.

Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. sept. til 31. jan. og vormisseri frá 1. febrúar til 15. júní. Háskólaráð getur ákveðið aðra missera skiptingu með samþykki menntamálaráðherra fyrir tiltekna greinar eða deildir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

60

7. júní

18. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hver sé kennsluskylda einstakra háskólakennara. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

Rektor á rétt á að vera leystur undan allt að helmingi þeirrar kennslu, sem honum var skylt að hafa með höndum, er hann tók við rektorsembætti. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðuneytis, hversu ráðstafa skuli þeim hluta kennslunnar.

19. gr.

Rektor getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki háskólaráðs, að veita kennara lausn undan kennsluskyldu um takmarkaðan tíma. Kennari sá, er lausn hefur frá kennsluskyldu, ákveður kennara í sinn stað, einn eða fleiri, með samþykki háskóladeildar og menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra ákveður launakjör staðgengils hverju sinni og hvort kennari sá, sem vikur í bili, skuli greiða laun hans að nokkru eða öllu. Nú er maður ráðinn til að gegna kennaraembætti, en ekki settur til starfans, og ákveður deild þá hverju sinni, hvort hann eigi rétt á að sitja deildarfundi og hafi þar atkvæðisrétt.

20. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvísi fyrir.

21. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald, enda hafi stúdent ekki gerzt sekur um neina þá óhæfu, sem geri það varhugavert, að dómi háskólaráðs, að veita honum skólavist.

Háskólaráð getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt stúdentspróf.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um inntöku stúdenta í einstakar deildir. Skrásetningargjöld skulu ákveðin í reglugerð.

22. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði í sambandi við skrásetningar háskólastúdenta má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum stúdentum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem háskólaráð áskilur.

23. gr.

Ákvæði um eftirlit með námsástundun háskólastúdenta má setja í reglugerð háskólans.

24. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði í háskólanum og utan hans.

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið stúdent úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerzt sekur um brot á lögum og öðrum reglum háskólans eða reynzt sekur um háttsemi, sem er ósamboðin háskólaborgara.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Einnig skal veita stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar

stjórnar í deildarfélagi stúdents, áður en brottrekstur er ráðinn samkvæmt 2. málsgrein. 60

7. júní

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu.

Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til Hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum innan 4 vikna frá því, að honum barst tilkynning um úrskurðinn. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, fyrr en úrlausn Hæstaréttar er fengin.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

#### 25. gr.

Nú er hafin réttarrannsókn gegn skrásettum háskólastúdent fyrir háttsemi, sem talin er varða við almenn hegningarlög, og skal dómari þá tilkynna það rektor þegar í stað. Rektor eða fulltrúa hans er heimilt að vera viðstaddur dómþing, þegar svo stendur á.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

#### 26. gr.

Afskipti háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni. Nú tilkynnir stúdent, að hann sé hættur námi við háskólann, og skal þá má nafn hans af stúdentatali skólans. Þá skal má nafn stúdents af stúdentatali skólans, hafi hann ekki sótt háskólann tvö kennslumisseri samfleytt, þó skal það ekki gert þótt hann sé fjarverandi allt að fjögur misseri, hafi hann tilkynnt háskóladeild sinni fjarveru sína.

### V. KAFLI

#### Próf.

#### 27. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað, er að prófunum lýtur.

#### 28. gr.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér, að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglugerð.

Munnleg próf skulu háð í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slík próf skuli halda fyrir luktum dyrum.

#### 29. gr.

Við þau próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Auk þess geta einstakar deildir samþykkt að hafa einn prófdómara úr hópi deildarkennara í öllum greinum eða nokkrum. Við meistarapróf í íslenskum fræðum dæma þó kennararnir einir.

Við þau próf, sem teljast ekki til fullnaðarprófs, skal einn kennari deildar þeirrar, sem í hlut á, gegna prófdómarastörfum samkvæmt kvaðningu deildarforseta.

Í forspjallsvísindum dæmir kennarinn einn um prófið.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur þá, sem eru ekki háskólakennarar, að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem prófdómari skal dæma,



60 eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu 7. júní skipaðir til þriggja ára í senn.

30. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsógn deildar, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

## VI. KAFLI

### Doktorar og meistarar.

31. gr.

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slika nafnbót má veita annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með einróma samþykki atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi.

32. gr.

Sá, er æskir doktorsnafnbót, skal að jafnaði hafa lokið kandidateitsprófi eða embættisprófi.

33. gr.

Sá, er æskir að taka doktorspróf, skal láta fylgja umsókn sinni vísindalega ritgerð eða ritgerðir, enda varði ritgerðir, ef því er að skipta, sama meginrannsóknarsvið og myndi nokkra heild. Umsókn skal stíluð til hlutaðeigandi háskóladeildar. Í reglugerð skulu settar reglur um doktorspróf.

34. gr.

Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur þá háskólaráð svipt hann réttinum.

35. gr.

Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein, að loknu embættis- eða kandidateitsprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Nánari reglur um meistarapróf skal setja í reglugerð.

## VII. KAFLI

### Stofnanir háskólans og eigur hans.

36. gr.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem happdrætti og kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eigum.

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavörðar að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólabókavörður skal hafa sérþekkingu í bókasafnsfræðum. Nú kennir háskólabókavörður bókasafnsfræði við háskólann, og tekur hann þá sömu laun og prófessorar. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum.

Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir.

60

Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um. 7. júní

Um tengsl atvinnudeildar háskólans við háskólann fer eftir því, sem segir í III. kafla laga nr. 68 7. maí 1940 og öðrum lögum, er þar að lúta, og um tengsl tilraunastöðvar háskólans í meinafræði við háskólann, svo sem segir í lögum nr. 11 28. febr. 1947.

## VIII. KAFLI

### Kennaraembætti og kennarastöður við Háskóla Íslands.

#### 37. gr.

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

1. í guðfræðideild 4,
2. í læknadeild 8,
3. í laga- og viðskiptadeild 6,
4. í heimspekideild 8,
5. í verkfræðideild 4.

Í reglugerð skal kveða á um, hverjar aðalkennslugreinar teljist til hvers prófessorsembættis um sig.

Nú óskar skipaður prófessor eftir því, að aðalkennslugrein hans verði breytt, er prófessorsembætti verður laust í deild hans, og getur menntamálaráðherra þá heimilað breytinguna, ef deild sú, sem í hlut á, fellst á tilmæli prófessorsins.

#### 38. gr.

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflæknis- og handlæknisdeildum Landsspítalans, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal mannelisrannsóknir í samráði við mannelisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennarinn í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

Prófessorinn í eðlisfræði er jafnframt forstöðumaður rannsóknarstofu til mælinga á geislavirkum efnum. Rannsóknarstofa þessi lýtur verkfræðideild, og skal setja ákvæði um starfsemi hennar í reglugerð Háskóla Íslands.

Prófessorinn í uppeldisfræðum skal skipuleggja kennsluæfingar nemenda í uppeldisfræðum. Hann skal halda fyrirlestra fyrir starfandi kennara og efna til námskeiða fyrir þá. Auk þess skal hann annast rannsóknir og leiðbeiningarstörf í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem kveðið verður á í reglugerð.

Prófessorinn í forspjallsvísindum hefur á hendi kennslu í uppeldisfræðum, eftir því sem samrýmist störfum hans.

#### 39. gr.

Menntamálaráðherra ákveður tölu dósentra, aukakennara og aðstoðarkennara í einstökum deildum og greinum, að fengnum tillögum háskólaráðs.

## IX. KAFLI

### Kennsla í lyfjafræði lyfsala.

#### 40. gr.

Við læknadeild skal stofna til kennslu í lyfjafræði lyfsala (pharmacia), og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

## X. KAFLI

## Gildistaka og brottfallin lög.

## 41. gr.

Lög þessi taka gildi nú þegar.

## 42. gr.

Menntamálaráðherra leitar staðfestingar forseta Íslands á reglugerð fyrir háskólann, að fengnum tillögum háskólaráðs. Í reglugerðinni er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara. Reglugerðarákvæði þau, sem í gildi eru við gildistöku laganna, halda gildi sínu, unz ný ákvæði eru sett.

## 43. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

Lög nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands, ásamt breytingarlögum nr. 78 27. júní 1941, lögum nr. 66 28. des. 1944 og lögum nr. 21 28. marz 1947.

Lög um laun háskólakennara, nr. 36 30. júlí 1909.

Lög nr. 66 28. des. 1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Lög nr. 116 28. des. 1950, um breyting á lögum nr. 66 28. des. 1944.

Lög nr. 85 24. des. 1953, um breyting á lögum nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 34 26. okt. 1917, um stofnun dósentsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Lög nr. 40 27. júní 1925, um stofnun dósentsembættis við heimspekideild Háskóla Íslands.

Lög nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara.

Lög nr. 33 23. júní 1932, um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Lög nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

Lög nr. 13 13. febr. 1943, um stofnun embættis háskólabókavarðar við Háskóla Íslands.

Lög nr. 9 24. jan. 1945, um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

Lög nr. 31 12. febr. 1945, um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.

Lög nr. 23 23. apríl 1946, um dósentsembætti í íslenzku nútímamáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands.

Lög nr. 15 6. apríl 1955, um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Lög nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins, 14. gr. B,I,4 orðin „dósentar og“ falli niður.

Lög nr. 112 30. maí 1940, um lyfjafræðingaskóla Íslands.

Lög nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara, 15. gr. — Í 20. gr. sömu laga falli niður orðin „við kennslustofnun“.

## 44. gr.

Þegar lög þessi taka gildi, skal skipa dósentu þá, sem starfa við háskólann, prófessora.

## Bráðabirgðaákvæði.

60

Stúdentar þeir, er hófu nám í skóla Apótekarafélags Íslands haustið 1955, skulu hafa sama rétt og nemendur Lyfjafræðingaskóla Íslands til þess að taka próf við læknadeild í lyfjafræði lyfsala, er veiti þau atvinnuréttindi, sem hingað til hafa fengið við fyrrihlutapróf.

7. júní

Gjört að Bessastöðum, 7. júní 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

## L Ö G

61

## um heilsuvernd í skólum.

8. júní

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Rækja skal heilsuvernd í öllum skólum landsins samkvæmt reglum, er menntamálaráðherra setur með ráði heilbrigðisstjórnar.

## 2. gr.

Framkvæmd heilsuverndar í skólum er í höndum heilbrigðisstjórnar.

## 3. gr.

Sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, skipaður af heilbrigðismálaráðherra, hefur yfirumsjón með heilsuvernd í skólum landsins og stjórnar starfi heilbrigðisstarfslíðs þess, sem annast hana, sbr. þó fyrri málsgrein 6. gr. Enn fremur hefur hann eftirlit með íþróttastarfsemi í landinu og heilsufari íþróttamanna.

Skólayfirlæknir tekur laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, og annar kostnaður við skólayfirlæknisembættið greiðist einnig úr ríkissjóði.

## 4. gr.

Við alla skóla landsins skulu vera starfandi skólalæknar. Skólalækningar eru aukastarf læknis, nema sérstaklega sé um annað samið.

## 5. gr.

Þar sem völ er á og þegar til þess hefur verið veitt fé, skal heimilt að ráða að skóla hjúkrunarkonu og tannlækni til að gegna þar störfum.

## 6. gr.

Þar sem starfandi eru heilsuverndarstöðvar, annast þær, undir umsjón skólayfirlæknis, heilsuvernd í skólum, sbr. heilsuverndarlög, nr. 44 18. maí 1955.

61 Þar sem ekki eru starfandi heilsuverndarstöðvar, gegna héraðslæknar, undir 8. júní umsjón skólayfirlæknis, skólalæknisstörfum við alla skóla í héraði sínu. Þó er heilbrigðisstjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði þar, sem nemendafjöldi er að mati hennar meiri en svo, að héraðslækni teljist kleift að annast allt eftirlitið.

## 7. gr.

Heilsuvernd skal nemendum og forráðamönnum þeirra að kostnaðarlausu í öllum skólum, sem reknir eru af ríki eða sveitarfélögum eða styrks njóta af almannafé. Kostnaður við hana telst hluti af rekstrarkostnaði hvers skóla og skiptist milli greiðsluaðila í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, eftir reglum, er fræðslumálastjórn setur hverju sinni, sbr. lög um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, nr. 41 17. maí 1955.

## 8. gr.

Öllum nemendum og starfslíði skóla er skylt að gangast undir berklaskoðun, eftir því sem fyrir er mælt í lögum og reglum um berklavarnir hverju sinni, og undir skólaskoðun, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð þar að lútandi.

## 9. gr.

Í reglugerð skal ákveðið um starfssvið og skyldur skólayfirlæknis, ráðningu, starfssvið og skyldur skólalækna, skólahjúkrunarkvenna og skólatannlækna, um þátt skólastjóra og kennara í heilsuverndarstarfi skóla, um tilhögun á skólaeftirliti heilsuverndarstöðva, um framkvæmd skólaskoðunar, um heilsuseðla og önnur eyðublöð, um börn, sem byrja skólagöngu fyrr en lög mæla fyrir, um heilbrigðisfræðslu í skólum, um heimild nemenda til að stunda íþróttir utan skólans og til að taka þátt í íþróttakeppni, um undanþágu frá námi og um fjarvistarvottorð.

## 10. gr.

Háskóli Íslands er undanþeginn lögum þessum.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Með þeim er úr gildi numinn XI. kafli laga um fræðslu barna, nr. 34 29. apríl 1946.

*Gjört í Reykjavík, 8. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Lúðvik Jósepsson.*

## L Ö G

62

8. júní

um breyting á lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyris-  
mála, fjárfestingarmála o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., hljóði þannig:

Ríkisstjórnin skipar 4 manna stjórn innflutningsskrifstofunnar til að annast þau störf, sem skrifstofunni eru falin með lögum þessum. Stjórn skrifstofunnar ræður starfsfólk hennar, en tala starfsfólks og kostnaðaráætlun skal háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. júní 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

63

21. júní

um Landsbanka Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 28. gr. laga nr. 33 29. maí 1957, um breyting á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, hef látið fella meginmál hinna fyrstnefndu laga inn í lög nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, og gef þau út svo breytt:

## I. KAFLI

## Skipulag bankans.

## 1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn. Á Norðurlandamálunum er heiti bankans Íslands Nationalbank, á ensku The National Bank of Iceland og öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn skiptist í tvær aðaldeildir, Seðlabanka Íslands og Viðskiptabanka, sem hvor um sig lýtur sérstakri stjórn. Falla veðdeild og stofnlánadeild sjávarútvegsins undir seðlabankann, en sparisjóðsdeild undir viðskiptabanka. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánnum, innlánnum og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig (seðlabanka, veðdeild, stofnlánadeild og sparisjóðsdeild).

63

21. júní

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, sbr. 18. gr., þarf sérstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknum lánum þeim, er ræðir um í lögum nr. 10 31. maí 1927, svo og lánum þeim, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

3. gr.  
Yfirstjórn Landsbanka Íslands er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum. Stjórn seðlabankans skipa fimm menn, bankastjórar hans og þrír menn skipaðir af ríkisstjórninni eftir tillögum bankaráðs til fjögurra ára í senn. Framkvæmdastjórn seðlabankans er í höndum tveggja bankastjóra, aðalbankastjóra, er forseti Íslands skipar að fengnum tillögum bankaráðs, og bankastjóra, er bankaráð ræður. Forfallist aðalbankastjóri setur ríkisstjórnin mann til að gegna störfum hans á meðan. Forfallist hinn bankastjórinn eða einhver stjórnarmanna bankans, setur bankaráð menn í þeirra stað á meðan. Framkvæmdastjórn viðskiptabankans er í höndum þriggja bankastjóra, sem bankaráð ræður.

Um stjórn bankans fer að öðru leyti eftir því, sem nánar er ákveðið í V. kafla.

4. gr.

Landsbanki Íslands hefur heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefur viðskiptabanki Landsbankans útibú þar, sem framkvæmdastjórn og bankaráð ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

## II. KAFLI

### Seðlabankinn.

5. gr.

Seðlabankinn hefur á hendi útgáfu seðla innan þeirra takmarka, er þarf til að fullnægja gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiptum.

6. gr.

Tilgangur seðlabankans er:

1. Að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir augum, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera hinn almenni gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans einkanlega að gæta þess, að fé bankans sé tryggilega fyrir komið til ávöxtunar, og sé jafnan handbært að eins miklu leyti og krafizt verður af seðlabanka. Svo ber og stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unnt er, með kaupum og sölu á erlendum gjaldreyri og verðbréfum, sem skráð eru á erlendum kauphöllum, með viðskiptum við aðrar peningastofnanir í landinu og með tilhögun útlánsstarfseminnar, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að almennar hagsveiflur hafi í för með sér.
2. Að reka bankastarfsemi eftir því, sem nánar er til tekið í lögum þessum.

7. gr.

Innskotsfé það, 2 milljónir króna, er ákveðið var með lögum nr. 50 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum, skal teljast stofnfé seðlabankans. Auk þess skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr ríkissjóði viðbótarstofnfé handa seðlabankanum, allt að 3 milljónum króna. Seðlabankinn skal safna varasjóði samkvæmt 26. gr.

## 8. gr.

63

21. júní

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna á milli í stað banka-seðla.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögu bankaráðsins, lögum og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hér á landi, og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 150. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búíð er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þó ekki sé búíð að láta hann út.

## 9. gr.

Seðlabankanum er skylt, ef þess er krafizt, að greiða seðla þá, er hann hefur gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta, en í skiptimynt, ef upphæðin er minni. Bankanum er skylt að kaupa af hverjum er þess æskir, skírt ómyntað gull á 2480 krónur hvert kílógramm, að frádregnum  $\frac{1}{2}\%$  í myntgerðarkostnað.

## 10. gr.

Seðlabankinn gefur út seðla, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefur, með takmörkunum þeim, sem greinir hér á eftir, gegn því að bankinn

1. eigi gullforða, er nemi  $\frac{3}{8}$  af því seðlamagni, sem úti er í hvert skipti. Gullforðinn má þó aldrei fara niður úr 2 milljónum króna.
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er tryggður með gullforðanum, þannig að 125 krónur komi á móti hverjum 100 krónum í seðlum.

## 11. gr.

Til gullforða telst:

- a. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
- b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minnst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli.
- c. Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem stjórn seðlabankans telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum sams konar skuldum bankans, þó eigi yfir  $\frac{1}{4}$  alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávallt vera fyrir hendi í bankanum. Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sé á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

## 12. gr.

Til eigna þeirra, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, teljast:

- a. Auðseld opinber verðbréf eftir gangverði.
- b. Önnur verðbréf, ekki hlutabréf, sem skráð eru á kauphöllum.
- c. Vixlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
- d. Inn eign í erlendum bönkum, sem fellur til útborgunar innan sex mánaða lengst, að frádregnum sams konar skuldum bankans við erlenda banka.



- 63** e. Skuldabréf, gefin út fyrir lánum gegn handveði í sams konar verðbréfum og  
21. júní þeim, sem greinir í a- og b-lið þessarar greinar.

## 13. gr.

Seðlabankanum skal skylt á hverjum tveggja vikna fresti að gefa ráðherra þeim, er fer með bankamál, skýrslu um seðla í umferð og gullforðann og eign þá, samkvæmt 12. gr. er til tryggingar seðlunum. Skulu skýrslur þessar birtar almenningi jafnóðum.

Beri skýrsla með sér, að meiri seðlar séu á umferð en lögmæt trygging er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því skýrslan er gefin.

## 14. gr.

Stjórn seðlabankans ber ábyrgð á því, að þeir seðlar, sem í umferð eru, fari aldrei fram úr nauðsynlegum þörfum viðskiptalífsins. Ráðherra sá, er fer með bankamál, getur lagt bann við aukinni útgáfu seðla, ef teljast verður, að hans dómi, umfram nauðsynlegar þarfir viðskiptalífsins.

## 15. gr.

Seðlabankinn tekur við peningum:

1. Á dálk eða í hlaupareikning, án vaxta eða með vöxtum, eftir ákvörðun stjórnar seðlabankans, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
2. Til geymslu.

## 16. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum kaup á erlendum gjaldeyri eða aðrir bankar í umboði hans. Enn fremur sölu gjaldeyris til viðskiptabanka sem stjórn seðlabankans ákveður, svo og til ríkissjóðs. Enn fremur framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki. Þá skal seðlabankinn hafa eftirlit með gjaldeyrisverzluninni samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með gjaldeyrismál, setur.

Stjórn seðlabankans ákveður, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, eftir hvaða reglum seðlabankinn kaupir afurðavíxla af viðskiptabönkum sínum. Einnig er henni heimilt, að höfðu samráði við ríkisstjórn, að kveða á um vexti banka og sparisjóði, þ. á m. um hámarksvexti fyrir hverja einstaka tegund inn- og útlána sem og dráttarvexti og aðra þóknun. Einnig að ákveða, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í seðlabankanum og þá hve miklar, enda skal stjórnnum banka og sparisjóði skylt að veita seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína svo sem um innlán og útlán.

Nánari reglur varðandi þessa grein skal setja í reglugerð, þ. á m. um viðurlög, ef fyrir mælum stjórnar bankans er ekki hlýtt.

## 17. gr.

Seðlabankanum er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.  
Víxlar þeir, sem greinir í 1. og 2. tölulið, mega ekki vera með lengra gjaldfresti en 6 mánuðum, og má eigi endurnýja þá meira en 6 mánuði samtals.
3. Að kaupa víxla, sem greiðast eiga innanlands, með allt að 12 mánaða gjaldfresti, gegn tryggu handveði eða fasteignarveði.
4. Að kaupa og selja dýra málma.
5. Að veita reikningslán gegn handveði eða fasteignarveði, og séu þau lán uppsegjanleg með 3 mánaða fyrirvara.

6. Að kaupa og selja skuldabréf ríkja, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má seðlabankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra. 63  
21. júní
7. Að lána út á verzlunarvörur, sem eigi er hætt á að skemmist á stuttum tíma, og má ekki lána út á þær meira en  $\frac{2}{3}$  gangverðs og eigi lengur en í 3 mánuði.

#### 18. gr.

Seðlabankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs sín eignum. Til þess að setja tryggingu þarf samþykki stjórnar bankans og ráðherra.

#### 19. gr.

Seðlabankinn tekur til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbréf. Hann getur tekið að sér að annast innheimtu á vöxtum og afborgunum af verðbréfum, á arðmiðum og á útdregnum skuldabréfum. Einnig getur hann tekið verðmæti til geymslu í lokuðum hölfum eða innsiglað.

#### 20. gr.

Seðlabankinn má annast alls konar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði héraðs og erlendis.

#### 21. gr.

Seðlabankinn hefur á hendi án endurgjalds öll framkvæmdastörf viðvikjandi skiptimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hvaða upphæð, sem er í löglegri íslenskri skiptimynt. Nú hefur bankinn í sjóði meiri íslenska skiptimynt en framkvæmdastjórn bankans þykir þörf á vegna viðskipta bankans, og er bankanum þá rétt að afhenda ríkisstjórninni það, sem umfram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

#### 22. gr.

Stjórn seðlabankans er skylt að gæta þess, að bankinn hafi jafnan, auk þeirra vissu og auðseldu eigna, sem ræðir um í 10. gr. 2. tölulið og 12. gr., hæfilega mikið af sams konar eignum í hlutfalli við þær skuldbindingar bankans, sem gengið verður eftir án fyrirvara. Enn fremur ber bankastjórninni, eftir því sem aukning á slíkum skuldbindingum seðlabankans gefur tilefni til, að leitast við að auka gullforða bankans eða inneignir hans erlendis.

#### 23. gr.

Starfsár seðlabankans er almanaksárið. Ársreikning seðlabankans skal birta í Stjórnartíðindunum, og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðarmót birta stutt yfirlit yfir hag bankans. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem sameinað Alþingi kys með hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Þeir skulu rannsaka reikninginn og bera saman við bækur bankans og heimafé. Þeir skulu að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafé bankans og eignir séu fyrir hendi. Að öðru leyti ber þeim að hafa eftirlit með reikningsfærslu og bókhaldi bankans og gera tillögur til stjórnar seðlabankans um umbætur í því efni, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð seðlabankans.

Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

#### 24. gr.

Reikninginn skal gera upp svo sem fyrir er mælt í reglugerð seðlabankans. Á reikningnum skal telja skuldir bankans í erlendri mynt og innieignir bankans

**63** erlendis, svo og hvers konar verðbréf, með því gangverði, sem skráð er 31. desember. Ef bankinn hefur keypt greind verðbréf lægra verði en því, sem skráð er 31. desember, má telja þau á reikningnum með kaupverðinu.

## 25. gr.

Af tekjum á árinu greiðist:

1. Allur kostnaður og rekstrarútgjöld; þó má skipta kostnaði við seðlagerð og bankabyggingar niður í allt að 10 ár.
2. Tap, sem lokið er uppgerð á, og tap, sem telja verður orðið, enda þótt ekki sé lokið uppgerð á því.
3. Enn fremur má leggja til hliðar hæfilega fjárhæð fyrir tapi, sem búast má við.

## 26. gr.

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varsjóð. Leggi ríkissjóður fram viðbótarstofnfé samkvæmt 7. grein, skal bankinn greiða ríkissjóði af því fé 6% í ársvexti, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins.

## 27. gr.

Ef árstekjur bankans hrökkva ekki til að bera tap það, sem um ræðir í 25. gr. 2. og 3. tölulið, ber varsjóður það, sem til vantar.

## 28. gr.

Seðlabankinn skal eiga fjárhæð, er nemi  $\frac{1}{3}$  af varsjóði bankans, í:

1. auðseldum erlendum ríkisskuldabréfum,
2. kröfum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum sams konar skuldum bankans.

Komi það fyrir, að bankinn verði að skerða þessa eign, skal hún jafnskjótt og unnt er aukin aftur, svo fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

## III. KAFLI

## Sparisjóðsdeild bankans.

## 29. gr.

Sparisjóðdeild tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

## 30. gr.

Sparisjóðsdeild bankans er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkja, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má sparisjóðsdeildin ekki kaupa eða selja nema í uniboði annarra.
6. Að annast að öðru leyti venjuleg bankastörf.

## 31. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, veðdeildarbréfum eða jarðræktarbréfum og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þess skal aukin upp í 30% svo fljótt sem bankaráðinu þykir tiltækilegt. Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbréf fullnægi ákvæðum þessarar greinar, sker bankaráðið úr.

## 32. gr.

Sparisjóðsdeildin skal taka þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans eftir ákvörðun bankaráðsins. Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann tóþ þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar. Um endurskoðun og reikningsskil fer eftir ákvæðum 23.—25. gr.

63

21. júní

## 33. gr.

Sparisjóðsdeildin með útibúum sínum lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu lögjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í þessum lögum.

#### IV. KAFLI

##### Veðdeild bankans.

## 34. gr.

Veðdeild annast útlánsstarfsemi gegn veði í fasteignum á Íslandi, samkvæmt sérstökum lögum og reglugerðum.

#### V. KAFLI

##### Stjórn bankans.

## 35. gr.

Bankaráð Landsbanka Íslands skal skipað 5 mönnum.

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn. Hina fjóra kys sameinað Alþingi hlutbundinni kosningu til 4 ára í senn. Formenn bankaráðs má endurskipa og hina fjóra ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa fjóra varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanna. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan varamann. Ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kys Alþingi annan mann í hans stað.

Engan má kjósa í bankaráð nema hann sé lögráða, hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er liðinn, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er. Ríkisstjórnin ákveður laun bankaráðsmanna.

Varamaður tekur laun í stað aðlmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

## 36. gr.

Bankaráðið gerir tillögu um skipun aðalbankastjóra við seðlabanka Íslands og þriggja manna í stjórn bankans. Bankaráðið ræður og einn bankastjóra við seðlabankann og þrjá bankastjóra í framkvæmdastjórn viðskiptabankans. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geti þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Enn fremur getur sá ráðherra, er fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

**63** Bankastjórar hafa að árslaunum 12000 krónur hver, og auk þess dýrtiðaruppbót, 21. júní sem bankaráðið ákveður.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum handa bankastjóranum, og 25% af laununum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara og aðalféhirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fé bankans eftir sömu reglum.

### 37. gr.

Formaður bankaráðsins hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi viðskiptabankans. Hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit, ásamt formanni.

Bankaráðið heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, 1. og 15. dag mánaðarins, eða næsta virkan dag, ef 1. eða 15. ber upp á helgidag, en annars svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti ráðsins krefst þess, eða framkvæmdastjórnin óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera, þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og framkvæmdastjórn gera sameiginlega ályktun, sbr. 39. gr. staflið h. og i.

Bankastjórnarnir eiga rétt á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er snertir bankastjórana sjálfa.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdastjórn leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fé hans sé bundið í hverri atvinnugrein, um verðbréfaeign hans, um innlánsfé í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, innieignir erlendis, og um annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

### 38. gr.

Stjórn seðlabankans hefur á hendi æðstu stjórn hans, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Hún kemur fram fyrir hönd seðlabankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni, og getur úrskurðað um öll meiri háttar mál, er bankann varðar. Hún ræður aðalféhirði seðlabankans og ákveður hve hátt veð hann skuli setja. Hún ákveður laun starfsmanna bankans, setur reglugerð um eftirlaun þeirra og úrskurðar um þau. Ríkisstjórnin ákveður laun bankastjóra seðlabankans og þóknun annarra stjórnarmanna hans. Eigi er bankastjórum seðlabankans eða öðrum í stjórn hans heimilt að vera í stjórn annarrar peningastofnunar.

Stjórn seðlabankans heldur fundi eftir þörfum. Enn fremur skal halda fund, ef einhver úr stjórninni óskar. Aðalbankastjóri boðar fundi og stjórnar þeim. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

### 39. gr.

Bankaráðinu ber, auk þess sem áður segir:

- a. Að koma fram fyrir hönd viðskiptabankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni.  
Ráðið getur úrskurðað um öll mál viðskiptabankans, sem ekki er áskilið ráðherra að úrskurða um.
- b. Að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
- c. Að ákveða verkaskiptingu á milli bankastjóra viðskiptabankans og setja þeim erindisbréf.

- d. Að skipa stjórnendur útibúa bankans og vikja þeim frá, að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar. **63**
- e. Að skipa aðalbókara og aðalféhirði bankans og ákveða laun þeirra, að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð aðalféhirðir skuli setja. **21. júní**
- f. Að ákveða laun starfsmanna bankans, setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans og úrskurða um eftirlaun þeirra.
- g. Að ákveða með samþykki framkvæmdastjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, hvar bankinn skuli hafa útibú.
- h. Að ákveða ásamt framkvæmdastjórninni forvexti og útlánsvexti bankans, séu vextir ekki ákveðnir af stjórn seðlabankans, samkvæmt 16. gr.
- i. Að ákveða ásamt framkvæmdastjórninni, hve mikið af starfsfé bankans megi vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma og ákveða aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans.
- j. Að úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóranna.
- k. Að taka ákvarðanir um eftirgjafir á skuldum án gjaldprotaskipta. Að jafnaði skal Landsbankinn ekki veita neinum skuldunaut eftirgjöf af lánum, nema árangurslaust fjárnám sé á undan gengið, eða samkvæmt opinberum nauðasamningi, þegar við getur átt.
- l. Að ákveða að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni, svo og að ákveða, að fengnum tillögum framkvæmdastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum hans (40. gr.).
- m. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.
- n. Að gera ályktun um þau mál, sem framkvæmdastjórnin leggur fyrir bankaráðið.
- Bankaráðið ákveður, hve mikið af starfsfé bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða, enda komi samþykki framkvæmdastjórnar til.

## 40. gr.

Framkvæmdastjórn viðskiptabankans hefur æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdastjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni þer að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdastjórnin heldur fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 39. gr.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sé.

## 41. gr.

Framkvæmdastjórnir bankans ráða alla þá starfsmenn bankans, sem bankaráðinu er eigi falið sérstaklega að ráða, samkvæmt 39. gr., og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

63

21. júní

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Féhirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefur samkvæmt 39. gr.

42. gr.

43. gr.

Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

Bankaráðsmenn megi ekki hafa milligöngu um lántöku annarra í bankanum.

44. gr.

Bankaráð, framkvæmdastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

45. gr.

Stofna skal eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 krónur í eitt skipti fyrir öll. Allir, sem verða fastráðnir starfsmenn í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, og leggur bankinn sjóðnum til jafnháa fjárhæð árlega. Þeir, sem eru fastráðnir starfsmenn bankans, er lögin ganga í gildi, öðlast rétt til styrks úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma. Heimilt er bankaráðinu að greiða þeim til viðbótar af fé bankans, svo að þeir njóti eigi minni styrks í heild en tilsvarendi starfsmenn, sem verða fastráðnir í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi.

Bankaráðið ákveður með reglugerð um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir greiðslum úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

## VI. KAFLI

### Sérréttindi bankans.

46. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé eða fyrir innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur framkvæmdastjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiptabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvaldaauglýsingar hér á landi, og ef enginn hefur sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefur viðtökuskírteinið eða viðskiptabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiptabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

47. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum. Landsbankinn með útibúum sínum hefur einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við geymslufé (depositum).

## 48. gr.

63

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið 21. júní kyrrsetning eða löghaldi meðan það stendur þar.

## 49. gr.

Bankanum er heimilt að áskilja sér hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignaveði.

## 50. gr.

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabréf sín til bankans, ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., um fé ómyndugra á Íslandi.

## 51. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhapp.

## 52. gr.

Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og þá skal bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvaldaauglýsingar.

## 53. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs, og sveitarsjóðs, eða annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

## 54. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða á gjaldprotaskiptum, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Landsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

## VII. KAFLI

## Niðurlagsákvæði.

## 55. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og falla þá jafnframt úr gildi lagaákvæði, er fara í báða við lög þessi.

## Ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði 9. gr. laganna gangi í gildi, þegar Alþingi ákveður. Þangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæðum c-liðs 11. gr. laganna um, að bankinn skuli draga erlendar skuldir frá innstæðu þeirri, sem telst til gullforða, svo og því ákvæði, að erlendar innstæður megi ekki fara fram úr  $\frac{1}{4}$  alls gullforðans.



- 63 Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna.  
21. júní Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1961. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ríkisstjórnin skipar í fyrsta sinn samkv. lögum þessum, er til ársloka 1962. Hið nýkjörna bankaráð skal hlutast til um, að stjórn seðlabankans og framkvæmdastjórn viðskiptabankans verði komið í það horf, sem lög þessi gera ráð fyrir.

*Gjört að Bessastöðum, 21. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

64

29. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „200 rúmlesta“ í a-lið 4. gr. laganna komi: 300 rúmlesta.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður lánar einungis gegn 1. veðrétti. Mega lán nema allt að  $\frac{2}{3}$  — tveimur þriðju hlutum — af kostnaðarverði eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og  $\frac{1}{3}$  — þremur fimmtu hlutum — til nýrra fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna útvegsins. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán þó nema allt að  $\frac{3}{4}$  — þremur fjórðu hlutum — kostnaðar- eða virðingarverðs. Um lán út á eldri skip en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar í hvert skipti. Lengsti lánstími er 20 ár.

Um útborgun lána vegna skipa í smíðum skal ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

65

13. marz

um breyting á lögum nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2., 3., 4. og 5. málsg. 7. gr. laganna orðist svo:

Eigi veðsali heimili í Reykjavík, skal afhenda skjalið til innritunar í veðmála-skrár innan þriggja vikna frá dagsetningu þess, en í öðrum kaupstöðum skal þinglýsa því á fyrsta, öðru eða þriðja bæjarþingi, eftir að það er dagsett, og fær bréfið, ef út af er brugðið, eigi veðgildi frá þinglýsingardegi, þótt síðar verði lýst.

Eigi veðsali heima utan kaupstaða, skal lýsa veðbréfinu á manntalsþingi hinu næsta eftir að það er dagsett, og fer um það sem áður segir, ef út af er brugðið. Hafi því verið þinglýst á réttum tíma, en áður sýnt, til þess að það verði ritað fyrir fram í afsals- og veðmálabókina, svo sem segir í l. nr. 30 7. maí 1928, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, og skal þá þinglýsa bréfinu að nýju á þingi þar og eigi síðar en áður segir frá þeim degi, er hann kom þangað.

Svo skal og þinglýsa öllum veðskuldbindingum, sem þegar hafa verið gefnar fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafé eða sjálfsvörzluveði í einstökum munum, ella eru þær ógildar. Skal það gera innan sama frests og að framan greinir, eftir að lög þessi ná gildi.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. marz 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

## um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 9. gr. laga nr. 45 4. júní 1957 um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, hef látið fella meginmál laganna nr. 45 1957 inn í lög nr. 81 1947 og gef lögin út svo breytt sem lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum:

## 1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af öllum íslenskum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, er nemi 2¼% af verði afurðanna.

Til íslenskra afurða telst afli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

## 2. gr.

Ríkissjóður sér um innheimtu gjaldanna, en tekjur af þeim — samkvæmt 1. gr. — skiptast þannig milli eftirtalinna aðila:

- a. Til Fiskveiðasjóðs skal verja 74% teknanna.
- b. Til að standa straum af stofnkostnaði vegna rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins skal verja 4%.
- c. Til Landssambands ísl. útvegsmanna renni 4%.
- d. Til Fiskimálasjóðs renni 18%.

## 3. gr.

Gjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef afurðir eru sendar óselðir, skal lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má, að verðar séu með umbúðum, fluttar um borð. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um, hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

## 4. gr.

Nú sannar sendandi það, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskirteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á hinar útfluttu óseldu fiskiafurðir, sé hærri en hann hefur selt þær, og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að endurgreiða mismuninn.

## 5. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs þar, sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skipið leggur frá landi.

## 6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í

hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap. 66  
25. júní

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

8. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn rikissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—50000 kr., nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í rikissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður rikissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella rikissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um innheimtu og skiptingu útflutningsgjalda af sjávarafurðum, útfluttum árið 1957, skv. ákvæðum þessara laga.

*Gjört í Reykjavík, 25. júní 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

67

11. sept.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 86 22. des. 1956, um útflutningssjóð o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl., að því er varðar innheimtu yfirfærslugjalds.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Í 16. gr. b. lið laga um útflutningssjóð o. fl. falli niður orðið „skipaleigum“.

2. gr.

Síðasti málsliður 2. málsg. 15. gr. laganna skal hljóða svo: Ríkisstjórnin getur þó undanþegið yfirfærslugjaldi skipaleigur, nauðsynleg skipagjöld og flugvélagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti og sett þau skilyrði um það, er þurfa þykir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. september 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

Stjórnartíðindi 1957, A. 8.

68

26. sept.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að upphæð álagðra útsvara hafi af ýmsum ástæðum hækkað svo mjög á síðari árum, að brýna nauðsyn beri til að breyta ákvæði 2. málsliðar 26. gr. gildandi útsvarslaga þannig, að yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd verði heimilað, að breyta útsvari, sem kært er yfir, ef það reynist að minnsta kosti 3% of hátt eða lágt, í stað 10% eins og nú er í lögum.

Fellst ég því á, með skírskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

Í stað 10% í 2. málslið 26. gr. komi 3%.

Lög þessi öðlast þegar gildi.  
2. gr.

68  
26. sept.

*Gjört að Bessastöðum, 26. september 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**  
(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

## AUGLÝSING

69  
27. júlí

**um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.**

Með erindaskiptum í París 10. apríl 1957 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tíð. A. 122/1951) framlengdur til 31. marz 1958.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanrikisráðuneytið, 27. júlí 1957.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

## AUGLÝSING

70  
27. júlí

**um framlengingu viðskiptasamkomulags mill Íslands og Svíþjóðar.**

Hinn 27. júní 1957 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1957 til 31. marz 1958. Viðskiptasamkomulag þetta er óbreytt frá fyrra ári (Stj.tíð. A. 59/1956).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanrikisráðuneytið, 27. júlí 1957.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

71

8. ágúst

## AUGLÝSING

## um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Ísrael.

Með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ísrael í Stokkhólmi, dags. 11. og 12. júní 1957 var viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ísrael frá 18. maí 1953 (Stj.tíð. A. 60/1953) framlengdur óbreyttur til 18. maí 1958.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 8. ágúst 1957.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

72

8. ágúst

## AUGLÝSING

## um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Hinn 15. júlí 1957 var undirrituð í Bonn bókun um framlengingu viðbótar-samkomulags frá 30. júní 1955 um viðskipti milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands á grundvelli viðskiptasamnings frá 20. maí 1954 (Stj.tíð. A. 89/1955). Gildir framlengingin til 30. júní 1958.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 8. ágúst 1957.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

73

6. sept.

## AUGLÝSING

## um löggilding viðauka við lyfjaskrá.

Samkvæmt tillögum heilbrigðismálaráðuneytis hefur forseta Íslands, hinn 12. ágúst 1957, þóknast að ákveða, að upphaflegur lausblaðaviðauki, Addendum til Pharmacopoea Danica 1948 1—12—1953, við gildandi lyfjaskrá hér á landi (Pharmacopoea Danica 1948, Editio IX, sbr. auglýsingu nr. 72 14. júlí 1950), svo og þrjár síðari viðaukar, 1—12—1954, 1—6—1956 og 1—12—1956, skuli löggiltir til notkunar á Íslandi frá 1. október 1957, enda kynni heilbrigðismálaráðuneytið læknum og lyfsölum löggilding viðaukanna með nauðsynlegum skýringum.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 6. september 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Baldur Möller.*

## AUGLÝSING

74

19. sept.

### um staðfesting forseta Íslands á reglugerð um nám í lyfjafræði lyfsala við læknadeild Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur hinn 18. þ. m. samkvæmt tillögu menntamálaráðherra staðfest reglugerð þá, er hér fer á eftir, um nám í lyfjafræði lyfsala við læknadeild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Deir stúdentar, er lokið hafa stúdentsprófi við stærðfræðideild í íslenskum menntaskóla, eða sambærilegu prófi, hafa aðgang að námi í lyfjafræði lyfsala.

Deildin getur þó sett lágmarkseinkunnir í einstökum greinum sem skilyrði fyrir inntöku. Enn fremur getur deildin takmarkað fjölda nemenda.

#### 2. gr.

Kenna skal fræðileg undirstöðuatriði lyfjafræði lyfsala, bókleg og verkleg. Lýkur því námi með fyrrihlutaprófi og öðlast sá, sem stent það próf, lærdóms-títillinn *examinatus pharmaciae*.

#### 3. gr.

Nám í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands miðast við þrjú kennsluár, og eru próf í lok hvers kennslutímabils.

Próf eru munnleg, skrifleg og verkleg. Við einkunnagjöf skal jafnframt stuðzt við úrlausnir æfingaverkefna, sem stúdentar hafa leyst á námstímanum.

#### 4. gr.

Á fyrsta kennsluári skal kenna:

Lyfjagerðarfræði (*pharmacia*), efnafræði (ólífræn efni), latínu, verðlagningu lyfja, lyfjalöggjöf (lyfjalögfræði) og galenska lyfjagerð með verklegum æfingum.

Að loknu fyrsta kennsluári skal stúdent vistaður til verklegs náms í lyfjabúð og Lyfjaverzlun ríkisins í samráði við aðalkennara (dósent) í lyfjafræði lyfsala.

Stúdent skal stunda hið verklega nám frá 15. júní til 15. september næsta ár með tveggja vikna sumarleyfi hvort árið. Stúdent má leysa verklegt nám af hendi á fleirum en einum stað í samráði við og með samþykki aðalkennara.

Á þriðja námsári skal kenna:

Efnafræði (lífræn efni), lyflýsingafræði, grasufræði, rekstrarfræði lyfjabúða, efnagreiningu og vörufræði með verklegum æfingum og efnafræði með verklegum æfingum.

#### 5. gr.

Við verklegt nám utan háskólans skal stúdent starfa sem hér segir: Í lyfjabúri 4 mánuði, að afgreiðslustörfum og hreinsun íláta 2 mánuði, að galenskri lyfjagerð, þar með talin töflu-, kyrni- og stungulyfjagerð og störf í rannsóknarstofu 6½ mánuð og við áfyllingar og birgðaeftirlit 1½ mánuð.

#### 6. gr.

Í byrjun annars námstímabils eru stúdent afhentar tvær verkefnaskrár, A og B, yfir verkefni (samsetningar), er hann skal leysa á verknámstíma sínum.

Samsetningar þær, sem greindar eru á verkefnaskrá A, skal stúdent búa til, semja ýtarlega og eftir föngum rökstudda greinargerð um framleiðslu þeirra og skrá í þar til gerða vinnustofubók.



74 19. sept. Samsetningar, sem greindar eru á verkefnaskrá B, skal stúdent einnig búa til, lýsa stuttlega framleiðslu þeirra og skrá í dagbók, en gera sérstaklega grein fyrir hvers konar vandkvæðum, er verkinu kunna að vera samfara.

Ef samsetning greind á verkefnaskrá B er sérstaklega auðkennd (með tilliti til þess), má heimila stúdent að búa til aðra sams konar í hennar stað.

#### 7. gr.

Á verknámstíma utan háskólans skal stúdent færa dagbók og vinnustofubók.

Dagbók er færð frá þeim tíma, er stúdent hefur verklegt nám utan háskólans og þar til því námi lýkur. Þar skal geta hvers konar lyfjagerðar og annarra verka, er stúdent hefur starfað að á þessum hluta námstímans.

Bókin skal vera með tölusettum blöðum, stærð hennar 297 mm × 210 mm (form A — 4). Í bókina skal skrifað með bleki.

Á fyrstu síðu standi nafn stúdents og nafn þeirrar stofnunar, er stúdent hefur starfað við á verknámstíma sínum, að viðbættu ártali og dagsetningu, er námstími hófst og honum lauk.

Í lok bókarinnar skal vera: 1) Efnisyfirlit (með blaðsíðutali) um samsetningar þær, sem stúdent hefur búið til og greindar eru á verkefnaskrá B ásamt tölu samsetningar á verkefnaskrá. 2) Svo hljóðandi yfirlýsing dagsett og undirrituð af stúdent: „Bók þessa hef ég sjálfur fært nákvæmlega og samvirkusamlega.“ 3) Svo hljóðandi vottorð dagsett og undirritað af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er stúdent hefur starfað hjá: „Það vottast hér með, að ofangreind yfirlýsing er rétt.“

Ef stúdent starfar á tveim (eða fleiri stöðum) utan háskólans, þá skiptist dagbók í tvo (eða fleiri) hluta, en hvorum (hverjum) um sig skal fylgja sams konar yfirlýsing frá stúdent og vottorð frá forstöðumanni, er að ofan greinir. Efnisyfirlit skal þó vera í einu lagi í lok bókarinnar.

Vinnustofubók skal stúdent færa og skrá þar ýtarlega og eftir föngum rökstudda lýsingu á samsetningum þeim, er greindar eru á verkefnaskrá A og búnar hafa verið til á verknámstíma utan háskólans. Skal stúdent skýra frá með eigin orðum, hvað hann hefur gert og hvers vegna hann hefur farið þannig að. Ef um efnabreytingar er að ræða, skal þeirra getið með líkingum ásamt stökíometrískum útreikningum, þar sem við á.

Bókin skal vera með tölusettum blöðum og sömu stærðar sem dagbók. Heimilt er þó að nota laus blöð, jafnstór, er þá skulu heft í bókarform eða gegnumdregin og innsiglið að verknámstíma loknum af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er stúdent hefur starfað hjá.

Á fyrstu síðu skal standa nafn þeirrar stofnunar, er stúdent hefur starfað hjá á verknámstíma sínum, að viðbættu ártali og dagsetningu, er námstími hófst og honum lauk. Á næstu síðu komi í þeirri röð, sem hér segir: 1) Efnisyfirlit (með blaðsíðutali). 2) Lýsing á tilbúningi þeirra samsetninga, sem greindar eru á verkefnaskrá A, í þeirri röð, sem þær voru búnar til. 3) Svo hljóðandi yfirlýsing dagsett og undirskrifuð af stúdent: „Samsetningar þær, er greinir á bls. . . . til bls. . . . í bók þessari hef ég sjálfur búið til, og sömuleiðis hef ég sjálfur samið lýsingarnar á verknámstíma mínum í . . . . .“. 4) Svohljóðandi vottorð dagsett og undirskrifuð af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er stúdent hefur starfað hjá: „Það vottast hér með, að ofangreind yfirlýsing er rétt.“

Ef stúdent starfar á tveim (eða fleiri) stöðum utan háskólans, skiptist vinnustofubók hans — að efnisyfirliti undanskildu — í tvo (eða fleiri) hluta, en hvorum (hverjum) um sig skal fylgja sams konar yfirlýsing frá stúdent og vottorð frá forstöðumanni, er af ofan greinir.

Bezt fer á, að allt sé skráð í eina bók. Ef svo er ekki, skal það greinilega tekið

fram í báðum (öllum) heftum vinnustofubókar, en heildaryfirlit skal vera í fyrra 74  
(fyrsta) hefti bókarinnar.

19. sept.

Stúdent skilar dagbók og vinnustofubók, er hann segir sig til miðprófs.

## 8. gr.

Við gjöf einkunna skal farið eftir Örstedskerfi, og eru einkunnir og stigagildi þeirra sem hér segir:

Einkunnir	6	Stigagildi	8
—	$5\frac{2}{3}$	—	$7\frac{2}{3}$
—	$5\frac{1}{3}$	—	$7\frac{1}{3}$
—	5	—	7
—	$4\frac{2}{3}$	—	$6\frac{1}{3}$
—	$4\frac{1}{3}$	—	$5\frac{2}{3}$
—	4	—	5
—	$3\frac{2}{3}$	—	$3\frac{2}{3}$
—	$3\frac{1}{3}$	—	$2\frac{1}{3}$
—	3	—	1
—	$2\frac{2}{3}$	—	$\div 1\frac{2}{3}$
—	$2\frac{1}{3}$	—	$\div 4\frac{1}{3}$
—	2	—	$\div 7$
—	$1\frac{2}{3}$	—	$\div 12\frac{1}{3}$
—	$1\frac{1}{3}$	—	$\div 17\frac{2}{3}$
—	1	—	$\div 23$

Við gjöf einkunna hlýtur stúdent þá einkunn, er næst liggur meðaltali einkunna prófanda og prófdómara.

Frá 7.50—8.00 að stigagildi er ágætiseinkunn, frá 6.00—7.49 er I. einkunn og frá 5.00—5.99 er II. einkunn.

Til að standast próf verður stúdent að hafa fengið a. m. k. 5.00 í hverri af þessum verklegu greinum: galenskri lyfjagerð, búrvinnu og efnagreiningu ásamt vörubekkingu og ekki minna en 5.00 að meðaltali í hverjum einstökum hluta fyrir sig.

## 9. gr.

Prófum í lyfjafræði lyfsala er skipt í þrjá hluta, og eru prófgreinar og gildi einkunna í hverri prófgrein sem hér segir:

## Upphafspróf:

Skriflegt:

Lyfjagerðarfræði: tvöföld einkunn, efnafræði (ólifræn efni): tvöföld einkunn, verðlagning lyfja: einföld einkunn.

Munnlegt:

Latína: einföld einkunn, lyfjalöggjöf: einföld einkunn.

Verklegt:

Galensk lyfjagerð: einföld einkunn.

## Miðpróf:

Verklegt:

Galensk lyfjagerð: tvöföld einkunn, lyfjagerð eftir lyfseðli: tvöföld einkunn.

## 74 Lokapróf:

19. sept.

Skriflegt:

Efnafræði (lífræn efni): tvöföld einkunn, lyflýsingafræði: einföld einkunn, grasfræði: einföld einkunn, rekstrarfræði lyfjabúða: einföld einkunn.

Verklegt:

Efnafræði: tvöföld einkunn, efnagreining og vörufræði: einföld einkunn.

Áður en stúdent segir sig til upphafsprófs skal hann leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið og lokið tilbúningi eigi færri en 15 galenska samsetninga, sem greindar eru á verkefnaskrá A.

Þá er stúdent segir sig til miðprófs skal hann hafa staðizt upphafspróf og lokið tilbúningi allra þeirra samsetninga, sem greindar eru á verkefnaskrá A og B og skilað dagbók og vinnustofubók, er kennari og prófdómendur meta gilda.

Einkunn við próf í verklegri galenskri lyfjagerð skal miða að hálfu við vinnustofudagbók og að hálfu við frammistöðu á prófinu sjálfu.

Á sama hátt skal miða einkunn fyrir lyfjagerð eftir lyfseðli að hálfu við dagbók og að hálfu við frammistöðu á prófinu sjálfu.

Þegar stúdent segir sig til lokaprófs skal hann hafa lokið miðprófi og leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið og lokið eigi færri en 15 verklegum æfingum í efnafræði.

Nú stentz stúdent eigi upphafspróf eða lokapróf og er honum þá heimilt að þreyta próf aftur að ári liðnu, enda hafi hann haldið námi áfram við háskólann a. m. k. eitt kennslumisseri, eftir að honum fataðist prófið.

Standist stúdent ekki miðpróf er honum heimilt að þreyta prófið aftur að ári liðnu, enda hafi hann þá starfað eigi skemur en níu mánuði við verklegt nám í greininni, frá því honum fataðist prófið.

Nú óskar stúdent, sem eigi hefur staðizt próf eða gengið frá prófi, að þreyta próf að nýju, og verður hann þá að þreyta próf í öllum greinum í því prófi.

Prófandi velur prófverkefni í hverri grein hins munnlega og verklega prófs, en í samráði við prófdómara í skriflegum greinum.

Engan hluta prófs má þreyta oftast en tvisvar og prófi skal lokið eigi síðar en sex árum eftir að stúdent var skráður í deildina.

Undanþágu má veita, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni háskólans.

Hafi stúdent þyrjað á prófi, en gengið frá því, getur hann ekki sagt sig til prófs að nýju fyrr en að ári liðnu.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 40. gr. 1. nr. 60 frá 7. júní 1957 og öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 19. september 1957.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*

**FORSETA BRÉF**

75

24. sept.

um að reglulegt Alþingi 1957 skuli koma saman til fundar  
fimmtudaginn 10. október 1957.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1957 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst klukkan 13.30.

*Gjört að Bessastöðum, 24. september 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**AUGLÝSING**

76

29. sept.

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í embættiserindum til útlanda og mun verða fjarverandi um hríð.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 29. september 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Birgir Thorlacius.*

**BRÉF**

77

9. okt.

**HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS**

um setningu Alþingis.

**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:*

Að vér veitum forsætisráðherra, Hermann Jónassyni, umboð til þess í voru nafni að setja Alþingi, 77. löggjafarþing, er koma á saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1957.

*Gjört í Reykjavík, 9. október 1957.*

**Hermann Jónasson.**

**Emil Jónsson.**

**Jónatan Hallvarðsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

A 34

78  
14. okt.

## AUGLÝSING

um fullgildingu á stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

Hinn 31. maí 1957 samþykkti Alþingi þingsályktun um að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, sem samþykkt var hinn 26. október 1956 á alþjóðafundi í bæki-stöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

Fullgildingarskjal Íslands var afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku hinn 6. ágúst 1957.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 14. október 1957.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

---

*Henrik Sv. Björnsson.*

79  
14. okt.

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 14. október 1957.*

**Hermann Jónasson.**

---

*Birgir Thorlacius.*

80  
7. nóv.

## L Ö G

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1957.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinningar í símahappdrætti því, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur efnt til á árinu 1957, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, nema eignarskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. nóvember 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

81

9. des.

um breyting á lögum nr. 54 5. júní 1957, um húfjarrækt.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

66. gr. laganna orðist svo:

Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er starfandi fóðurbirgðafélag, skulu vera forðagæzlumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á fóðurbirgðum innan sveitarfélagsins og meðferð á húpeningi. — Sýslunefnd ákveður tölu forðagæzlumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar, en bæjarstjórn í kaupstöðum. Ef þeir eru fleiri en einn, má skipta umdæminu í jafnmörg forðagæzlusvæði, og hefur þá hver forðagæzlumaður sitt svæði til umsjónar.

## 2. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn kýs forðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til 4 ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 9. desember 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

82

14. des.

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1958 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

## 2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

14. des. 22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, skal ekki greiða söluskatt, enda hafi aðilar þessir, eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá, ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
- b. Greiða skal 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðspóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

*Gjört að Bessastöðum, 14. desember 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

83

20. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1958 með viðauka.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1958 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

## 2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

*Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## FORSETA BRÉF

84

20. des.

frestun á fundum Alþingis.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 77. löggjafarþings, frá 20. desember 1957, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 4. febrúar 1958.

*Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*



## L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á árinu 1958 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:
- a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aorum af kg í stað 1 eyris.
  - b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

Á árinu 1958 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og hækkunum samkvæmt þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1958.

## 2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafla	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	— — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkja-samninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

## 3. gr.

Á árinu 1958 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

85

20. des.

Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

## FJÁRLÖG

86

24. des.

fyrir árið 1958.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## Tekjur:

1. gr.

Árið 1958 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur .....	118 000 000	
2. Stríðsgróðaskattur .....	14000000	
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga .....	7000000	
	<hr/>	125 000 000
3. Vörumagnstollur .....	36 000 000	
4. Verðtollur .....	174 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni .....	17 000 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum .....	11 000 000	
	<hr/>	238 000 000
7. Tekjur samkv. lögum um útflutningssjóð o. fl. ....		90 000 000
8. Lestagjald af skipum .....	300 000	
9. Bifreiðaskattur .....	13 000 000	
	<hr/>	13 300 000
10. Aukatekjur .....	12 500 000	
11. Stimpilgjald .....	20 000 000	
12. Vitagjald .....	1 700 000	
13. Leyfisbréflagjald .....	600 000	
14. Útflutningsleyfagjöld .....	800 000	
	<hr/>	35 600 000
15. Söluskattur .....		115 000 000
16. Leyfisgjöld .....		6 500 000
	<hr/>	
Samtals ...	. . .	623 400 000

## Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
<b>A.</b>		
1. Rekstrarhagnaður landssímans .....	7 412 000	
2. — áfengisverzlunar .....	96 000 000	
3. — tóbakseinkasölu .....	70 000 000	
4. — ríkisprentsmiðju .....	500 000	173 912 000
÷ Rekstrarhalli póstsjóðs .....	1 100 000	
— ríkisbúa .....	59 000	1 159 000
Samtals ...	. . .	172 753 000
<b>Sundurliðun.</b>		
<b>1. Póstsjóður.</b>		
I. Tekjur .....		20 550 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður .....	1 120 000	
2. Pósthúsið í Reykjavík .....	9 480 000	
3. Önnur pósthús .....	4 700 000	
4. Póstflutningar .....	4 950 000	
5. Önnur gjöld .....	1 400 000	21 650 000
Rekstrarhalli, færður á 3. gr. A.	. . .	1 100 000
<b>2. Landssíminn.</b>		
I. Tekjur .....		83 097 000
II. Gjöld:		
a. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans	2800000	
2. Ritsímastöðin í Reykjavík .....	7700000	
3. Loftskreytastöðin í Reykjavík .....	740000	
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík .....	1600000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnar- firði .....	23500000	
6. Birgðahúsið .....	1000000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri .....	1860000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði .....	910000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði .....	1210000	
10. Ritsímastöðin í Hrótafirði .....	600000	
11. Ritsímastöðin í Vestmannaeyjum ...	1210000	
12. Ritsímastöðin á Siglufirði .....	1090000	
13. Til annarra símastöðva og eftirlits- stöðva .....	11100000	
		55 320 000
b. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ....	1 000 000	
c. Viðbót og viðhald stöðva .....	4 000 000	
d. Viðhald landssímanna .....	11 000 000	
e. Framhaldsgjald .....	525 000	
f. Ýmis gjöld .....	750 000	
g. Fyrning á húsum og áhöldum .....	790 000	
h. Vextir af lánum .....	1 600 000	

		3. gr.	
		kr.	kr.
			<b>86</b>
			24. des.
i. Almannatryggingar .....		580 000	
j. Atvinnuleysistryggingasjóður .....		120 000	
			75 685 000
Fært á 3. gr. A. 1		. . .	7 412 000
<b>Eignabreytingar landssímans.</b>			
Út.			
I. Afborganir af lánnum og til húsakaupa .....			2 370 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa			2 150 000
III. Til talstöðva í báta og skip .....			290 000
IV. Til loftskæptastöðva í skip .....			210 000
V. Til nýrra landssímalína og fjölgunar símarása ....			800 000
VI. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum .....			1 100 000
VII. Til undirbúnings stuttbylgjusambands við Hornafjörð			1 800 000
VIII. Til sjálfvirkrar stöðvar í Keflavík og nágrenni .....			750 000
IX. Til póst- og símahúss á Raufarhöfn .....			300 000
X. Til stuttbylgjusambands við Borgarnes .....			350 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.		. . .	10 120 000
<b>3. Áfengisverzlun ríkisins.</b>			
I. Tekjur (brúttó-hagnaður) .....			109 439 804
II. Gjöld:			
1. a. Grunnlaun .....	2279128		
b. Verðlagsuppbót .....	1891676		
		4 170 804	
2. Kostnaður við áfengisútsölu .....		1 144 000	
3. Annar rekstrarkostnaður .....		2 125 000	
4. Tillag til gæzluvistarsjóðs .....		1 500 000	
5. Útsvar .....		4 500 000	
			13 439 804
Verði lokun útsölu samþykkt á fjárhagsárinu samkv. 10. gr. áfengislaganna, skal sú ráðstöfun koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir að úrslit atkvæðagreiðslu hafa verið tilkynnt ríkisstjórninni.			
Fært á 3. gr. A. 2		. . .	96 000 000
<b>4. Tóbakseinkasala ríkisins.</b>			
I. Tekjur (brúttó-hagnaður) .....			76 953 748
II. Gjöld:			
1. a. Grunnlaun .....	739753		
b. Verðlagsuppbót .....	613995		
		1 353 748	
2. Annar rekstrarkostnaður .....		2 300 000	
3. Útsvar .....		3 300 000	
			6 953 748
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	70 000 000

86  
24. des.

		kr.	kr.
<b>5. Ríkisútvarpið.</b>			
<b>I. Tekjur:</b>			
a.	Afnotagjöld .....	8 600 000	
b.	Aðrar tekjur .....	4 700 000	13 300 000
<b>II. Gjöld:</b>			
a. Laun:			
1.	Grunnlaun .....	2164829	
2.	Verðlagsuppbót .....	1796808	
3.	Aukavinna .....	800000	
		<u>4 761 637</u>	
b.	Útvarpsefni .....	2 775 000	
c.	Skrifstofukostnaður .....	800 000	
d.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	700 000	
e.	Til útvarpsstöðva .....	1 300 000	
f.	Til viðgerðarferða o. fl. ....	300 000	
g.	Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins .....	300 000	
h.	Vegna höfundalaganna .....	450 000	
i.	Óviss útgjöld .....	250 000	
j.	Bifreiðakostnaður .....	100 000	
k.	Fyrning á húsum og vélum .....	140 000	
			<u>11 876 637</u>
<b>III. Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju:</b>			
a.	Tekjur .....	765 000	1 423 363
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a.	Grunnlaun .....	151800	
b.	Verðlagsuppbót .....	125994	
		<u>277794</u>	
2.	Efni .....	250000	
3.	Annar kostnaður .....	235000	
		<u>762 794</u>	2 206
<b>IV. Rekstur viðtækjaverzlunar:</b>			
a.	Tekjur .....	1 656 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a.	Grunnlaun .....	245400	
b.	Verðlagsuppbót .....	203682	
		<u>449082</u>	
2.	Annar kostnaður .....	270918	
		<u>720 000</u>	
		936 000	
	Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins ....	561600	
	Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands .....	374400	
		<u>936 000</u>	
			1 425 569
	Til framkvæmdasjóðs .....		1 000 000
	Aukið rekstrarfé ríkisútvarpsins .....		425 569

3. gr.

86

24. des.

	kr.	kr.
<b>6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.</b>		
I. Tekjur (prentvinna) .....		5 800 000
II. Gjöld:		
1. a. Laun starfsmanna:		
1. Grunnlaun .....	207200	
2. Verðlagsuppbót .....	171976	
	<u>379176</u>	
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:		
1. Grunnlaun .....	1420000	
2. Verðlagsuppbót .....	1178600	
	<u>2598600</u>	
2. Efnivörur .....	2 977 776	
3. Vélarekstur og viðhald .....	1 290 000	
4. Annar kostnaður .....	162 224	
5. Fyrning .....	750 000	
	<u>120 000</u>	
		5 300 000
		<u>500 000</u>
Fært á 3. gr. A. 4	. . .	500 000
<b>7. Áburðarsala ríkisins.</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	120000	
2. Verðlagsuppbót .....	99600	
	<u>219600</u>	
b. Annar kostnaður .....	480400	
	<u>700 000</u>	
÷ Tekjur af vörusölu .....	700 000	
		4 525 000
<b>8. Landssmiðjan.</b>		
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.) .....		4 525 000
II. Gjöld:		
1. Laun starfsmanna:		
a. Grunnlaun .....	408180	
b. Verðlagsuppbót .....	338789	
	<u>746 969</u>	
2. Vextir .....	500 000	
3. Fyrning .....	1 000 000	
4. Annar kostnaður .....	2 250 000	
Aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar .....	28 031	
		4 525 000
<b>9. Tunnuverksmiðjur ríkisins.</b>		
I. Tekjur .....		11 584 000
II. Gjöld:		
1. Laun og skrifstofukostnaður .....	112 000	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn) .....	7 440 000	
3. Verkalaun .....	2 256 000	
4. Annar kostnaður .....	1 776 000	
		11 584 000

		kr.	kr.
<b>10. Innkaupastofnun ríkisins.</b>			
I.	Tekjur af vörusölu .....		595 000
II.	Gjöld:		
1.	Laun:		
a.	Grunnlaun .....	205126	
b.	Verðlagsuppbót .....	170253	
		<u>375 379</u>	
2.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	80 500	
3.	Annar kostnaður .....	139 121	
			<u>595 000</u>
<b>11. Ríkisbú.</b>			
a.	Á Bessastöðum.		
1.	Tekjur .....	621 000	
2.	Gjöld .....	715 000	
	Rekstrarhalli		94 000
b.	Á Hvanneyri.		
1.	Tekjur .....	900000	
2.	Gjöld .....	897000	
		<u>3 000</u>	
c.	Á Hólum.		
1.	Tekjur .....	440000	
2.	Gjöld .....	435000	
		<u>5 000</u>	
d.	Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).		
1.	Tekjur .....	330000	
2.	Gjöld .....	320000	
		<u>10 000</u>	
e.	Á Vífilsstöðum.		
1.	Tekjur .....	744000	
2.	Gjöld .....	740000	
		<u>4 000</u>	
f.	Í Kópavogi.		
1.	Tekjur .....	113000	
2.	Gjöld .....	103000	
		<u>10 000</u>	
g.	Á Kleppi.		
1.	Tekjur .....	558000	
2.	Gjöld .....	555000	
		<u>3 000</u>	
			<u>35 000</u>
	Rekstrarhalli, færður á 3. gr. A.	. . .	59 000
	<b>B.</b>		
	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar .....		10 000

## 4. gr.

86

## Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjäreign o. fl.

24. des.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands .....		57 000
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands, 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Aðrir vextir .....		1 500 000
4. Arður af hlutafjäreign .....		263 000
Samtals ...	. . .	2 000 000

## 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 6 500 000 krónur.



## II. KAFLI

## Gjöld:

## 6. gr.

Árið 1958 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

## 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán .....		4 816 053
2. Lán í dönskum krónum .....		45 170
3. Lán í dollurum .....		21 298
Samtals ...	. . .	4 882 521

## 8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands .....	186 660	
2. Risna .....	70 000	
		256 660
II. Skrifstofa forseta í Reykjavík .....		260 000
III. Bifreiðakostnaður .....		280 000
IV. Forsetasetrið á Bessastöðum .....		300 000
V. Bessastaðakirkja .....		15 000
Samtals ...	. . .	1 111 660

## 9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar .....		7 000 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga .....		50 000
3. Fyrning á alþingishúsi .....		2 797
Samtals ...	. . .	7 052 797

## 10. gr.

86

24. des.

## Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

	kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:		
1. Til ráðherra:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	354600	
2. Verðlagsuppbót .....	294318	
	<u>648918</u>	
b. Til risnu samkvæmt reikningi .....	100000	
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra .....	3000	
2. Húsaleiguuppbót .....	1260	
	<u>4260</u>	
d. Ríkisráð .....	9000	
	<u>762 178</u>	
2. Til ráðuneytanna:		
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun .....	222000	
2. Verðlagsuppbót .....	168324	
	<u>390324</u>	
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun .....	523125	
2. Verðlagsuppbót .....	434193	
	<u>957318</u>	
c. Félagsmálaráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun .....	380800	
2. Verðlagsuppbót .....	316064	
	<u>696864</u>	
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun .....	376200	
2. Verðlagsuppbót .....	312246	
	<u>688446</u>	
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun:		
1. Grunnlaun .....	725100	
2. Verðlagsuppbót .....	601833	
	<u>1326933</u>	
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	246900	
2. Verðlagsuppbót .....	187995	
	<u>434895</u>	
b. Fálkaorðan .....	30000	
	<u>464895</u>	
f. Samgöngumálaráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun .....	110400	
2. Verðlagsuppbót .....	91632	
	<u>202032</u>	
g. Utanríkisráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun .....	380940	
2. Verðlagsuppbót .....	299248	
	<u>680188</u>	

86  
24. des.

		kr.	kr.
h.	Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun:		
	1. Grunnlaun .....	286400	
	2. Verðlagsuppbót .....	237712	
		<u>524112</u>	
i.	Viðskiptamálaráðuneytið, laun:		
	1. Grunnlaun .....	155700	
	2. Verðlagsuppbót .....	127239	
		<u>282939</u>	
j.	Aðrir starfsmenn, laun:		
	1. Grunnlaun .....	97200	
	2. Verðlagsuppbót .....	80676	
		<u>177876</u>	
k.	Símakostnaður og burðargjöld .....	875000	
l.	Annar kostnaður ráðuneytanna .....	2400000	
		<u>9 666 927</u>	
3.	Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:		
a.	Laun:		
	1. Grunnlaun .....	640289	
	2. Verðlagsuppbót .....	531439	
		<u>1171728</u>	
b.	Annar kostnaður .....	250000	
		<u>1 421 728</u>	
4.	Ýmis kostnaður:		
a.	Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga (áætlað) .....	130000	
b.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi ..	400000	
c.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað .....	100000	
d.	Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað .....	2400	
		<u>632 400</u>	
			12 483 233
II. A.	Hagstofan:		
a.	Laun:		
	1. Grunnlaun með uppbót ..	539800	
	2. Verðlagsuppbót .....	448034	
		<u>987834</u>	
b.	Aukaaðstoð .....	62000	
c.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	167000	
d.	Prentun eyðublaða .....	25000	
e.	Húsaleiga, hiti og ljós .....	82000	
f.	Annar kostnaður .....	165000	
		<u>1 488 834</u>	
B.	Þjóðskráin:		
a.	Laun:		
	1. Grunnlaun .....	129600	
	2. Verðlagsuppbót .....	107569	
		<u>237169</u>	

		kr.	kr.	86 24. des.
b.	Aukaaðstoð .....	230000		
c.	Húsaleiga, hiti og ljós .....	35000		
d.	Annar kostnaður .....	230000		
		<u>732169</u>		
÷	Tekjur .....	155116		
			577 053	
				2 065 887
<b>III. Utanríkismál:</b>				
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:				
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	401701		
b.	Laun starfsfólks utan launalaga ....	64028		
c.	Annar kostnaður .....	60900		
		<u>526 629</u>	526 629	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:				
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	410085		
b.	Laun annarra starfsmanna .....	49027		
c.	Annar kostnaður .....	111624		
		<u>570 736</u>	570 736	
3. Sendiráðið í London:				
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	588041		
b.	Laun annarra starfsmanna .....	161268		
c.	Annar kostnaður .....	183421		
		<u>932 730</u>	932 730	
4. Sendiráðið í Washington:				
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	568982		
b.	Laun annarra starfsmanna .....	191980		
c.	Annar kostnaður .....	112828		
		<u>873 790</u>	873 790	
5. Sendiráðið í París:				
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	901125		
b.	Laun annarra starfsmanna .....	159022		
c.	Annar kostnaður .....	225829		
		<u>1 285 976</u>	1 285 976	
6. Sendiráðið í Osló:				
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	407609		
b.	Laun annarra starfsmanna .....	14843		
c.	Annar kostnaður .....	75277		
		<u>497 729</u>	497 729	
7. Sendiráðið í Bonn:				
a.	Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	481559		
b.	Laun annarra starfsmanna .....	26309		
c.	Annar kostnaður .....	91507		
		<u>599 375</u>	599 375	

86  
24. des.

		kr.	kr.
8.	Sendiráðið í Moskva:		
	a. Laun samkv. launalögum .....	726958	
	b. Laun annarra starfsmanna .....	85190	
	c. Annar kostnaður .....	178900	
			991 048
9.	Skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC:		
	a. Laun samkv. launalögum .....	340740	
	b. Laun annarra starfsmanna .....	84806	
	c. Annar kostnaður .....	161378	
			586 924
10.	Aðalræðismannsskrifstofan í New York:		
	a. Laun samkv. launalögum .....	73831	
	b. Annar kostnaður .....	51114	
			124 945
11.	Ræðismannsskrifstofan í Hamborg .....		92 800
12.	Ferðakostnaður .....		174 000
13.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins .....		600 000
14.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins .....		800 000
15.	Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi .....		139 000
16.	Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar .....		40 600
17.	Til kjörræðismanna .....		20 000
18.	Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins og annar utanfarar-kostnaður .....		360 000
			9 216 282
	Samtals ...	. . .	23 765 402

## 11. gr.

86

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt: 24. des.

	kr.	kr.
<b>A. Dómgæzla og lögreglustjórn.</b>		
<b>1. Hæstiréttur:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	393900	
2. Verðlagsuppbót .....	326937	
	<hr/>	
	720 837	
b. Risna dómsforseta .....	10 000	
c. Útgáfa hæstaréttardóma .....	250 000	
d. Annar kostnaður .....	200 000	
	<hr/>	
		1 180 837
<b>2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	472700	
2. Verðlagsuppbót .....	392341	
	<hr/>	
	865 041	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	240 000	
c. Annar kostnaður .....	120 000	
	<hr/>	
		1 225 041
<b>3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	372600	
2. Verðlagsuppbót .....	304776	
	<hr/>	
	677 376	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	66 000	
c. Annar kostnaður .....	60 000	
	<hr/>	
		803 376
<b>4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	588456	
2. Verðlagsuppbót .....	488418	
	<hr/>	
	1 076 874	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	230 000	
c. Annar kostnaður .....	520 000	
	<hr/>	
		1 826 874
<b>5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	411438	
2. Verðlagsuppbót .....	341493	
	<hr/>	
	752 931	
b. Aukavinna .....	135 000	
c. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður .....	260 000	
d. Annar kostnaður .....	150 000	
	<hr/>	
		1 297 931
<b>6. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	143100	
2. Verðlagsuppbót .....	118773	
	<hr/>	
	261 873	

86  
24. des.

	kr.	kr.
b. Hiti, ljós og ræsting .....	70 000	
c. Annar kostnaður .....	170 000	501 873
7. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	957600	
2. Verðlagsuppbót .....	794808	
	<u>1 752 408</u>	
b. Skrifstofukostnaður:		
1. Grunnlaun .....	2569160	
2. Verðlagsuppbót .....	2023839	
3. Annar kostnaður .....	2020000	
	<u>6612999</u>	
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins .....	1100000	
	<u>5 512 999</u>	
c. Einkennishúningar héraðsdómara .....	250 000	
d. Viðhald embættisbústaða .....	300 000	7 815 407
8. Laun hreppstjóra:		
a. Grunnlaun .....	635 000	
b. Verðlagsuppbót .....	527 050	1 162 050
9. Lögreglukostnaður:		
a. Ríkislögreglan í Reykjavík:		
1. Laun lögregluþjóna:		
a. Grunnlaun .....	1110450	
b. Verðlagsuppbót .....	921673	
	<u>2032123</u>	
2. Álag á næturvinnu og aukavinnu ....	304944	
3. Einkennisfatnaður og tryggingar .....	304600	
4. Bifreiðakostnaður .....	550000	
5. Æfingaskáli og gufubaðstofa .....	25000	
6. Kostnaður vegna kvenlögreglu .....	17000	
7. Áhöld, námskeiðskostnaður o. fl. ....	85000	
	<u>3 318 667</u>	
b. Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli:		
1. Laun lögregluþjóna:		
a. Grunnlaun .....	1022200	
b. Verðlagsuppbót .....	848423	
	<u>1870623</u>	
2. Álag á næturvinnu .....	220000	
3. Einkennisfatnaður .....	200000	
4. Bifreiðakostnaður og tryggingar .....	400000	
5. Fæðisstyrkur lögreglumanna .....	327600	
6. Annar kostnaður .....	90000	
	<u>3 108 223</u>	
c. Ríkislögreglan utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:		
1. Laun lögregluþjóna:		
a. Grunnlaun .....	309150	
b. Verðlagsuppbót .....	256594	
	<u>565744</u>	

## 11. gr.

	kr.	kr.	86 24. des.
2. Einkennisfatnaður og tryggingar .....	79857		
3. Álag á næturvinnu .....	41990		
	<u>687 591</u>		
d. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Siglufirði .....	60 000		
e. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Raufarhöfn .....	25 000		
f. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Seyðisfirði og Vopnafirði .....	50 000		
g. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Þórshöfn .....	15 000		
h. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Húsavík .....	15 000		
i. Til sumarlöggæzlu í Neskaupstað .....	10 000		
j. Til sumarlöggæzlu í Ólafsfirði .....	10 000		
k. Til löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð ....	20 000		
l. Kostnaður við löggæzlu í Sandgerði á vertíðum ...	20 000		
m. Hluti rikissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík ..	2 200 000		
n. Til kaupa á talstöðvum í bifreiðar .....	35 000		
o. Ýmis annar lögreglukostnaður .....	550 000		
		<u>10 124 481</u>	
10. Til kostnaðar við landhelgisgæzlu .....		16 500 000	
11. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:			
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun .....	193950		
b. Verðlagsuppbót .....	160977		
	<u>354927</u>		
2. Næturvinnuálag .....	48673		
3. Annar kostnaður .....	510000		
	<u>913600</u>		
(Þar af fyrning kr. 1144.)			
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar .....	456800		
	<u>456 800</u>		
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun .....	333300		
b. Verðlagsuppbót .....	276639		
	<u>609939</u>		
2. Annar kostnaður .....	1030000		
	<u>1639939</u>		
(Þar af fyrning kr. 806.)			
÷ Tekjur .....	250000		
	<u>1 389 939</u>		
c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, ½ kostnaður .....	73 000		
d. Kostnaður við önnur fangahús .....	60 000		
	<u>1 979 739</u>		
12. Til byggingar fangahúsa .....		500 000	
13. Kostnaður við sakamál og lögreglumál .....	900 000		
÷ Endurgreiddur málskostnaður .....	300 000		
	<u>600 000</u>		



86  
24. des.

	kr.	kr.
14. Til fangahjálpar, samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra		60 000
15. Kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum		70 000
16. Laun sjó- og verzlunardómsmanna		140 000
17. Kostnaður við störf setu- og varadómara		150 000
18. Kostnaður við félagsdóm:		
a. Laun félagsdómsmanna	60 000	
b. Annar kostnaður	10 000	
c. Til útgáfu IV. b. dóma Félagsdóms	20 000	
		90 000
19. a. Laun sáttamanna í vinnudeilum	21 217	
b. Annar kostnaður	50 000	
		71 217
Samtals A. ...	. . .	46 098 826
<b>B. Opinbert eftirlit.</b>		
1. Skipaskoðun ríkisins:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	330432	
2. Verðlagsuppbót	263890	
		594 322
b. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði (áætlað)	100 000	
c. Ferðakostnaður	45 000	
d. Annar kostnaður	110 000	
	849 322	
÷ Tekjur	420 000	
		429 322
2. Öryggiseftirlit ríkisins:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	237600	
2. Verðlagsuppbót	197208	
		434 808
b. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði (áætlað)	55 000	
c. Annar kostnaður	200 000	
	689 808	
÷ Tekjur	689 808	
3. Bifreiðæftirlit ríkisins:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	520000	
2. Verðlagsuppbót	431600	
		951 600
b. Annar kostnaður	800 000	
	1 751 600	
÷ Tekjur	1 751 600	

## 11. gr.

		kr.	kr.	86 24. des.
<b>4. Löggildingarstofan:</b>				
a. Laun:				
1. Grunnlaun .....	149400			
2. Verðlagsuppbót .....	124002			
		273 402		
b. Annar kostnaður .....		220 000		
		493 402		
÷ Tekjur .....		255 000		
			238 402	
<b>5. Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:</b>				
a. Laun:				
1. Grunnlaun .....	219800			
2. Verðlagsuppbót .....	177034			
		396 834		
b. Ferðakostnaður við eftirlit .....		50 000		
c. Mælingarkostnaður, helmingsþáttaka ríkissjóðs ...		85 000		
d. Annar kostnaður .....		140 000		
e. Kostnaður við loftmyndatöku .....		50 000		
		721 834		
÷ Tekjur .....		721 834		
<b>6. Matvælaeftirlitið:</b>				
a. Laun:				
1. Grunnlaun með uppbót .....	70860			
2. Verðlagsuppbót .....	53197			
		124 057		
b. Annar kostnaður .....		225 000		
			349 057	
<b>7. Kostnaður við mat á afurðum:</b>				
a. Fiskmat:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun .....	470700			
b. Verðlagsuppbót .....	384705			
		855405		
2. Til afleysinga í sumarleyfum og forföllum		72300		
3. Skrifstofukostnaður .....		190000		
4. Kostnaður við eftirlit með fiskaðgerð o. fl. samkvæmt 12. gr. laga um fiskmat frá 5. apríl 1948 .....		8000		
5. Kostnaður við tilraunir með nýjar verk- unaraðferðir samkv. 15. gr. sömu laga ..		10000		
6. Kostnaður við námskeið fiskmatsmanna		30000		
7. Ferðakostnaður .....		390000		
		1 555 705		
b. Sildarmat:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun .....	33000			
b. Verðlagsuppbót .....	27390			
		60390		

		kr.	kr.
2.	Tímakaup matsmanna .....	220200	
3.	Annar kostnaður .....	57000	
		337590	
	÷ Tekjur .....	200000	
			137 590
c. Laun kjötmatsmanna:			
1.	Grunnlaun .....	17550	
2.	Verðlagsuppbót .....	14566	
			32 116
d. Laun ullarmatsmanna:			
1.	Grunnlaun .....	26910	
2.	Verðlagsuppbót .....	22334	
			49 244
e. Laun lýsismatsmanns:			
1.	Grunnlaun .....	9000	
2.	Verðlagsuppbót .....	7470	
			16 470
f.	Ferðakostnaður matsmanna .....		150 000
			1 941 125
8.	Kostnaður við vörumerkjaskráningu .....		12 000
9.	Eftirlit með opinberum sjóðum .....		19 000
10.	Kostnaður við öryggisráð .....		40 000
11. Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a. Laun:			
1.	Grunnlaun .....	46350	
2.	Verðlagsuppbót .....	38470	
			84 820
b.	Annar kostnaður .....		100 000
			184 820
12. Eftirlit með sparisjóðum:			
a. Laun:			
1.	Grunnlaun .....	26100	
2.	Verðlagsuppbót .....	21663	
			47 763
b.	Ferðakostnaður .....		5 000
			52 763
13.	Húsaleiguetfirlit .....		148 000
14.	Kostnaður við embættiseftirlitsferðir .....		35 000
	Samtals B. ...	. . .	3 449 489
C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.			
I. Tollar:			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1.	Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:		
a.	Grunnlaun .....	2339650	
b.	Verðlagsuppbót .....	1941909	
			4281559

		11. gr.	
		kr.	kr.
			86 24. des.
2.	Lausavinna .....	500000	
3.	Húsaleiga, ljós og hiti .....	200000	
4.	Símakostnaður og burðargjald .....	190000	
5.	Annar kostnaður .....	950000	
		<hr/>	
		6 121 559	
<b>b. Tollgæzla:</b>			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1.	Grunnlaun .....	1722426	
2.	Verðlagsuppbót .....	1429613	
		<hr/>	
		3152039	
b.	Húsaleiga, ljós og hiti .....	430000	
c.	Símakostnaður .....	35000	
d.	Annar kostnaður .....	1244000	
		<hr/>	
		4 861 039	
2. Á Keflavíkurflugvelli:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1.	Grunnlaun .....	280300	
2.	Verðlagsuppbót .....	232648	
		<hr/>	
		512948	
b.	Álag á næturvinnu .....	65000	
c.	Einkennisfatnaður .....	55000	
d.	Hiti og ljós .....	22000	
e.	Fæðisstyrkur tollvarða .....	84000	
f.	Annar kostnaður .....	130000	
g.	Kostnaður við toleftirlit á varnar- stöðvum utan Keflavíkurflugvallar ..	110000	
		<hr/>	
		978 948	
3. Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflug- vallar:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1.	Grunnlaun .....	529950	
2.	Verðlagsuppbót .....	439858	
		<hr/>	
		969808	
b.	Annar kostnaður .....	750000	
		<hr/>	
		1 719 808	
		<hr/>	
			13 681 354
<b>II. Skattar:</b>			
a. Ríkisskattanevnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfs- manna:			
a.	Grunnlaun .....	211500	
b.	Verðlagsuppbót .....	115785	
		<hr/>	
		327285	
2.	Annar kostnaður .....	85000	
		<hr/>	
		412 285	
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
a.	Grunnlaun .....	1036200	
b.	Verðlagsuppbót .....	860046	
		<hr/>	
		1896246	

	kr.	kr.
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	650000	
3. Tímavinna .....	1250000	
